

34
Gullið í garðinum



36
„Það gerir þetta enginn fyrir okkur“



14
Sjálfbær áburðarframleiðsla

# Bændablaðið

13. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 6. júlí ● Blað nr. 637 ● 29 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Þeir eru að eigin sögn hvatvísir bræður úr Kópavogi sem hafa engan bakgrunn í garðyrkju. Þeir eru þó „þokkalega“ framkvæmdaglaðir og tóku upp á því að kaupa sér garðyrkjustöð fyrir fjórum árum. Seinna keyptu þeir fyrirtæki sem framleiðir sprettur og síðan fylgdu kaup á annarri veglegri garðyrkjustöð. Í dag eru þeir Pétur Haukur og Ágúst Loftssynir meðal stærstu salatframleiðenda landsins. – *Sjá nánar á síðum 32–33.* Mynd / Karl Ólafsson

## Letjandi skipulag

**Einn helsti ásteytingarsteinn í íslenskri skógrækt er skipulagsmál.**

Ganga megi svo langt að segja að þau haldi íslenskri skógrækt í gíslingu og góðu uppbyggingarstarfi fyrir sjálfbærni niðri. Þetta segir Hlynur G. Sigurðsson, sérfræðingur búgreinadeildar skógarbænda hjá BÍ. „Ótrúlega flókið getur verið að koma skógræktarverkefnum í gegnum skipulagsferli og hreinlega letjandi fyrir margan,“ segir hann. Auðveldasta og besta lausnin sé að samþykkja að skógrækt sé landbúnaður innan skipulagslaga, á það þrýsti allur skógargeirinn.

„Ef það er markmið stjórnvalda að auka skógrækt og þar með kolefnisbindingu þá vantar upp á samræmingu milli sveitarfélaga, bæði hvað varðar skipulagsmál og hver beri kostnað af fornminjaskráningu,“ segir Sigríður Hrefna Pálsdóttir, skógræktarráðgjafi hjá Skógræktinni og formaður Skógræktarfélags Eyjafjarðar. Oft sé fornminjaskráningar krafist áður en framkvæmdaleyfi er veitt og sá kostnaður lendi á skógræktandanum og valdi því að fólk jafnvel hætti við að fara í skógrækt. „Á sumum stöðum hafa sveitarfélögin sjálf séð um kostnað af fornminjaskráningum þannig að þau sem vilja í skógrækt sitja ekki við sama borð og fer eftir því í hvaða sveitarfélagi þau búa hversu hár byrjunarkostnaðurinn er við að hefja skógrækt,“ segir Sigríður. */sá*

*Sjá nánar á síðum 20–22.*

### Lífeyrissjóður bænda:

# Stjórnin sprakk vegna trúnaðarbrests

**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda (LSB) er í upplausn. Fjórir af fimm stjórnarmönnum sjóðsins sögðu af sér í júní og hefur verið boðað til aukaársfundar í ágúst til að manna stjórn og varastjórn. Upp kom ágreiningur um framtíð sjóðsins sem leiddi til trúnaðarbrests.**

Formaður stjórnarinnar, Skúli Bjarnason, sagði af sér þann 2. júní og í kjölfarið fylgdu úrsagnir Ernu Bjarnadóttur og Guðbjargar Jónsdóttur þann 13. júní og Örn Bergsson sagði sig úr stjórn þann 14. júní.

Aðeins einn stjórnarmeðlimur, Guðrún Lárusdóttir, situr því enn. Auk hennar hafa tveir varamenn, þau Jóhann Már Sigurbjörnsson og Oddný Steina Valsdóttir, tekið sæti í stjórn, sem er því aðeins skipuð þremur mönnum. Guðrún er nýr formaður stjórnar og Jóhann varaformaður.

Aukaársfundur hefur verið boðaður þann 31. ágúst nk. þar sem fram fer kosning til stjórnar sjóðsins ásamt samþykktabreytingum, að því er fram kemur á vefsíðu lífeyrissjóðsins.

Guðrún Lárusdóttir segir að starfsemi sjóðsins sé með óbreyttum hætti.

### *Telja hagsmuni sjóðfélaga betur borgið með sameiningu*

Í yfirlýsingu frá þeim Ernu, Guðbjörgu og Erni kemur fram að vegna stöðu sjóðsins hafi stjórn LSB þótt nauðsynlegt að skoða hvort hagsmunum sjóðfélaga væri betur borgið til lengri tíma litið með því að kanna möguleika á að breyta starfsemi sjóðsins og skoða sameiningu við annan og stærri sjóð.

Ekki hafi náðst samstaða um málið á vettvangi sjóðsins og leiddi það meðal annars til trúnaðarbrests, sem varð til þess að þau sögðu sig úr stjórninni. Yfirlýsinguna má lesa í fullri lengd á síðu 52. Í henni segir enn fremur: „Þá lá einnig til grundvallar að sjóðurinn er og hefur verið að horfa fram á aukna lífeyrisbyrði, samfara hækkun á meðalaldri sjóðfélaga.“

Samkvæmt samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið heldur utan um var lífeyrisbyrði sjóðsins 276% árið 2022. Það þýðir að sjóðurinn er að borga 2,76 krónur út fyrir hverja 1 krónu sem kemur inn. Er það með hæsta móti miðað við aðra lífeyrissjóði landsins samkvæmt samantektinni.

### *Tími minni lífeyrissjóða liðinn*

Örn Bergsson, bóndi á Hofi í Öræfum, hafði setið lengst allra í stjórn sjóðsins, í tæp 24 ár. „Ég tel að tími minni lífeyrissjóða sé liðinn. Það er allt of dýrt að reka minni sjóði og þeir eiga minni möguleika á að ná góðri ávöxtun. Sem dæmi þá eru Norðmenn með einn lífeyrissjóð fyrir fimm milljónir manna en á Íslandi eru tuttugu sjóðir fyrir 400.000 manns.“

Hann segir að þegar ljóst yrði að ekki yrði farið í þá vegferð að sameina Lífeyrissjóð bænda við stærri sjóð hafi hann talið sig ekki stætt á að sitja áfram. Hann telur hagsmuni sjóðfélaga betur borgið með því að sameinast stærri sjóði enda séu viðsjárverðir tímar á fjármálamörkuðum.

### *Aðstæður erfiðar*

Í ávarpi Skúla Bjarnasonar, fyrrv. formanns stjórnar, í ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2022 kemur fram að eftir þrjú hagstæð ár hvað ávöxtun varðar hafi aðstæður fyrir lífeyrissjóði á öllum eignamörkuðum verið mjög erfiðar. Nafnávöxtun allra eignaflokka hafi verið lítil sem engin eða neikvæð og á sama tíma hafi verðbólga verið meiri en þekkst hafi um langt skeið.

Lífeyrissjóður bænda tók til starfa í ársbyrjun 1971 og hefur frá árinu 2018 starfað á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, með síðari breytingum og samþykktum er fyrir sjóðinn gilda. Sjóðfélagar voru í árslok 2022 alls 10.768 talsins en greiðandi virkir sjóðfélagar 2.030 skv. ársskýrslu. Starfsmenn sjóðsins eru fjórir. */ghp*

FRÉTTIR

# Engar breytingar í sumar á reglum um útrýmingu

**Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á reglugerð um útrýmingu á riðuveiki í sauðfé í sumar.**

Starfshópur var skipaður í lok maí sem var falið að skila tillögum til matvælaráðherra 1. nóvember varðandi nýja nálgun við útrýmingu á riðuveiki. Hópnum var falið að vinna að greiningu á núverandi stöðu, útfærslu á aðferðafræði við ræktun fjár með verndandi arfgerðir og mati á breyttri nálgun aðgerða gegn riðuveiki.

Í svari matvælaráðuneytisins, við fyrirspurn um mögulegar breytingar í sumar á reglunum, kemur fram að á meðan sérfræðingahópurinn sé að störfum mun ráðuneytið ekki leggja til breytingar á þeim reglum sem gilda um útrýmingu á riðuveiki enda munu breytingar byggja á tillögum sérfræðingahópsins. Heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um útrýmingu á riðu muni fara fram þegar sérfræðingahópurinn hefur skilað tillögum sínum.

Í fyrirspurninni var einnig spurt um efni stöðuskýrslu sem til stóð að starfshópurinn skilaði 15. júní. Í svarinu kemur fram að yfirdýralæknir hafi verið í leyfi frá störfum á þeim tíma og því hafi skýrslunni ekki verið skilað, en áætlað sé að henni verði skilað á næstunni.

Af svörum ráðuneytisins er ljóst að ekki stendur til að breyta reglum um bótagreiðslur til bænda sem hafa lent í niðurskurði. Í svörunum kemur þó fram að enn sé unnið að samningum um bótagreiðslur við bændur í Miðfirði.

*/smh*



Hlutfall innflutts kjúklingakjöts frá Úkraínu reyndist 44% af innanlandsframleiðslu í maí. Mynd /ghp

# Innflutningsmet

**Tæp 273 tonn af úkraínsku kjúklingakjöti var flutt hingað til lands í maímánuði og er það langstærsti innflutningsmánuður frá upphafi.**

Frá því innflytjendur fóru að kaupa inn kjúklingakjöt frá Úkraínu í september á síðasta ári og fram í apríl voru rúm 297 tonn flutt inn. Heildarinnflutningur á tollfrjálsu kjúklingakjöti reynist því 570 tonn og um 48% þess var flutt inn í maí samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Langstærsti hluti kjötsins sem flutt var inn í maí var úrbeinað, en leiðrétt fyrir beinahlutfalli reynist heildarmagnið 365 tonn. Innanlandsframleiðsla af kjúklingakjöti nam tæpum 826 tonnum. Hlutfall innflutta kjúklingakjötsins er því 44% af innanlandsframleiðslu maímánaðar.

Tímabundin einhliða niðurfelling tolla á vörur sem upprunnar eru í Úkraínu féll niður 31. maí síðastliðinn.

*/ghp*

## Leiðrétting

Í umfjöllun um fálkaorðuhafa í tólfta tölublaði Bændablaðsins var rangt farið með nafn orðuhafa. Aðalgeir Egilsson var sagður vera Aðalsteinn en það er hér með leiðrétt. Aðalgeir, bóndi á Mánárbakka í Tjörnesi, var sæmdur riddarakrossi fyrir framlag til veðurathugana og minjavörslu þann 17. júní sl. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

*/ghp*






Í Þverárrétt 2022. Þveráraafréttur er sá eini í sveitarfélaginu Borgarbyggð sem er afgirtur. Mynd / ÁL

## Borgarbyggð:

# Auglýst eftir smala

**Borgarbyggð birti á dögunum auglýsingu þar sem óskað er eftir aðilum til að sinna smölun ágangsfjár á fjallskilaumdæmi Þverárréttar.**

Viðkomandi aðili þarf að geta brugðist við beðni sveitarfélagsins um að smala og keyra fé á afrétt, hafi eigendur ekki fjarlægt lausagöngufé sitt af þeim svæðum sem því er ekki heimilt að vera.

Sigrún Ólafsdóttir, formaður umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar, segir sveitarfélagið ekki vera að grípa til allsherjar banns við lausagöngu búfjár, heldur afmarkist þetta við fjallskilaumdæmi Þverárréttar. Frumkvæðið kemur frá fjallskilanefndinni sjálfri og verða bændur skyldaðir til að reka fé sitt á afrétt eða halda afgirtu á heimalöndum. Sigrún tekur fram að Þverárafréttur sé sá eini í sveitarfélaginu sem er afgirtur og því sé þetta eini staðurinn þar sem hægt er að leggja þessa kröfu á bændur.

### *Búfjáreigendur fá reikning*

Samkvæmt Sigrúnu á þetta að vera lokaúrræði ef búfjáreigendur bregðast ekki við í tíma og sé fyrirkomulagið til reynslu til eins árs. Sveitarfélagið ætlar að horfa til þess hvað tekið er fyrir smölun á landsvísu og fá smalarnir greitt með hliðsjón af því. Viðkomandi búfjáreigendur munu þá fá reikning frá sveitarfélaginu. Á fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar 20. júní kom fram að virkjuð hefði verið 6. grein fjallskilasamþykktar númer 683/2015 í fjallskilaumdæmi Þverárréttaruppreksstrar.

Í áðurnefndri grein segir meðal annars: „Sveitarstjórnir fjallskilaumdæmisins geta skyldað ábúendur jarða sem afréttarnot hafa til að flytja fé sitt á afrétt telji hún þess þörf.“ Sveitarstjórnin segir til um hvenær opnað er fyrir rekstur fjár upp á afréttinn, en fram að því skuli bændur hafa féð heima. Ekki var talin ástæða til að breyta neinum reglum þar sem þessi grein var til staðar.

Sigrún segir að þegar greinin var virkjuð var ljóst að sveitarfélagið þyrfti að geta brugðist við kvörtunum um búfé, sem annaðhvort væri ekki á afrétti eða afgirt á heimalöndum.

Sveitarfélagið leiti því að vönum smölum, sem eiga þjálfaða hunda og búnað til að flytja fé, til að sinna útköllum.

Flóahreppur hefur jafnframt auglýst eftir aðila til að sinna smölun og vörslu ágangsfjár innan marka sveitarfélagsins. Þar er tekið fram að ef ágangsfé fer inn á afgirt svæði, skuli landeigendur snúa sér til sveitarstjórnar. Fjárhirðir Flóahrepps skal vera til taks ef eigendur búfjár bregðast ekki við umkvörtunum.

*/ÁL*

## Riðuveiki:

# Fimm af sjö breytileikum virðast með mótstöðu

**Á upplýsingafundi um riðuveiki í sauðfé í Varmahlíð 21. júní kom fram að fimm breytileikar í mismunandi samsetningu sem finnast hér á landi og hafa verið næmisprófaðar fyrir riðusmiti virðast vera með mótstöðu.**

Einungis tveir breytileikar reyndust næmir fyrir smiti. Þá voru kynntar niðurstöður rannsókna um að sótthreinsun eftir niðurskurð komi ekki í veg fyrir endursmit.

Hópur erlendra og íslenskra riðusérfræðinga tók þátt í fundarhöldum sem voru tvískipt. Aðdragandinn var þannig að Karólína Elísabetardóttir hafði 2021 samband við þýska vísindamanninn Christine Fast sem stofnaði í kjölfarið rannsóknarhóp leiðandi príonsérfræðinga úr sex löndum. Þessi hópur hittist núna í fyrsta skipti hér á landi. Karólína segir í aðsendri grein hér í blaðinu, bls. 48-49, frá heimsókn hinna erlendu sérfræðinga og vettvangsferð þeirra um þekkt íslensk riðusvæði – auk þess að greina frá helstu niðurstöðum frá fundunum.

Þar kemur fram að samkvæmt niðurstöðum úr umfangsmiklum næmisrannsóknum á íslenskum arfgerðum sem voru gerðar í Frakklandi, reyndust eingöngu breytileikarnir VRQ og ARQ vera næmar fyrir riðusmiti. Hinir fimm breytileikarnir fimm virðast vera verndandi. Þessar niðurstöður kynnti franski vísindamaðurinn Vincent Béringue, sem hefur haft veg og vanda af þessum prófunum.

### *Sótthreinsun hindrar ekki endursmit*

Breski vísindamaðurinn Ben Maddison kynnti líka markverðar niðurstöður á fundinum úr rannsóknum um takmörkuð áhrif sótthreinsunar á bæjum eftir riðusmit. Á Englandi hafa þessi áhrif verið rannsökuð í meira en 20 ár og er mat Bens að þrátt fyrir sótthreinsun sé augljóst að áhættan sé alltaf til staðar á endursmiti. Niðurskurður og sótthreinsun getur ekki komið í veg fyrir að riða komi upp aftur og að eingöngu ónæmar arfgerðir tryggja að ekkert endursmit geti átt sér stað.



Frá fundarhöldunum í Varmahlíð.

Í grein Karólínu kemur fram að almennt hafi komið erlendu gestunum mjög á óvart hversu vel upplýstir, vel menntaðir og gestrisnir íslensku bændurnir voru sem þeir kynntust í heimsóknum og á fundum – sérstaklega í samanburði við bændur í heimalöndunum þeirra.

*/smh*




**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR




# Matvælaverðsþróun heima og heiman

**Hækkanir á matvælaverði hafa verið hóflegri hér á landi en í löndum sem við berum okkur oft saman við.**

Það er hægt að lesa úr tölum Trading Economics sem vinnur úr upplýsingum frá opinberum hagstofum viðkomandi landa og setur fram með samræmdum hætti.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun matvöruverðs í sex löndum sem Íslendingar þekkja almennt nokkuð til í. Þau eru auk Íslands: Danmörk, Bretland, Svíþjóð, Þýskaland og Noregur. Skoðað er tímabilið frá í júlí 2022 til maí 2023 og er notast við tölur um tólf mánaða verðbólgu hverju sinni. Á tímabilinu frá júlí til desember árið 2022 voru verðhækkanir á mat í þessum sex löndum minnstar hér á landi. Það er ekki fyrr en í febrúar á þessu ári sem hækkun matvælaverðs í Noregi, miðað við tólf mánaða tímabil, mælist minni en hér á landi en í maí skutust Norðmenn upp fyrir okkur á ný. Verðhækkanir á matvöru í Svíþjóð hafa verið minni en hér á landi síðan í mars á þessu ári. Þá voru verðhækkanir á mat miðað við tólf mánaða tímabil í maí sl. lægri í Danmörku en á Íslandi.

Samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands sjást þess nú loks merki að verðbólga sé á niðurleið hér á landi. Í júní hækkaði kostnaður vegna búsetu í eigin húsnæði um 1,6% og verð á þjónustu hótela og veitingastaða hækkaði um 2,7%.

Verðbólga er einnig á niðurleið í mörgum nágrannalanda okkar. Þar hafa hækkanir á matvælaverði verið einn helsti valdur verðbólgu og hækkanir á matvöru verið langt umfram almennar verðlagshækkanir. Ástæðan fyrir þessum verðhækkunum á matvörum sl. ár eru hækkanir á lykilaðföngum langt umfram annað verðlag, meðal annars vegna stríðsins í Úkraínu.

Takist að koma böndum á verðbólgu hér á landi má binda vonir við að draga taki úr hækkunum matvælaverðs á komandi mánuðum. /ghp

# KS og SKVH gefa út verðskrá fyrir haustið

**Verðskrá frá Kjötafurðastöð KS og Sláturhúsi KVH var gefin út 29. júní síðastliðinn.**

Líkt og síðustu ár er sama verðskrá hjá þessum tveimur sláturleyfishöfum. Grunnverðskrá hækkar um 18,5% milli ára, reiknað út frá sláturinnleggi ársins 2022. Hækkunin er aðeins misjöfn eftir flokkum. Mest hækkar U5, um 36,5%. Fer úr 514 í 700 kr/kg. Minnst hækkar P2, um 1,1%, fer úr 435 í 440 kr/kg. Samhliða því að verðskrá er gefin út er einnig gefið út að greitt verði, að lágmarki, 5% álag á allt sauðfjárinnlegg eftir sláturtíð.

Nú hafa allir sláturleyfishafar, nema Sláturfélag Vopnafjarðar gefið út afurðaverð. Kjarnafæði Norðlenska hefur gefið út 5% hækkun umfram verðlagsþróun frá síðustu sláturtíð, sem er um 15% hækkun. Sláturfélag Suðurlands hefur gefið út verðskrá þar sem hækkun fyrir innlagt dilkakjöt var 18% frá fyrra ári. /USS

GLUGGA LAUSNIR
REHAU
SCHUCO



Hagkvæmar glugga- og hurða heildarlausnir

Fáðu tilboð í viðhaldslitla REHAU Nordic Design Plus PVC/plast eða ál glugga- og hurðakerfi frá þýsku framleiðendunum REHAU og SCHUCO, á hagstæðu verði.

gluggalausnir.is - tilboð@gluggalausnir.is - 5197787 - Glugga lausnir ehf.



Túrbínudreki sænska fyrirtækisins Minestro í Vestmannasundi við Færeyjar. Mynd / Minesto

## Orkumál:

# Sjónum verði beint að sjávarorkunni

**Sjávarfallavirkjanir eru endurnýjanleg og hrein orkuauðlind sem Íslendingar gætu nýtt til orkuöflunar. Frekari rannsókna er þörf og grundvallaratriði að stjórnvöld horfi á sjávarorkunýtingu sem framtíðarvalkost í orkuöflun og marki um það stefnu.**

Vorið 2014 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands, með það að markmiði að greina hagkvæmustu nýtingarkosti til framtíðar.

Einnig að leggja drög að uppbyggingu gagnagrunns um nýtingu sjávarorku. Var það í kjölfar skýrslu Valorku, fyrirtækis um nýsköpun og þróun sjávarhverfla til orkuframleiðslu, til þingsins 2011 um möguleika í sjávarorkunýtingu. Ráðherraskipuð nefnd var sett á laggirnar og skilaði sérfræðiskýrslu um málefnið nokkru síðar. Niðurstaðan var einkum að skynsamlegt væri að hefja rannsóknir og Látraröst á Vestfjörðum nefnd sem heppilegur byrjunarreitur. Ekkert var þó frekar aðhafst og skýrslan dagaði uppi í ráðuneytinu.

Valdimar Össurarson, framkvæmdastjóri Valorku og formaður Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna, hvetur þingið til að rísa undir þessari samhljóða samþykktu þingsályktunartillögu.

„Tvennt þarf að gerast: annars vegar að stjórnvöld móti stefnu um að þau ætli að skoða sjávarorkunýtingu sem framtíðarvalkost í orkuöflun og svo hins vegar að hefja rannsóknir á þessari gríðarlegu orkulind sem þjóðin á þarna í sjónum,“ segir Valdimar. „Það er ekki hægt að stinga hausnum í sandinn lengur. Aðalatriðið er að fá upp umræðu og kynningu í samfélaginu um þennan valkost.“

Hann bendir á að mikill almennur áhugi sé á nýtingu sjávarfallaorku eins og könnun Maskínu í fyrra hafi leitt í ljós. „Samkvæmt henni vildu 72% aðspurðra nýta hana til öflunar viðbótarorku; langtum fleiri en vilja vatnsfalla- og vindorku. Sjávarfallaorka er geysilega umfangsmikil orkuauðlind hér við land og tækni til nýtingar hennar er þegar í sjónmáli; m.a. þróuð hérlendis.“

### *Ný skýrsla fyrir þingið í haust*

Sú hugmynd að nota sjávarföll til orkuframleiðslu er síður en svo ný af nálinni. „Gríðarlega mikil þróun er í gangi og búin að vera lengi,“ segir Valdimar og heldur áfram: „Skotar hafa lengst beitt sér í þessu og eru með býsna öfluga stefnu í nýtingu á sjávarorku sem framtíðar-orkuuppsprettu. Þeir drógu vagninn lengi vel en núna eru, má segja, öll þróuð ríki að skoða þessi mál af alvöru.



Umfangsmestu straumasvæði landsins eru við Vestfirði og Austfirði, þar sem umtalsverður straumur nær langt út í haf. Einnig eru öflugar en umfangsminni rastir við Langanes, Reykjanes og Snæfellsnes. Mynd / Valorka



Valdimar Össurarson.

Sjávarfallaorka er þegar í notkun. Ekki er þó farið að fjöldaframleiða neinar túrbínur, að sögn Valdimars og aðferðin því ekki komin á sama stað og vindorka. „Það er engin tækni komin í fjöldaframleiðslu. En með frumgerðum er farið að framleiða inn á net, í tilraunaskyni.

Við þurfum ekki að horfa langt því Færeyingar eru nú að fá upp úr sínum sundum töluvert mikla raforku og eru komnir ljósárum fram úr okkur í þessum efnum.“

Hér á landi eru enn sem komið er aðeins örfáir að velta sjávarfallavirkjunum fyrir sér og segist Valdimar hafa til skamms tíma verið einn um þessar vangaveltur, raunar í ríflega hálfa öld. Hann á eina einkaleyfið á íslenskum hverfli sem er til á landinu, á 25 m frumgerð nothæfs hverfils, en segir tvo aðila aðra hér innanlands vera að skoða hugmyndir að annars konar hverflum. Valdimar hlaut gullverðlaun Alþjóðasamtaka hugvitsmanna árið 2011 og hefur komið á fót gagnasafni á sviði sjávarorku á vefnum valorka.is.

„Að störfum er nefnd hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem á að skila skýrslu um nýja orkuöflunarmöguleika, fyrir utan þá hefðbundnu og vindorku, upplýsir Valdimar. „Við mættum þar tveir sem höfum verið í sjávarorku á fund nú í sumarbyrjun. Skýrslan kemur líklega fyrir þingið í haust,“ bætir hann við.

Að byrja smátt og einmitt við Látraröst segir Valdimar skynsamlegt og tekur þar undir áðurnefnda sérfræðiskýrslu. Mikill sjávarstraumur liggur út Breiðafjörðinn með fram Látrabjargi og nefnist Látraröst þar sem straumurinn fer fyrir Bjargtanga. „Látraröst er stærsta röst landsins og aðstæður þar mjög heppilegar fyrir sjávarfallavirkjun. Þar er jafn straumur í sömu átt í tugi kílómetra og hægt að taka upp alveg gríðarlega orku þarna,“ segir hann jafnframt.

### *Sjávarfallaorka til kyndingar vatns á köldum svæðum*

Í nýrri skýrslu Valorku: Raunhæfi sjávarfallavirkjana, athugun á virkjun í Látraröst og nýtingu sjávarorku, var gerð tilraun til að svara því hversu sjávarorkuvirkjanir gætu orðið umfangsmiklar hér við land, jafnvel allt að 340 TWst/ári. Valdimar segir að vissulega sé margt í skýrslunni matskennt en gefi þó ákveðnar vísbendingar um fýsileika. „Ég tel augljóst að með einfaldri og ódýrri túrbínu, líkt og ég hef þróað, sem safnar á ódýran hátt orku af víðu svæði eins og þarf í hafstraumi, þá sé hægt að framkvæma þetta mjög hagkvæmt.“ Fjármagn vanti sárlega til rannsókna, en ekki endilega víst að þær séu svo kostnaðarsamar.

Í skýrslu Valorku er í fyrsta skipti vakin athygli á hagkvæmni þess að nýta sjávarfallaorku til kyndingar vatns á hinum „köldu“ svæðum landsins. Sérstakri athygli er beint að „Vestfjörðum sem búa við einstaklega ótrygga orkuöflun og eru nánast án jarðhita til kyndingar. Þar eru öflugustu sjávarfallarastir landsins uppi við landsteina; óþrjótandi orkulind sem innan fárra ára verður aðgengileg til nýtingar án þeirra miklu umhverfisáhrifa sem fylgja vatnsfallavirkjunum og vindmyllum. Þó ýmis gögn skorti enn, s.s. varðandi endanlegan kostnað við virkjunina, eru allgóðar vísbendingar um að sjávarfallavirkjun verði mjög hagkvæmur orkuöflunarkostur þar sem aðstæður eru góðar,“ segir í skýrslunni. /sá



NÝTT Á MARKAÐI!
CAN-AM TRAXTER 6X6
1000cc / 82 hö.
770+ kg burðargeta
1600+ kg dráttargeta
6x6 drif með
ViscoLok læsingu
Kynningaverð:
4.830.000 kr. +vsk
Fullt verð: 5.990.000 kr. m/vsk
can-am®
BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is
*Myndir sýna bíl með aukahltuum

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** − **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## LEIÐARI

# Upprunamerkingar á veitingastöðum

**Við aukna umfjöllun um upprunamerkingar matvæla á undanförnum mánuðum virðist hafa orðið vitundarvakning meðal neytenda.**

Fólk bendir á ófullnægjandi eða villandi merkingar í verslunum og hafa slík tilfelli nú ratað til Neytendastofu sem hefur tekið ákvörðun gagnvart matvælafyrirtæki vegna óheimillar notkunar á íslenska þjóðfánanum á umbúðum fyrir hamborgara sem voru að stærstum hluta framleiddir úr þýsku nautakjöti. Málefni matvælamerkinga hafa einnig ratað inn á þing þar sem ráðherra svaraði fyrirspurn þingmanns, en þar kemur fram að vegna takmarkaðra fjárheimilda Neytendastofu og fjölda lögbundinna verkefna hafi stofnunin ekki haft svigrúm til að fara í almenna heildarskoðun á þessum málum.

Með ört stækkandi veitingamarkaði má velta fyrir sér hvernig utanumhald, yfirsýn og eftirlit er haft með áreiðanlegum upplýsingum um uppruna óforpakkaðra matvæla, sem í boði eru á veitingastöðum og í mötuneytum. Breytt neyslumynstur er að verða til þess að fleiri kjósa að grípa sér eitthvað fljótlegt. Sárafáir, ef einhverjir, veitingastaðir gefa hins vegar upp uppruna, enda er þeim ekki skylt að gera svo. Veitingamarkaðurinn er því hálfgert svarthol, þar sem neytandanum er látið í té að spyrja vilji hann vita og þarf svo að treysta því sem sagt er. Á þeim vettvangi hef ég að undanförnu spurt oft um uppruna hráefna. Sjaldan hafa starfsmenn svör á reiðum höndum og ég sem neytandi hef engar heimildir til þess að láta starfsmennina sanna svör sín ef einhver eru.

Samkvæmt löggjöf fellur eftirlit með óforpökkuðum matvælum í stóreldhúsum undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Við skoðun á úttektum á veitingastöðum er ómögulegt að sjá hvort eftirlitsmenn kanni uppruna. Samkvæmt svari frá heilbrigðiseftirliti höfuðborgarinnar hefur það eftirlit með fjölmörgum þáttum matvælalöggjafarinnar í eftirliti sínu á veitingastöðum og matvælafyrirtækjum, þ.m.t. matvælaupplýsingar og rekjanleika. Meginþungi eftirlitsins beinist að eftirliti með ofnæmis- eða óþolsvöldum því það telst vera öryggismál. Spurt er hvort viðkomandi matvælafyrirtæki hafi verklag um fullnægjandi merkingar og kannar hvort hráefni sé rétt merkt. Spurningarnar eru hins vegar almennt orðaðar og ekki flokkaðar sérstaklega eftir tegund matvælaupplýsinga. „Við skoðun á málaskrá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur get ég ekki séð að það hafi borist kvartanir frá neytendum um skort á upplýsingum um uppruna kjöts á veitingastöðum,“ segir í svari við fyrirspurn.

Í skýrslu samráðshóps um betri merkingar matvæla frá árinu 2020 má finna tólf góðar tillögur að betri merkingum sem fela m.a. í sér tæknilausnir, búvörumerki og átaksverkefni. Ein tillagan er kölluð „finnska leiðin“. Markmiðið er að bæta skilyrði og stöðu neytenda til þess að taka meðvitaða ákvörðun tengda uppruna þeirra matvæla sem á boðstólum eru á þeim stöðum sem selja óforpökkuð matvæli. Árið 2019 tók í gildi reglugerð í Finnlandi sem skyldar staði að upplýsa viðskiptavini sína um uppruna þess ferska kjöts og hakks sem þeir hafa á boðstólum án þess að neytandi þurfi að spyrja starfsmann. Það getur verið gert á töflu sem sýnileg er þegar neytandi mætir á staðinn. Í tillögu starfshópsins er því beint til ráðherra að taka til skoðunar hvort taka eigi upp sambærilegar reglur hér á landi verði reynsla af þessari leið góð í Finnlandi. Slíkt fyrirkomulag yrði til eftirbreytni hér á landi.

***Guðrún Hulda Pálsdóttir***
*ritstjóri.*

# Á mannamáli



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

**Um langa hríð var landbúnaðurinn helsta atvinnugrein Íslendinga, þar til sjávarútvegurinn tók yfir og varð aðalatvinnuvegur okkar.**

Íslenskir bændur hafa þrátt fyrir það lagt sitt af mörkum og skilað góðu verki í aldanna rás og vonir standa til að svo verði áfram, enda bera þeir ábyrgð á fæðuöryggi landsins ef í harðbakkann slær. En það er til lítils að tala um fæðuöryggi án þess að nefna heilsu og velferð dýra í sömu andrá enda eru hugtökin samofin í þjóðfélagslegri umræðu líkt og borið hefur á síðustu misseri.

Bændasamtök Íslands eru hagsmunasamtök landbúnaðar á Íslandi og sem slík taka þau afstöðu með öllum búskap og landbúnaðartengdum atvinnugreinum sem starfa í samræmi við lög. Bændur sem búfjárhaldarar bera mikla ábyrgð þegar kemur að því að tryggja heilsu og velferð dýra í samræmi við þau markmið sem koma fram í lögum um velferð dýra. Ætli bóndi að halda dýr þarf að huga að ýmsum atriðum sem snúa að velferð dýranna ásamt því að vera með viðunandi aðbúnað sem hæfir því dýri sem haldið er. Þá hefur það ekki staðið á bændum að innleiða aðbúnaðarkröfur sem er ætlað að stuðla að velferð dýra svo þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

### *Tökum þátt í umræðunni*

Opin og hreinskiptin upplýsingagjöf til fagfólks, eftirlitsaðila og almennings er mikilvægur þáttur í dýravelferð. Ein mikilvægasta forsenda þess að sátt ríki í samfélaginu um að nýta dýraafurðir til matvælaframleiðslu er að velferð dýra sé tryggð af þeim sem um þau annast og að eftirlit með dýrahaldi sé virkt og gegnsætt. Það þarf hins vegar að vera sjálfsögð krafa almennings hér á landi að innfluttar dýraafurðir séu sannanlega framleiddar við sambærilegar aðstæður og gilda hér á landi. Íslenskir bændur vilja ekki gefa eftir í dýravelferð en þá hlýtur það að vera sanngjörn krafa að innflutt samkeppnisvara sé framleidd við sömu eða sambærilegar aðstæður og hér á landi með velferð dýra að leiðarljósi.

Á grundvelli 2. mgr. 64. gr. búvörulaga er ráðherra heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Ekki veit ég til þess að ráðherra landbúnaðarmála hafi beitt umræddri heimild þrátt fyrir að hún hafi verið í lögunum um allnokkra hríð.

### *Vegferðin*

Á liðnu þingi var til umfjöllunar þingmannafrumvarp frá einum flokknum í stjórnarandstöðu um bann við blóðmerahaldi sem hefur verið lagt fram síðastliðin þrjú löggjafarþing, eða frá árinu 2020. Þá hefur umfjöllun um svínarækt farið mikinn síðustu misseri á völdum fjölmiðlum. Viðbrögðin frá dýraverndarsamtökum og virkum í athugasemdum sýna mikilvægi málefnisins og umræðan er af hinu góða þótt málefnið sé umdeilt. Umræðuna hefur þó skort yfirsýn og oft og tíðum verið tilfinningaþrungin. Þá hlýtur það að sæta furðu að þeir sem tala fyrir lífsstíl sem á að vera laus við neyslu á öllum dýraafurðum, þurfa ætíð að nefna bann við búfjárhaldi og kjötneyslu á sama tíma og yfirleitt í sömu setningunni.

Hjá Bændasamtökunum starfa bændur í níu búgreinadeildum, hvort sem það er kjöt, fiskur, grænmeti eða framleiðsla á öðrum afurðum. Bændasamtökin munu því alltaf standa vörð um þessar greinar landbúnaðarins. En þegar stjórnvöld leggja í þá vegferð að ætla sér að banna atvinnustarfsemi byggða á undantekningartilfellum og hæpnum staðreyndagrunni er því sérstaklega mikilvægt að yfirstíga umræðuna og nálgast hana á þeim grunni sem hún raunverulega snýst um. Atvinnufrelsi og atvinnuréttindi.

Því hvað sem fólki kann að finnast um viðkomandi starfsemi varðar bann við atvinnutengdri starfsemi stjórnarskrárvarin réttindi bænda sem varin eru af 75. gr. stjskr. en þar segir að bönd verði aðeins sett á atvinnustarfsemi manna með lögum enda krefjist almannahagsmunir þess. Almannahagsmunir geta hins vegar aldrei byggt á persónulegum skoðunum fólks. Bann við atvinnustarfsemi sem menn hafa þegar tekið upp og eiga fjárhagslega afkomu sína undir varða síðan hagsmuni sem teljast til eignarréttinda sem njóta verndar 72. gr. stjskr.

Við getum haft skoðanir á ýmsum þáttum og greinum atvinnulífsins, verið á móti álframleiðslu, frekari virkjunum, kjötneyslu og fiskeldi – í raun hvaðeina. Við getum hins vegar ekki litið svo á að atvinnu- og eignarréttindi annarra, jafnvel fárra aðila í viðkomandi starfsgrein, séu virt að vettugi vegna þess að fólki líkar ekki starfsemin. Sé það raunin, þá tel ég að við þurfum þá fyrst að taka samtal um hvernig ný stjórnarskrá skuli hljóma.

## GAMLA MYNDIN




**Þessir vösku fjárflutningamenn æja og fylla á bensíntankana nálægt Hreðavatnsskála – allir úr Eyjafirðinum, nánar tiltekið Öngulsstaðahreppi, eins og hét þá. Var hreppurinn austan Eyjafjarðarár í Eyjafjarðarsýslu, kenndur við bæinn Öngulsstaði, en sameinaðist 1. janúar árið 1991 Hrafnagilshreppi og Saurbæjarhreppi undir nafninu Eyjafjarðarsveit. Þetta ár fóru fram stórfelldustu fjárflutningar sem átt höfðu sér stað til þessa, en skv. Morgunblaðinu þann 19. september 1952 kemur fram að um ræði flutninga líflamba frá Norður- til Suðurlands. Frá vinstri: Jón Árnason frá bænum Þverá, bræðurnir Kristján og Hreiðar Sigfússynir frá Ytra-Hóli, en við dæluna stendur Vigfús Guðmundsson, gestgjafi veitingaskálans á Hreðavatni. Uppi á bílnum glyttir í Hjörleif Tryggvason frá Ytra-Laugalandi. Er myndin tekin af Gísla Kristjánssyni, þáverandi ritstjóra búnaðarblaðsins Freys, forvera Bændablaðsins.** */SP*

LÍF&STARF



Spilað var golf á Snæfellsnesvegi í kringum miðnætti á Jónsmessu.
Myndir / Aðsendar



Góð stemning var meðal þátttakenda, sem fengu gott veður.



Liðið með bláu kúluna þurfti að leita vandlega eftir boltanum, þegar hann fór í lúpínubreiðu.



Dalamenn vilja öruggari Skógarstrandarveg.

Dalabyggð:

# Golfmót á vegi

**Á Skógarstrandarvegi, sem er tengingin milli Búðardals og Stykkishólms, var haldið golfmót til að vekja athygli á dræmu ástandi vegarins.**

Mótið fór fram í kringum miðnætti á Jónsmessu, eða 24. júní síðastliðinn. Spilaðar voru 18 holur, sem höfðu verið merktar á fimm kílómetra kafla. Refsistig voru veitt ef kúla lenti í ómerktri holu, en nóg er af þeim á malarveginum. Fólk alls staðar að, sem brennur fyrir bættum Snæfellsnesvegi, tók þátt. Fjölmargir styrktaraðilar gáfu gjafir og glaðninga, sem þátttakendur fengu að lokinni keppni. /ÁL



Vanda þarf höggið til að fara ekki út fyrir mjóa brautina.



Fjölmargar einbreiðar brýr eru á Skógarstrandarvegi, þrátt fyrir mikla umferð.



Björgunarsveitin Ósk sinnti gæslu og fylgdarakstri.



Skógarstrandarvegur er holóttur og verður sleipur í vætu.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Lokavísa síðasta þáttar var efnislega lofsöngur um skáldið Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og var þar hvergi ofmælt, enda ljóð Davíðs einkar ljóðræn og lagavæn. Við fráfall Davíðs orti **Gunnar Sigurjónsson** á Akureyri þessi fagurgerðu eftirmæli:

*Harmar þjóðin hersis fall,*
*hneig fyrir dauðans plógi.*
*Svifinn er of Sólarfjall*
*svanur úr Fagraskógi.*

Þessi sannleiksríka vísa er eignuð **Hjörleifi Jónssyni** á Gilsbakka, en svörgulsleg kann hún einhverjum að þykja:

*Við skulum standa hlið við hlið,*
*hlaða niðrí svaðið,*
*hjálpa þeim á höfuðið*
*sem hafa upp úr staðið.*

Býsna haganleg er þessi vísa eftir **Þórarin Bjarnason** járnsmið:

*Virða löngum villa geð*
*víns af löngu kynni.*
*Verða löngum viðsjár með*
*viti og löngunni.*

Atómskáldin áttu erfiða upphafsdaga. Hagyrðingar hins bundna háttar spöruðu ekki blýið í bögum sínum. **Jónas Illugason** í Brattahlíð orti þeim svo:

*Atómskálda-þynnkan þynnt,*
*þynnri en nokkur skita.*
*Hvort hún verður þynnra þynnt,*
*það má fjandinn vita.*

**Kristmundur Þorleifsson** greinir stökugerðina á svofelldan máta:

*Hvað er staka ? Hjartaslag,*
*harmakvak og tregi,*
*fjaðrablak og feginslag,*
*fótatak á vegi.*

**Vilhjálmur Schram** orti þessa „bílavísu“:

*Úti að keyra og eitthvað meira*
*oft með geira-þund.*
*En þá er mamma orðin amma*
*eftir skamma stund.*

Baldur á Ófeigsstöðum var eins konar fréttamaður Dags á Akureyri. Meðal tíðinda úr Kinninni sagði hann kvennafar liggja þar niðri sakir kuldatíðar. **Rósberg G. Snædal** orti þá:

*Nú bera menn brandinn í slíðri.*
*Baldur er daufur á ný.*
*Í Kinn liggur kvennafar niðri,*
*kuldarnir valda því.*

En svo verður „viðreisn“ í Kinninni. Rósberg orti:

*Austur í sveitum hækkar hagurinn,*
*hlakkar í mönnum, Baldur grípur símann,*
*byrjar nú aftur kvennafar í Kinn,*
*komin er hláka undir fengitímann.*

Eftir **Ólínu Jónasdóttur** er þessi lipra staka:

*Skortir flest, er fögnuð lér*
*farandgesti hljóðum.*
*Gleður mest að mæta hér*
*manni á hesti góðum.*

Þessa sáraeinföldu stöku orti einhver ónefndur undir dulnefninu „Sláni“:

*Vísa þessi víst er best*
*í vísnasafni mínu,*
*eina káið, sem þar sést*
*situr í 3. línu.*

**Þormóður Pálsson** á Njálsstöðum orti einnig um andagiftina:

*Andann hefir ítök skort,*
*ef að þrýtur gaman*
*þá sem hafa áður ort*
*ævintýri saman.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

**FRÉTTIR**



Hryssa í blóðtökubás á Álftarhóli. Mynd /ghp

# Lögreglan fellir niður blóðmerarannsókn

**Rannsókn lögreglu á meðferð hryssna við blóðtöku hefur verið felld niður.**

Matvælastofnun hafði áður rannsakað þá meðferð sem kom fram í myndbandi sem dýrverndarsamtökin AWF og TBZ birtu á vefmiðlinum Youtube í nóvember 2021. Þá óskaði MAST eftir frekari upplýsingum og óklipptu myndefni frá dýraverndarsamtökunum en fékk þau ekki afhent. Í yfirlýsingu sem talsmenn AWF/TBS sendu frá sér í desember 2021 sögðust þau ekki ætla að afhenda MAST nein óklippt myndbönd en væru viljug til samstarfs ef opinber rannsókn færi fram. Vísaði MAST því málinu til lögreglu til frekari rannsókna í lok janúar 2022.

Morgunblaðið hefur eftir Sveini Kristjáni Rúnarssyni, yfirlögregluþjóns á Suðurlandi, að málinu hefði verið vísað frá ári síðar, eða í lok janúar síðastliðinn Lögreglan hafi ítrekað reynt að komast yfir frekari gögn frá dýraverndarsamtökunum en þau hafi skýlt sér bak við þýsk lög sem krefji þau ekki til þess að afhenda frekari gögn.

Heimildin segir hins vegar frá því að fulltrúar dýraverndarsamtakanna hafi verið viljug til að afhenda gögnin, en gegnum réttarbeiðni í því skyni að tryggja best sönnunargildi gagnanna. Slík beiðni hefði hins vegar aldrei borist frá Íslandi.

*/ghp*

# Minnir á girðingar meðfram vegum

**Vegagerðin minnir að vanda bændur og búalið á að laga girðingar sínar meðfram vegum.**

Teknar verða út girðingar hjá landeigendum sem tilkynna að girðingar þeirra séu í lagi skv. 5 gr. reglugerðar nr. 930/2012, en þar segir:

„Viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum greiðist að jöfnu af Vegagerðinni og landeigeanda. Þegar landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofn- og tengivegum skal hann tilkynna það til sveitarstjórnar og viðkomandi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og óska eftir greiðslu á kostnaðarhlutdeild veghaldara. Vegagerðin skal greiða landeiganda sem svarar helmingi af áætluðum viðhaldskostnaði girðinga eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. Vegagerðinni er heimilt að synja um greiðslu komi í ljós að viðhaldi hefur ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti að mati Vegagerðarinnar.“

Húnabyggð hvetur þá landeigendur sem hafa uppfyllt skilyrði reglugerðarinnar að tilkynna viðhald sitt á girðingum til sveitarfélagsins fyrir byrjun ágústmánaðar. */sá*




## Vestur-Húnavatnssýsla:

# Ný sæðingastöð

**Ingunn Reynisdóttir dýralæknir og Pálmi G. Ríkharðsson, kennari og hrossabóndi, hafa opnað sæðingastöð fyrir hross á Syðri-Völlum rétt við Hvammstanga.**

Þau segjast leitast við að bjóða upp á sæði úr sem flestum og bestu hestum landsins ár hvert. Einnig eru þau með stóðhesta á staðnum í sæðingum. Stöðin er opin í júní og júlí.

Ingunn og Pálmi stunda hrossarækt og vissu að eftirspurn væri eftir slíkri þjónustu á Norðurlandi. „Við höfum verið að fækka okkar hrossum og erum með mikið land sem við vildum nýta betur. Til að komast í að halda undir bestu og vinsælustu hestana voru sæðingar auðveldasta leiðin. Einnig vorum við að hugsa til framtíðar þar sem alltaf er að verða algengara að vinsælir, góðir stóðhestar séu í sæðingum og vildum við því geta boðið upp á þjónustu við hryssur og stóðhesta. Við erum með kjöraðstæður, með mikla og góða haga með rennandi fersku vatni í öllum hólfum. Dýralæknir er á staðnum allan sólarhringinn og mikið og gott eftirlit er með hrossunum,“ segir Ingunn.

Ingunn sér um allt sem við kemur sónarskoðunum, sæðingum og vinnslu á sæðinu en Pálmi sér um allt umstang með merar og stóðhesta.

„Fyrir hryssueigendur viljum við leitast við að geta boðið upp á að fá sent sæði úr sem flestum og bestu hestum landsins ár hvert, sem verið er að taka sæði úr hverju sinni. Mikið og gott eftirlit er með aðbúnaði mera og folalda. Stóðhesteigendum getum við boðið upp á að vera með hesta hér í sæðingum og einnig að sæða með þeirra hestum með aðsendu kældu sæði,“ segir Ingunn.



Ingunn Reynisdóttir dýralæknir og Pálmi G. Ríkharðsson, kennari og hrossabóndi, sem hafa opnað sæðingastöð á Syðri-Völlum rétt við Hvammstanga. Starfsemin fer vel af stað. Myndir / Aðsendar



Allar merar þarf að ómskoða oft til að tímasetja egglos sem og staðfesta fang.

### *Þekktir stóðhestar*

Hægt verður að fá sæði úr nokkrum þekktum stóðhestum hjá Ingunni og Pálma í ár.

„Þeir sem standa til boða eru Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum, Fróði frá Flugumýri, Hrannar frá Flugumýri og Skýr frá Skálakoti. Okkar stóðhestur, Brynjar frá Syðri-Völlum, stendur einnig til boða. Þeir hestar sem verða staðsettir hér á Syðri-Völlum verða kynntir síðar,“ segir Pálmi og bætir við:

„Sumarið leggst mjög vel í okkur og erum við spennt að geta boði hryssueigendum upp á þann möguleika að geta nýtt sér þessa þjónustu hjá okkur. Pantanir fara vel af stað þó svo að við höfum enn þá ekki verið mikið að auglýsa.“

*/mhh*

## Merking matvæla:

# Ólögmæt notkun á þjóðfánanum

**Smass borgarar frá Stjörnugrís, merktir íslenska fánanum, eru brot á lögum samkvæmt ákvörðun Neytendastofu sem hefur bannað fyrirtækinu að viðhafa slíkar merkingar. Kjötið í hamborgurunum er að stærstum hluta framleitt úr þýsku nautakjöti.**

Í lok júní birti Neytendastofa ákvörðun sína sem hún byggir á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í þeim er sagt að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti.

Smass borgararnir frá Stjörnugrís innihalda að stærstum hluta innflutt nautakjöt og þar sem það er eðlislík búvöru sem framleidd er hér á landi er því óheimilt, skv. 12. grein laga um þjóðfánann, að merkja hana með fánaröndinni.

Af þeim sökum bannaði Neytendastofa Stjörnugrísi hf. að viðhafa slíkar merkingar. Hún taldi hins vegar ekki tilefni til að grípa til sektarúrræðis þar sem Stjörnugrís segist hafa breytt umbúðum þannig að límdur hefur verið þýskur fáni yfir íslensku fánamerkinguna.



Stjörnugrís er óheimilt að merkja smass borgara sína með íslenska fánanum. Þýskur fánalímmiði hefur verið settur yfir fánaröndina. Mynd /ghp

### *Takmarkaðar fjárheimildir Neytendastofu*

Í svari menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkey Olsen Gunnarsdóttur þingmanns um notkun íslenska fánans og fánalitanna við merkingar á matvælum kemur fram að mál sem Neytendastofa hafði til meðferðar vegna notkunar þjóðfána Íslendinga á matvöru væri fyrsta sinnar tegundar eftir gildistöku fyrrnefndrar 12. greinar.

„Þess má geta að stofnuninni hafa borist óljósar ábendingar um að ýmsir aðilar merki innflutta matvöru með þjóðfána Íslendinga. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stofnunarinnar hafa henni ekki borist skýrari upplýsingar um það hvaða vörur er þar átt við. Vegna takmarkaðra fjárheimilda stofnunarinnar og fjölda lögbundinna verkefna hefur stofnunin til þessa ekki haft svigrúm til að fara í almenna heildarskoðun á þessum málum,“ segir jafnframt í svari ráðherra. */ghp*


Nýr Amarok
- allir vegir færir
Kominn í sýningarsalinn
Amarok
Volkswagen hefur endurhannað Amarok frá grunni og uppfært með nútímalegum tæknibúnaði og kraftmiklu fersku útliti. Þeir sem leita að sterkum og traustum pallbíl þurfa ekki að leita lengra.
Millikassi með hátt og lágt drif
Dregur allt að þrjú og hálft tonn
800 mm vaðdýpi
Hleðslusvæði á palli nógu mikið fyrir Euro-bretti á hlið
Val um 3.0 L TDI V6 og 2.0 L TDI dísel vél
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
5 ára ábyrgð eða 200.000 km
- hvort sem kemur fyrr
Hekla
Laugavegi 174, 105 Rvk. Sími 590 5000 www.hekla.is
Höldur Akureyri Bílasala Selfoss Bílakjarninn Reykjanesbæ BVA Egilstöðum

# Avókadó innkallað

**Matvælastofnun varar við neyslu á avókadó frá vörumerkinu Avocado Hass, sem Bananar ehf. flytja inn frá Perú.**

Hraðviðvörunarkerfi Evrópu um hættuleg matvæli og fóður á markaði (RASFF) sendi íslenskum yfirvöldum tilkynningu um of mikið magn kadmíum í nokkrum framleiðslulotum. Bananar ehf. og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa unnið saman að innköllun varanna. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá MAST. Þær vörur sem um ræðir eru avókadó í neti, avókadó í lausu og 2pack avókadó sem selt er í gegnum Bónus og Hagkaup um allt land, ásamt ýmsum stóreldhúsum. Innköllunin á eingungis við eftirfarandi framleiðslulotur: LOT 25G og LOT 26B (24-03).

Neytendum sem keypt hafa vöruna er bent á að farga henni eða skila til Banana ehf. í Korngörðum gegn endurgreiðslu.

Á Vísindavefnum kemur fram að kadmíum hafi ekki þekkt hlutverk í lífverum og geti haft eitrunaráhrif í litlu magni. Kadmíum skemmir meðal annars nýru og lungu, veikir beinin og getur verið krabbameinsvaldandi. Kadmíum telst til þungmálma sem safnast fyrir í lífverum og gróðri og berast upp fæðukeðjuna. */ÁL*



**Nokkrar framleiðslulotur af avókadó í Bónus og Hagkaup hafa verið innkallaðar.** Mynd / Eddie Pipocas -

# Sameining talin líkleg

**Efnt verður til atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um mögulega sameiningu þeirra.**

Skal atkvæðagreiðslunni vera lokið 28. október í ár. Telja forsvarsmenn beggja sveitarfélaga að sameining væri framfaraskref fyrir báða aðila. Samstarfsnefnd, skipaðri af báðum sveitarstjórnum, hefur verið falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum. Málið hefur verið til umræðu og skoðunar í nokkurn tíma og unnu sjö starfshópar nefndarinnar greiningu og tillögugerð í einstökum málaflokkum.

Sveitarfélögin hafa í sameiningu skorað á stjórnvöld að hefja nú þegar undirbúning við gerð jarðganga um Mikladal og Hálfdán í einni framkvæmd, enda sé sú framkvæmd forsenda fyrir farsælli sameiningu sveitarfélaganna.

Miklu máli skipti að hægt verði að ferðast milli byggðakjarna allt árið um kring til að svæðið myndi einn búsetu-, atvinnu- og þjónustukjarna. Lagt er til að hönnun jarðganganna verði sett á dagskrá fyrsta hluta samgönguáætlunar og að framkvæmd þeirra verði á öðrum hluta hennar.

Sveitarfélagið Vesturbyggð nær yfir alla suðurfirði Vestfjarða, frá Arnarfirði að Kjálkafirði, að Tálknafirði undanskildum. Það varð til 11. júní 1994 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Bíldudalshrepps og Patrekshrepps. Sameiningartillagan var felld í kosningum á Tálknafirði og eru nú tvö sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Til Vesturbyggðar teljast byggðakjarnarnir Birkimelur á Barðaströnd, Bíldudalur og Patreksfjörður og sveitirnar Barðaströnd, Breiðavík, Hænuvík, Ketildalir, Látrar, Rauðisandur og Suðurfirðir. Þéttbýlið á Tálknafirði ber samnefnt heiti. */sá*




## Hestaíþróttir:

# Jóhanna og Bárður undirstrikuðu yfirburði sína

**Íslandsmótið í hestaíþróttum var haldið á félagssvæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi á dögunum.**

Framkvæmd mótsins tókst vel en 45 ár eru frá því að Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið fyrst. Mótið var firnasterkt og mjög jafnt á munum en oftar en einu sinni þurfti sætaröðun frá dómurum til að skera úr um fyrsta og annað sætið.

Jóhanna Margrét Snorradóttir og Bárður frá Melabergi unnu þrjá titla; í fjórgangi, tölti og samanlögðum fjórgangsgreinum, en 33 ár eru síðan að kona vann Íslandsmeistaratitil í tölti. Það var Unn Kroghen á Kraka frá Helgastöðum árið 1990. Jóhanna og Bárður voru í feiknastuði og þykir nokkuð öruggt að þau keppi fyrir Íslands hönd á heimsleikum í Hollandi í ágúst en íslenska liðið verður tilkynnt 14. júlí nk. Jóhanna hlaut FT fjöðrina fyrir sýningar sínar á Bárði, vel að heiðrinum komin, enda einkennir þetta par mikill glæsileiki og einstakt samspil knapa og hests.

Teitur Árnason nældi sér einnig í þrjá titla. Einn í 100 m skeiði á Drottningu frá Hömrum II og hinir unnust báðir eftir sætaröðun dómara en slaktaumatöltið vann hann á Nirði frá Feti og fimmganginn á Atlasi frá Hjallanesi.

Elvar Þormarsson og Fjalladís frá Fornusöndum héldu uppteknum hætti í gæðingaskeiðinu og sigruðu það með glæsibrag, 9,00 í einkunn sem er hæsta einkunn sem gefin hefur verið á Íslandi í þessari grein eftir að reglum hennar var breytt. Elvar hlaut einnig FT fjöðrina en saman hafa þau sýnt yfirburði sína í gæðingaskeiði og orðið Íslandsmeistarar þrjú ár í röð. Sýningarnar þeirra einkennast af krafti, léttleika og mýkt.



**Jóhanna Margrét Snorradóttir og Bárður frá Melabergi.** Mynd /Jón Björnsson



**Jón Ársæll Bergmann og Frár frá Sandhóli.** Mynd /Freydís Bergsdóttir

Ein af stjörnum ungmennaflokks var án efa Jón Ársæll Bergmann en hann fór fjórum Íslandsmeistaratitlum ríkari. Hann vann tölt, fjórgang og samanlagðar fjórgangsgreinar á Frá frá Sandhóli og 250 m skeiði á Rikka frá Stóru-Gröf.

Glódís Rún Sigurðardóttir og Salka frá Efri-Brú unnu fimmgang ungmenna með 7,60 í einkunn sem er sjaldséð einkunn í þessum flokki. Glódís hlaut FT fjöðrina fyrir sýningu sína á Sölku en þær eru glæsilegt par með fallega útgeislun.

Íslandsmót barna og unglinga verður haldið á Hellu dagana 13.–16. júlí. Verður gaman að fylgjast með krökkunum spreyta sig á keppnisvellinum en að þessu sinni verður keppt bæði í íþrótta- og gæðingakeppni á mótinu sem er nýbreytni á Íslandsmóti. */hf*



**Innlent bygg er trefjaríkt korn sem hægt væri að nýta betur í matvælaiðnað.**

## Matís:

# Heilsufarslegur ávinningur heilkorns

**Matvælaiðnaður hér á landi hefur ekki hagnýtt heilkorn eins og vert væri að mati Ólafs Reykdal, verkefnastjóra hjá Matís.**

Ólafur ritaði grein um tengsl heilkorns við heilsufarslegan ávinning á vefsíðu stofnunarinnar á dögunum. Þar kemur fram að hægt væri að nýta íslenskt bygg og hafra í mun meira mæli en nú er gert.

Matís hefur í verkefnum sínum sýnt fram á notagildi íslenska kornsins. Í skýrslunni „Íslenskt matkorn – Gæði, innihald og viðhorf", frá árinu 2012, kemur fram að nýting á íslensku byggi í bökunariðnaði hafi leitt til nýsköpunar, sparað gjaldeyri og skapað atvinnu. Einnig komu fram niðurstöður efnagreininga á innlendu korni frá árinu 2010 sem sýndu að magn sterkju í innlendu korni var ekki verulega frábrugðið því sem mældist í innfluttu korni. Kornið væri trefjaríkt og magn óæskilegra efna væri mjög lágt.



**Ólafur Reykdal verkefnastjóri.**

Ólafur bendir á í grein sinni að trefjaefni, eins og beta-glúkan, sé í mjög takmörkuðu mæli í hveiti en séu til staðar í bygg og höfrum sem ræktað er hér á landi. Hann tengir aukna kornrækt á Íslandi við nýútkomnu norrænu næringarráðleggingarnar en samkvæmt þeim er mælt með að neyta að minnsta kosti 90 gramma af heilkorni á dag.

„Heilkorn inniheldur hýðið og þau bætiefni sem því fylgja. Hvítt hveiti og hvít hrísgrjón geta augljóslega ekki fallið undir heilkorn," segir Ólafur í grein sinni og minnir á að fólk sem hefur glútenóþol þurfi að forðast heilkorn með glúteni en getur þess að til séu hafrar sem hafa verið staðfestir glútenlausir.

„Korn er mjög mikilvægt fyrir fæðuöryggi á Íslandi og er þá bæði átt við korn sem fóður og til matvælaframleiðslu. Manneldiskorn er langveikasti hlekkurinn í fæðuöryggi á Íslandi. Nú standa vonir til aukinnar kornræktar á Íslandi og því er full ástæða til að nota meira af íslenska korninu í matvæli," segir Ólafur Reykdal. */ghp*


Íslenskar ullaryfirdýnur
í mörgum stærðum
Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands

FRÉTTIR

## Heimaslátrun á lögbýlum:

# Engin fjölgun bæja með leyfi fyrir næstu sláturtíð

**Á vormánuðum 2021 var heimaslátrun á sauðfé og geitum í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum til markaðssetningar heimiluð, með tilskildum leyfum.**

Fyrir sláturtíð það ár fengu þrír bæir sláturleyfi; Grímsstaðir í Reykholtsdal í Borgarfirði, Lindarbrekka í Berufirði og Birkihlíð í Skagafirði – og er staðan nær óbreytt í ár.

Samkvæmt upplýsingum frá Freydísi Dönu Sigurðardóttur, fagsviðsstjóra eftirlits búfjárafurða hjá Matvælastofnun, var Lindarbrekka með skilyrt, tímabundið leyfi sem hefur ekki verið endurnýjað. Engar fleiri umsóknir hafa borist stofnuninni. „Lindarbrekka myndi þurfa að biðja um endurúttekt fyrir slátrun. Það er mjög misjafnt hvað við vitum um hugsanlegar umsóknir. Það er allavega lítið um fyrirspurnir eða óskir um leiðbeiningar. Kannski ein á sex mánaða fresti,“ segir Freydís.

*Hefur trú á því að þetta komi smám saman*

Talsverð undiralda hafði verið í þessum málum í aðdraganda þess að reglugerð var gefin út sem heimilar rekstur lítilla sláturhúsa á lögbýlum. Ákall var meðal sauðfjárbænda um að leyfi fengist til að slátra heima – og vinna afurðir sínar til markaðssetningar – í því skyni að auka möguleika þeirra til frekari verðmætasköpunar. Í fararbroddi þeirra voru Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir og Þröstur Heiðar Erlingsson, bændur í Birkihlíð. Þau fengu stuðning fyrir rúmu ári síðan úr Markaðssjóði sauðfjárafurða til að halda ókeypis námskeið fyrir þá bændur, sem hefðu hug á því að sækja um að reka slík sláturhús.

Að sögn Ragnheiðar Láru voru viðtökurnar betri en þau bjuggust við og voru bæir úr öllum landshornum með sem þeim fannst skipta miklu máli. „Bændurnir á námskeiðunum voru ekki allir ákveðnir í að fara út í þetta en fannst mjög spennandi að vera með og vita hvað þarf að gera til að fá leyfið. Sumir reyndar ætla í þetta og eru að vinna í því en ætla alveg að taka sér tíma í það. En við vitum um tvo bæi sem eru komnir vel á veg og eru að stefna á þetta. Við höfum samt fulla trú á að þetta komi smám saman. Þegar þú ert farinn að selja sjálfur þína vöru á miklu hærra verði en þú færð fyrir hana í sláturhúsinu ertu kominn í allt annað hagkerfi. Vinna í þinni eigin kjötvinnslu getur þá komið í staðinn fyrir vinnu utan heimilis.

Það vantar líka alveg að forystumenn bænda sýni þessu einhvern áhuga, en það hefur eiginlega aldrei verið, þrátt fyrir samþykktir frá aðalfundum um að lyfta þessum málum. Fyrrum stjórnir Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands voru algjörlega gagnslausar á þessum tíma sem við vorum að brasa við þetta, þeir formenn sem störfuðu þá sýndu þessu þó aðeins áhuga,“ segir hún.



Þröstur Heiðar Erlingsson og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bændur í Birkihlíð, úrbeina læri. Myndir / Birkihlíð



Í Birkihlíð er nú unnið að því að bæta sláturaðstöðuna. Hér má sjá Þröst í rými sem er bak við kjötvinnsluna og þar munu lambaskrokkarnir koma inn og verða settir á bekk og gæran tekin af með talíu. Þá er unnið að því að breyta súrheysgryfjum í innangenga frystiklefa, sem verða tæplega þrjátíu fermetrar að stærð.

*Hræðsla við Matvælastofnun*

„Maður heyrir það alltaf að fólk er bara skíthrætt við samskiptin við Matvælastofnun og gerir í raun allt sem það getur til að komast hjá því – hvað þá að fyrra bragði. En eins og við höfum sagt að þá er þarna gott starfsfólk líka sem hefur reynst okkur ágætlega.

Nú erum við að koma okkur upp betri aðstöðu til að slátra og þá horfum við mjög mikið til að í framtíðinni munum við fá leyfi til að slátra stórgripum heima. Enda trúum við því ekki að það ætti að vera langsótt. Spendýr á fjórum fótum, bara aðeins stærra. Ætli það verði ekki bara næsti slagur,“ segir Ragnheiður.

„Við fengum langtímaleyfi í október í fyrra til að slátra sauðfé og ætlum að reyna að byrja að slátra í ágúst núna. Við erum alveg að verða búin með okkar lambakjöt en í fyrra, eins og undanfarin fimm ár þar á undan, höfum við selt allt okkar lambakjöt sjálf. Í fyrrahaust vorum við með rétt tæplega þrjú hundruð sláturlömb og því erum við mjög ánægð með hvernig staðan er hjá okkur núna.

*Matarferðamennska kemur sterk inn*

Ragnheiður Lára telur að mörgum vaxi það í augum að fara að selja kjötið sitt sjálfir en það sé mikil vakning í sölu beint frá býli og matarferðamennska hafi komið mjög sterkt inn að undanförnu.

„Við finnum það mjög vel að það eru fleiri sem vilja koma til okkar og versla og við erum líka að taka á móti alls konar hópum sem vilja kynna sér heimavinnslur sem og heimaslátrun. Og í þessu ferli okkar öllu, að berjast fyrir heimaslátrun, verður maður að hafa valdið með sér, það er að segja Alþingi. Reglugerðarfarganið er bókstaflega allt að drepa og þá er ég ekki bara að tala um heimavinnslur og bændur.

Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi landbúnðarráðherra, skildi þörfina mjög vel að koma sauðfjárbændum út úr þeim klafa að geta aðeins farið með lömbin sín á sláturhús og fá engu ráðið með verðið og eiga sauðfjárbændur honum miklar þakkir skildar fyrir sinn stóra þátt í útgáfu reglugerðarinnar sem heimilaði þetta. Íslendingar sem hafa ferðast um heiminn tala mikið um það að það sé svo gaman að keyra um sveitirnar úti í heimi og geta keypt til dæmis jarðarber á einum bæ, plómur á þeim næsta, heimagerðan ost á þeim þriðja og mjólk á þeim fjórða.

Alltaf eru fleiri og fleiri bændur hérna á Íslandi að opna litla búð heima á sínum bæjum þar sem þeir bjóða upp á sínar afurðir. Það er gaman að segja frá því að hér í Skagafirði er hægt að keyra heim á bæi og versla nauta-, kvígu-, lamba- og geitakjöt, lífrænt ræktað grænmeti, kál, gúrkur og tómata sem og geitaost. Fólki finnst þetta æðislegt. Ekki drepa íslenskan landbúnað, þið sem stjórnið. Leyfum nýsköpuninni að blómstra áfram í allri sinni dýrð og minnkum reglugerðafarganið, öllum til hagsbóta. Ábyrgð þingmanna er gríðarlega mikil.“ /smh






# Landbúnaður á norðurslóðum til umræðu í Færeyjum

**Framlag búskapar á norðurslóðum til sjálfbærra staðbundinna lífhagkerfa er yfirskrift ráðstefnu Samtaka jaðarsvæða landbúnaðar í norðri, *Circumpolar Agricultural Association (CAA)*, sem haldin verður í Færeyjum í september næstkomandi.**

Ráðstefnan átti fyrst að fara fram í júlí á síðasta ári en var frestað vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Mun þetta vera ellefta landbúnaðarráðstefna samtakanna CAA sem stofnuð voru árið 1995.

Á ráðstefnunni er skapaður umræðuvettvangur um landbúnað á norðurslóðum á víðum grundvelli. Meðal efnisþátta verða tæknivæðing í landbúnaði og aðgengi að mörkuðum, plöntukynbætur og genafjölbreytileiki, möguleikar nýrra landflæða sem skapast vegna loftslagsbreytinga og samspil ferðaþjónustu og staðbundinnar framleiðslu.



Tróndur Leivsson, forseti Circumpolar Agricultural Association.

Í viðtali við Bændablaðið árið 2021 sagði Tróndur Leivsson, yfirmaður Landbúnaðarstofnunar Færeyja og forseti samtakanna CAA, að ráðstefnan væri hvorki stíf vísindasamkoma né pólitískur vettvangur, heldur góð samsuða sem hefur það að markmiði að stuðla að áhuga á landbúnaðarmálum á norðurslóðum.

Ráðstefnan mun fara fram í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn daganna 5.–7. september og er hún öllum opin. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu samtakanna: cirumpolaragriculture.com. /ghp

# STEINSMIÐJA AKUREYRAR

***Eitt mesta úrval landsins af legsteinum.***
***Grafskrift og uppsetning innifalin.***
***á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu***
***eða frí sending um allt land.***
***Allar upplýsingar á heimasíðu okkar.***
***steinsmidjaakureyrar.is***






***VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT***

***Hægt að grafa skrift í bak og setu. 130 cm breiðir ca 140 kg. 249.000kr***










***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***

FRÉTTIR

## Atmonia:

# Tæki til sjálfbærrar áburðarframleiðslu tilbúin eftir um þrjú ár

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is





Jarðarberjaræktun með áburði Atmonia. Myndir / Aðsendar

**Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia vinnur að tveimur ólíkum vörum, sem báðar hafa það lokatakmark að framleiða áburð á sjálfbæran hátt – á hvaða stærðarskala sem er. Stefnt er að því að fyrri varan komi á markað árið 2026 og hin tveimur árum síðar.**

Á síðustu árum hefur reglulega verið greint frá framþróun Atmonia hér í Bændablaðinu, enda mun þeirra tækni geta haft afgerandi áhrif á þá möguleika sem Ísland hefur til sjálfbærrar áburðarframleiðslu í nánustu framtíð.

### *Töluverður vöxtur*

Að sögn Guðbjargar Rist framkvæmdastjóra hefur fyrirtækið vaxið töluvert síðastliðið ár.

„Hjá okkur starfa nú 20 manns í teymi og flestir vinna að rannsóknum og þróun við verkefnin tvö. Einnig hefur töluverð vinna í viðskiptaþróun farið fram sem hefur skilað mikilvægum samningum við fyrirtæki eins og SABIC, sem greitt hefur fyrir einkarétt á ammoníaksframleiðslu með tækni Atmonia á svæðunum Sádi-Arabía, Barein, Kúveit og Óman.“

Guðbjörg segir að önnur þeirra vörutegunda sem sé í þróun feli í grundvallaratriðum í sér að fanga ammoníak sem sleppur út í andrúmsloftið og breyta í verðmætan nítrat-áburð. „Þegar ammoníak sleppur út í andrúmsloftið þá er það ekki einungis tap á verðmætum, heldur veldur losun ammoníaks alvarlegum umhverfisspjöllum; svo sem sýringu á vötnum og sjó. Mikið magn af ammoníaki tapast á þennan hátt á ári hverju, til dæmis úr mykju. Með því að breyta þessu ammoníaki í verðmæti, er hægt að spara gríðarlega mikið í innkaupum á áburði og minnka kolefnisspor. Til að mynda er magnið af nitri sem tapast í formi ammoníaks úr mykju á Íslandi á hverju ári talið vera svipað og nitrið í þeim áburði sem keyptur er til landsins ár hvert. Vara Atmonia, sem áætlað er að komi á markað 2026, passar sérstaklega vel við stöðvar sem þegar framleiða metangas úr úrgangi. Þá er varan einfaldlega tengd við gasið sem safnað er úr úrganginum og inniheldur bæði metan og ammoníak. Ammoníakið er svo skilið frá metaninu og breytt í verðmætt nítrat. Atmonia er nú þegar með tilraunaverkefni í gangi með SORPU, þar sem ammoníaki, sem kemur sem hliðarafurð úr metangasframleiðslu jarðgerðarstöðinni GAJA, er jafnóðum breytt yfir í nítrat.“

### *Leitin að hvatanum*

Hitt verkefni Atmonia gengur út á framleiðslu á ammoníaki við herbergishita og herbergisþrýsting úr vatni, andrúmslofti og rafmagni.

„Svo lengi sem sjálfbært rafmagn er notað í framleiðsluna, þá er ammoníakið sem er framleitt einnig sjálfbært. Styrkur upp á um 3,5 milljón evra til þriggja ára var veittur í þetta verkefni frá Evrópusambandinu á síðasta ári.

Einnig náðist stór áfangi á síðasta ári þegar Atmonia tókst í fyrsta skiptið að sanna með óyggjandi hætti að „hvötun“ átti sér stað í einum af efnasamböndunum sem Atmonia hefur einkaleyfi á. „Hvötun“ er það þegar eitthvert efni hraðar efnahvarfi.



Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia.

Í tilfelli tækninnar þar sem búið er til ammoníak, þá má segja að það efnahvarf að ammoníak verður til úr nitri andrúmsloftsins og vatni, með rafmagni, geti ekki farið fram án aðstoðar.

Þegar vatnið og nitrið kemst hins vegar í snertingu við ákveðna málmblöndu (hvatinn) – og á meðan rafmagn er keyrt í gegnum hvatann, þá verður þetta eftirsótta efnahvarf að veruleika. Ammoníak myndast þá úr nitri og vatni.

Leitin að þessari ákveðnu málmblöndu, eða hvata, hefur verið verkefni Atmonia síðan 2012 og snýst allt um að finna nákvæmlega rétta hvatann sem getur gert þetta,“ útskýrir Guðbjörg.

Hún bætir því við að engum rannsakendum hafi áður tekist að „hvata“ ammoníaksframleiðslu á þennan hátt með rafstraumi samkvæmt birtum vísindagreinum. Atmonia vinnur nú að því að bæta hvatann og er reiknað með að fyrsta tækið af þessu tagi muni koma á markað árið 2028.

> „Til að mynda er magnið af nitri sem tapast í formi ammoníaks úr mykju á Íslandi á hverju ári talið vera svipað og nitrið í þeim áburði sem keyptur er til landsins ár hvert.“

### *Hægt að setja tækin upp heima á bæjum*

Í hinu tækinu er verið að hraða ferlinu þegar ammoníak breytist í nitur. „Þar eru svokallaðir lífhvatar að verki, eða ensím. Ensímin eru inni í bakteríum sem eru einangraðar úr náttúrunni. Bakteríunum er viðhaldið inni í sérstökum tanki sem er í smíðum hjá Atmonia.

Þegar ammoníaki er dælt inn í tankinn, þá breyta ensímin inni í bakteríunum – sem eru inni í tankinum – ammoníakinu jafn óðum yfir í nítrat, sem er verðmætari og nothæfari áburður heldur en hreint ammoníak,“ segir Guðbjörg.

Gert er ráð fyrir að sérhæft framleiðslufyrirtæki muni sjá um framleiðslu á tækjunum. Guðbjörg segir að Atmonia muni hins vegar setja upp framleiðslu á ákveðnum íhlutum fyrir bæði tækin, sem verði ómissandi fyrir skilvirkan rekstur tækjanna.

Tækin sem stefnt er á að fara með á markað verða annars vegar með hámarksafköst upp á 150 tonn af ammoníaki á ári og hins vegar 23 tonn af ammoníum nítrati.

Þegar Guðbjörg er spurð um möguleika bænda á notkun á tækjunum segir hún að vel sé hægt að setja tækin upp beint heima á bæjum. „Það verður þó mun hagkvæmara í báðum tilvikum að framleiða áburðinn úr þeim í „smáverksmiðjum“, þar sem kannski 100 tæki eru keyrð saman í einu, og áburðurinn síðan fluttur á áfangastað.“

### *Hagkvæmari áburðarframleiðsla með tækni Atmonia*

Hún reiknar með að á Íslandi verði hagkvæmara að nota tækin heima á bæjum til áburðarframleiðslu heldur en að kaupa innfluttan tilbúinn áburð, vegna þess hversu rafmagn sé hér tiltölulega ódýrt en áburður í smásölu dýr. „Á býlum erlendis er óvíst hvort hagkvæmni næst með framleiðslu beint á býli vegna hás raforkuverðs og ódýrari áburðar á markaði.

Hins vegar er víst að ef tækin eru sett saman í „smá-verksmiðjum“ að forskrift Atmonia og áburðurinn svo fluttur tiltölulega stuttar vegalengdir á 100 býli eða meira, þá er nokkuð öruggt að áburður framleiddur með tækni Atmonia mun verða hagstæðari en áburður seldur á markaði á flestum stöðum í heiminum.“



Starfsfólk Atmonia.

Rýmum til fyrir nýrri sendingu af beinskiptum vélum.
SOLIS 26 á 1.550.000+vsk (verð áður1.620.000+vsk)




www.vallarbraut.is Trönuhrauni 5, Hafnarfirði S-4540050

# Husqvarna

## Husqvarna vörur á betra verði

## HÁ Verslun er umboðsaðili Husqvarna Construction/ byggingvörum á Íslandi

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



**Husqvarna DM430**
**Kjarnaborvél**
450 mm Max



**Husqvarna K4000**
**Rafmagns steinsög**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna K770 14”**
**Steinsög/Hellusög**
Sögunardýpt 12,5 cm



**Husqvarna DM230**
**Kjarnaborvél**
150 mm Max



**Husqvarna K3600**
**Vökvasög**
Sögunardýpt 27 cm



**Husqvarna K970**
Sögunardýpt 15,5 cm



**Husqvarna FS 500**
**E rafmagns gólfsög**
Sögunardýpt 19 cm



**Husqvarna Trowel**
**BG 245**
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



**Husqvarna K7000**
**Ring**
Sögunardýpt 32,5 cm



**Husqvarna K7000**
**Pre Cut**
Sögunardýpt 14,5 cm



**Husqvarna FS400**
**LV gólfsög**
Sögunardýpt 16,2 cm



**Husqvarna LF75**
**Jarðvegsþjappa**
97 kg, 500 mm plata



**Husqvarna Rammer**
**Hoppari LT6005**
230 mm plata, 69 kg



**Husqvarna W 70 P**
Fyrir vatn og blautan steypuúrgang.
Auðveld í notkun.

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán.-fös. kl. 9-17
Sími 588 0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

NYTJAR HAFSINS



Á svæði C kemur mestur fiskur eftir að veiðar eru stöðvaðar. Mynd / Aðsend

# Vilja sanngjarnara kerfi

**Formaður, varaformaður og stjórnarmaður í Strandveiðifélagi Íslands funduðu með sjómönnum á Þórshöfn, Borgarfirði eystri og í Neskaupstað um helgina.**

Erindi fundanna er kerfislægur vandi sem strandveiðisjómenn á Norðausturlandi og Austfjörðum glíma við. Veiðarnar verða stöðvaðar í byrjun júlí, á meðan einungis 80 prósent aflans er kominn á land. Þetta sé sama sagan og á síðustu vertíð og bitni mest á svæði C, en þar fer ekki að veiðast almennilega fyrr en í júlí og ágúst.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá stjórn Strandveiðifélags Íslands kemur fram að mæting hafi verið góð og að ræddar hafi verið leiðir til að ráða bót á stöðu C svæðisins, sem Strandveiðifélagið kallar „bráðavanda“. Stjórnin segir ljóst að strandveiðisjómönnum sé mest í mun að strandveiðikerfið sé sanngjarnt fyrir alla landshluta. Strandveiðisjómenn um allt land eru í sama liðinu.

Kjartan Sveinsson formaður, Friðjón Ingi Guðmundsson varaformaður og Álfheiður Eymarsdóttir stjórnarmaður sóttu strandveiðisjómennina heim og segjast hafa fengið dýrmætar upplýsingar af þessum fundum og skipuleggi nú næstu skref. /ÁL

# Humarleiðangur Hafró

**Hafrannsóknastofnun hélt í rannsóknarleiðangur dagana 6. til 15. júní síðastliðinn.**

Þar var stofnstærð humars metin út frá humarholufjölda með hjálp neðansjávarmyndavéla.

Myndað var á 89 stöðum, allt vestan frá Jökuldýpi á Faxaflóa austur til Lóndýpis. Niðurstöður leiðangursins verða kynntar í haust þegar búið er að fara yfir allt myndefnið, en fyrsta yfirferð bendir til aukningar frá síðasta mati. Frá þessu er greint í frétt á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Togað var á 17 stöðum til að safna upplýsingum um stærðarsamsetningu og kynþroska. Á flestum stöðum veiddist lítið af humri og voru þeir almennt stórir. Þekkt er þegar veiði er dræm að einkum veiðist stór dýr. Enn fremur voru tekin háfsýni á 26 stöðum til að fá upplýsingar um magn humarlirfa og samsetningu dýrasvifs á svæðinu. Leiðangurinn fór fram um borð í Bjarna Sæmundssyni HF 30, rannsóknarskipi Hafrannsóknastofnunar. /ÁL




SeaRanger og Rescue Runner
eru trúlega ein mögnuðustu björgunartæki
sem í boði eru í dag.
Getum boðið nýja báta á góðu verði.
Leitið tilboða hjá okkur.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is



„Það er fiskur úti um allt, hringinn í kringum landið. Hver einasti strandveiðimaður sem okkur er kunnugt um hefur sömu sögu að segja; það er allt vaðandi í fiski,“ segir Arthur Bogason. Mynd / Haukur Hólmsteinsson

Strandveiðar:

# Veiðum líklega lokið í næstu viku



Þorvaldur B. Arnarson
thorvaldur@bondi.is

**Þau 10.000 tonn af þorskkvóta sem matvælaráðherra úthlutaði strandveiðimönnum fyrir strandveiðitímabil ársins eru svo gott sem uppurin, nú strax í byrjun júlímánaðar.**

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, furðar sig á því hversu þröngt strandveiðistakkurinn var sniðinn þetta árið í ljósi þess hversu mjög þorskstofninn hafi styrkst frá síðasta ári.

### *Lítil aukning þrátt fyrir styrkingu stofnsins*

„Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar voru á þá leið að íslenski þorskstofninn hefði styrkst um að minnsta kosti 7% frá fyrra ári, en engu að síður varð það niðurstaðan að ráðleggja 1% aukningu á þorskafla þetta fiskveiðiárið,“ segir Arthur.

Niðurstaðan hafi því verið vonbrigði, sér í lagi í ljósi þess sem hann segir strandveiðimenn hafa reynt á eigin skinni það sem af er tímabils. „Það er fiskur úti um allt, hringinn í kringum landið. Hver einasti strandveiðimaður sem okkur er kunnugt um hefur sömu sögu að segja; það er allt vaðandi í fiski.

Það er eilítið merkilegt að Hafrannsóknastofnun taki sínar mælingar snemma vors og úthlutun sé ákvörðuð út frá þeirra ráðleggingum, en svo þegar menn halda til veiða þá er ekki þverfótað fyrir fiski. Það er allt teppalagt, landið hringinn um kring,“ segir hann.

### *Mokveiði landið um kring*

Strandveiðitímabilið hefst að jafnaði 2. maí ár hvert. Árið 2022 lauk strandveiðitímabilinu 23. júlí en nú er staðan sú að rétt um 90% úthlutaðs strandveiðikvóta er þegar veiddur.



Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.

„Strandveiðitímabilið mun því klárast eftir næstu helgi, enda potturinn svo gott sem tómur. Það er súrt í brotið fyrir karlana að hverfa frá veiðum nú strax í júlíbyrjun enda er veiðitímabilið rétt að rjúfa tveggja mánaða markið,“ segir Arthur. Í reglugerð komi fram að heimilt sé að veiða tólf veiðidaga á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst en nú sé kvótinn búinn og menn séu því einfaldlega nauðbeygðir til að hætta.

„Ég leyfi mér að setja spurningarmerki við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar annars vegar og upplifun þeirra 700 sjómanna sem stunda strandveiðar við Íslandsstrendur. Hvernig má það vera að ráðherra skammti strandveiðimönnum 10.000 tonn á meðan það mokveiðist enn undan hverri einustu fjöru?“ bætir Arthur við.

### *Heimild til aukningar strandveiðikvóta skýr og til staðar*

Aðspurður um það hvort ráðherra geti aukið við strandveiðipottinn úr því sem komið er segir Arthur að sú sé vissulega raunin. „Við vonum svo sannarlega að ráðherra auki við, já.

Við erum einfaldlega sannfærðir um það að það sé af miklu meira en nægu að taka, en það virðist ekki alveg fara saman hljóð og mynd í ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar annars vegar og upplifun strandveiðimanna hins vegar hvað þetta varðar. Ef þú spyrð mig þá er hreinlega ómögulegt að 700 sjómenn hringinn í kringum Ísland, sem allir hafa nákvæmlega sömu sögu að segja, hafi svona kolrangt fyrir sér hvað ástand fiskistofna varðar. Ráðherra hefur hins vegar fulla heimild til að auka við strandveiðipottinn í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin og það myndi gleðja okkur gríðarlega. Við sjáum til hvað verður í þeim efnum,“ segir hann.

> „... en svo þegar menn halda til veiða þá er ekki þverfótað fyrir fiski ...“

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hljóðaði upp á að heildarmagn þorsks yrði 211.309 tonn fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, sem er 1% aukning frá árinu í fyrra þegar ráðlagður þorskkvóti var 208.846 tonn. Eins og fyrr segir er 10.000 tonnum af því magni úthlutað til strandveiðimanna og mætti sú tala að mati Arthurs vera mun hærri.

„Það hlýtur að fara að mega endurskoða þetta, því það er bara ósköp einfaldlega rangt gefið. Hér er ekki einu sinni verið að taka tillit til þess sem við vitum að viðgengst og er viðvarandi vandamál, sem er brottkast. Það er ekkert tillit til þess tekið að staðreyndin er sú að það er ákveðið hlutfall afla stóru skipanna sem iðulega hverfur aftur í hafið, á meðan strandveiðimenn hirða hvern einasta sporð. Þar að auki þrengir að strandveiðikörlum með auknum reglusetningum frá ári til árs, og ef fram heldur sem horfir verður það komið í reglugerð innan skamms hvorum megin menn mega pissa yfir borðstokkinn eftir því úr hvaða átt vindurinn blæs hverju sinni,“ segir Arthur Bogason um núverandi ástand íslenska strandveiðigeirans.




Fljótandi blaðáburður er góð viðbót til að tryggja rétt hlutfall næringarefna.

Hentar sérstaklega vel eftir mikið álag t.d. vegna erfiðra veðurskilyrða.

Yara Vita Brassitrel Pro:
Repja, gulrætur, rófur og grænmeti.

Solatrel:
Kartöflur, gulrætur, kál og grænmeti.

Gramitrel:
Korn.

Croplift:
Fyrir almenna notkun.

Upplýsingar á yara.is og hjá sölumönnum.

# Eigum enn nóg til af áburði

## Yara Vita fljótandi blaðáburður




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS







# Verðlagsgrunnur mjólkur og skekkjurnar sem í honum finnast

**Nýlega var birtur nýr verðlagsgrundvöllur mjólkurframleiðslu, sá annar á þessu ári. Birtir hann verðlagningu á aðföngum, þjónustu og öðrum nauðsynlegum rekstrarliðum fyrir mjólkurframleiðendur.**

Þessi grunnur er síðan forsenda breytingar á heildsöluverði mjólkur en það verð er ákveðið af verðlagsnefnd búvara ársfjórðungslega, beint í kjölfar uppfærslugrunnsins.




Í kostnaðarliðnum eru mældar verðbreytingar á 11 kostnaðarliðum mjólkurbús, allt frá áburði yfir í laun, og inniheldur hver kostnaðarliður tvo til fimm undirliði.

Allt í allt 44 mælingar sem taka mismiklum breytingum á milli uppfærslna.

Í nýjustu útgáfunni, 1. júní 2023, var tilkynnt að rekstrarkostnaður þess bús sem miðað er við, 40 kýr með geldneytum, hafi hækkað um 1% frá síðustu útgáfu. Í hækkunum munar mest um hækkun launa, 3% á milli fjórðunga sem samsamar rétt rúmlega 600.000 króna hækkun fyrir býlið á ársgrundvelli, auk 80.000 króna hækkun á launatengdum gjöldum. Mesta lækkunin er á kjarnfóðri, lækkun upp á rétt tæplega 180.000 krónur.

Eftir þessa tæplega 700.000 króna hækkun á launum og launatengdum kostnaði eru laun á kúabúi áætluð 24,1 milljón á ári, eða um milljón á mánuði fyrir tvo starfsmenn. Er sú upphæð ekki í samræmi við niðurstöður rekstrarverkefnis RML sem sýndi fram á að launakostnaður meðalbús árið 2021 voru aðeins um 11,5 milljónir árið 2021, auk 1,4 milljóna í hagnað af rekstri. Hafi þau laun og hagnaður haldist í við þróun launavísitölu frá upphafi árs 2021 og til júní 2023, ættu þau að vera 18.450.000 á ári.




Töluverður munur þar en við það má einnig bæta að meðalbúið árið 2021 hafði 59 kýr en ekki 40 eins og verðlagsgrunnurinn gerir ráð fyrir þannig ekki er aðeins að vinna fyrir lakari kjör en gert er ráð fyrir í endursöluverði vörunnar, heldur er vinnuframlag þeirra einnig að meðaltali meira.

Aðrir liðir verðlagsgrunnsins eru einnig oft á skjön við það sem margir kúabændur segjast þekkja úr sínum rekstri. Þessar breytur hafa leitt til þess að mörgum þykir kostnaður, sér í lagi fjármagnskostnaður og afskriftir, vera vanmetinn í grunninum. Árið 2001 var metið að meðalverðmæti húsa sem nýtt eru til mjólkurframleiðslu ætti að vera 22,4 milljónir og véla væri 18,4 milljónir. Síðan þá hefur þetta verð verið uppreiknað með tilliti til byggingavísitölu annars vegar og gengisvísitölu Seðlabanka Íslands hins vegar. Í enda árs 2022 var meðalvirði húsnæðis samkvæmt verðlagsgrunninum rétt rúmlega 80 milljónir og meðalvirði véla 31,2 milljónir.

Ef virði véla væri hins vegar uppreiknað með verðvísitölu innflutnings á annaðhvort framleiðsluvörum eða véla og samgöngutækja, sem margir myndu áætla að væri réttari samanburður, væru vélar metnar tvöfalt verðmætari í verðlagsgrunninum, rúmlega 60 milljónir í stað 31 milljónar, og afskriftir og vaxtakostnaður í samræmi við það. Þykir það vera nær því sem gerist í raun.

Samband verðlagsgrunnsins og mjólkurverðs helst ekki alltaf í hendur heldur er það í höndum verðlagsnefndar búvara að taka ákvörðun um verðhækkanir. Eins og sést á grafi hérna sem ber saman þróun kostnaðar í verðlagsgrunni og verðlagsvísitölu mjólkurverðs, hækkar verð stundum meira en hækkun grundvallarins. Vert er þó að hafa í huga að verðlagsvísitala mjólkur mælir verð á mjólk út í búð og því eru fleiri þættir sem hafa áhrif á hana en ákvarðanir verðlagsnefndar. Frá byrjun árs 2010 hefur verð á mjólk úti búð þó hækkað meira en kostnaður mjólkurframleiðenda eins og hann kemur fram í grundvellinum. Fyrir hvert prósent sem framleiðslukostnaður hækkar samkvæmt verðlagsgrundvelli hefur verð á mjólk hækkað um 1,29%. Þar sem mat grundvallarins er ekki alveg í samræmi við upplifun bænda, og það svo stutt með gögnum úr rekstrarverkefni RML, væri óeðlileg krafa að verð á mjólk myndi til lengri tíma haldast algjörlega í hönd við kostnað eins og hann er reiknaður í verðlagsgrundvellinum.

Nú er verið að vinna að nýjum verðlagsgrunni og ber því að fagna. Ljóst er að núverandi útgáfa sýnir skakka mynd af rekstri búa og afkomu bænda og ekki er réttlátt að eingöngu sé tekið mið af honum í ákvörðunum sem hafa bein áhrif á störf og lífsgæði kúabænda. /SFB






limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025 | 2022 Framúrskarandi fyrirtæki | ISO 9001 | ÍSLENSKT gjörið svo vel | CE

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTASKÝRING

## Skógrækt:

# Miklar breytingar í vændum

## – Líffræðilegur fjölbreytileiki virðist vera lykillinn að því að íslenskir skógar standi loftslagsbreytingar af sér

**Er miklu meiri skógrækt á Íslandi mál málanna? Eða er of hratt farið? Skógrækt til kolefnisbindingar er sögð brýnust, einnig til landbóta og skjóls og sömuleiðis talið áríðandi að létta á skipulagsferlum innan sveitarfélaganna svo ný skógræktarverkefni komist hraðar á legg. Þá þurfi að herða mjög á plöntuframleiðslu og efla fræðslu.**


Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Skógrækt á Íslandi stendur að sumu leyti á krossgötum vegna breytinga á loftslagi. Landið er samkvæmt veðurfarslíkönum mögulega að færast úr barrtrjáabelti í laufskógabelti á svo sem eins og hundrað árum og það gefur ýmsa möguleika á nýjum trjátegundum með fjölbreyttari nýtingarmöguleikum.

Þó gæti þetta orðið þveröfugt og landið kólnað, um það er torvelt að segja og byggist á hvort hringrás Atlantshafsins, Golfstraumurinn og suðurkvísl hans AMOC, hægi verulega á sér og jafnvel stöðvist á komandi tímum. Þá yrðu fjórar megintegundir Íslands: greni, fura, lerki og ösp, áfram framverðir okkar á sviði skógræktar, í það minnsta um hríð. Mikil óvissa er um þetta allt saman og þarf því skógræktarfólk, sem ævinlega horfir til langs tíma, að undirbúa að brugðið geti hér til beggja vona.

### *Skógar þurfa að vera fjölbreyttir til að þola loftslagsbreytingarnar*

„Það sem mestu máli skiptir í dag er að auka skógrækt mikið í þágu kolefnisbindingar,“ segir Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri. „Þeir skógar þurfa auk þess að þola þær loftslagsbreytingar sem fram undan eru. Þeir þurfa að vera fjölbreyttir. Okkar „náttúrulega einrækt“, birkiskógarnir, hafa ekki meira þanþol en einhæfir skógar annarra tegunda. Þess vegna þurfum við að nota þær tegundir í skógrækt sem hvað besta aðlögun sýna hverju sinni.

### Flokkar skógræktar

Skógrækt er skipt í sjö meginflokka auk fjölnytjaskógræktar þar sem markmiðin skarast:

- Borgarskógrækt
- Endurheimt náttúruskóga
- Landgræðsluskógrækt
- Nytjaskógrækt: timburskógrækt / jólatrjáaskógrækt
- Skjólbeltarækt
- Útivistarskógrækt
- Kolefnisskógrækt
- Fjölnytjaskógrækt

Til að vita hvaða tegundir það eru er nauðsynlegt að stunda öflugar rannsóknir, en ekki t.d. byggja á kreddum um innlendar versus innfluttar tegundir eða hugmyndum um að endurheimta það sem var fyrir landnám. Við þurfum að horfa til framtíðar en ekki fortíðar,“ segir Þröstur. Að koma upp skógum segir Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur Búgreinadeildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands, vera efst á baugi en einnig fræðslu og skipulagsmál.

„Við þurfum að efla skilning á hvað skógrækt er og hvernig skógar haga sér, af hverju þeir eru mikilvægir hér en ekki þar,“ segir hann. Stórefla þurfi fræðslu um skógrækt, meðal annars í skólum. „Til að búa til auðlind verðum við að byrja strax. Nytjar af skógrækt eru margvíslegar, en augljósast er þó líklega skjólið; skjólbelti og skjólskógar ættu því að vera forgangsatriði. Skógrækt byggir alltaf upp jarðveginn, hún er fyrsta aðgerð í loftslagsmálum og í sjálfbærni þjóðar.


Trjáfelling með nútímaaðferðum. Hér ræður skilvirknin ríkjum og slysahætta er minni.


Trjáfelling með hefðbundnari og eldri aðferðum. Veldur hver á (söginni) heldur. Myndir / Skógræktin


Sigríður Hrefna Pálsdóttir.


Hlynur Gauti Sigurðsson.


Birgir Arason.


Brynjólfur Jónsson.


Þröstur Eysteinsson.

Grunnurinn að sjálfbærni er skógrækt og þetta vita skógarmenn og áreiðanlega bændur líka.“

Mikilvægustu markmið skógræktar á Íslandi eru landgræðsla, endurheimt skógarþekju og sjálfbær nytja skógrækt sem minnkar innflutning á timburafurðum segir Sigríður Hrefna Pálsdóttir, skógræktarráðgjafi hjá Skógræktinni og formaður Skógræktarfélags Eyjafjarðar. Brýnt sé einnig að koma upp skjóli fyrir gróður, menn og dýr og lengja þannig tíma og möguleika fólks til að stunda útivist og hreyfingu. „Mikil tækifæri eru í að rækta skjólbelti við akra og tún. Það eykur uppskeru og ver bústofn fyrir vondum veðrum. Þetta er löngu vitað en lítið notað og mikil tækifæri þar, sérstaklega þar sem stjórnvöld vilja efla kornrækt í landinu,“ segir Sigríður.

Vitaskuld eru ekki allir sammála þessum áherslum skógræktarfólks. Birgir Arason, bóndi í Gullbrekku og formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, telur til dæmis að samspil landbúnaðar og skógræktar eigi að vera þannig að landbúnaður hafi alltaf forgang að landi til ræktunar og beitar vegna matvælaframleiðslu.

„Skógrækt á að vera skipulagsskyld, helst að fara í grenndarkynningu og að sjálfsögðu að vera afgirt,“ segir hann.

### *Skipulagsmál hamli skógrækt*

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segist ekki líta á skipulagsmál sveitarfélaga sem hindrun eins og málum sé nú fyrir komið.

„Skógrækt er skipulagsskyld og töluverð vinna og kostnaður er fólginn í því að afla framkvæmdaleyfa auk þess sem það tekur oft töluverðan tíma.“ Hann leggur áherslu á að ekki megi leggja frekari eða ríkari kröfur á landeigendur en orðið er. „Slíkt dregur úr vilja og getu landeigenda til að efla og auka skógrækt. Skógrækt er lífsnauðsynleg fyrir land og þjóð,“ segir hann.

Samkvæmt Hlyni er þó einn helsti ásteytingarsteinn í skógrækt skipulagsmál. Ganga megi svo langt að segja að þau haldi íslenskri skógrækt í gíslingu og góðu uppbyggingarstarfi fyrir sjálfbærni niðri. Ótrúlega flókið geti verið að koma skógræktarverkefnum í gegnum skipulagsferli og hreinlega letjandi fyrir margan.

„Mín tilfinning er að allir vilji vel, sveitarfélög; starfsmenn þeirra og kosnir fulltrúar,“ segir hann. „En skipulagsmálin eru skógrækt óþægur ljár í þúfu. Oftar en ekki er allt tilbúið til að hefja skógræktarverkefni og svo stoppar það á skipulagsmálunum. Þetta ferli er svo tímafrekt og trén bíða á meðan.


Skógar eru unaðsreitir og sálinni hollir. Þór Þorfinnsson, skógarvörður á Hallormsstað, fræðir almenning um sögu skógarins. Mynd / SÁ



Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna
á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér
í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu.
Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana.
Við tökum vel á móti þér

Nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www. suzuki.is

Svo er einhver togstreita um hvernig túlka beri lög og ákvæði. Aðalskipulag á að vera lifandi plagg, hjálpargagn og verkfæri fyrir okkur, en virðist oft vera svo þungt í vöfum og snúið að það er eingöngu á færi þeirra sem hafa starfað við skipulagsmál í áraraðir að skilja.“ Auðveldustu og bestu lausnina telur hann vera að samþykkja að skógrækt sé landbúnaður innan skipulagslaga. „Skógargeirinn allur er að þrýsta á þetta og væri óskandi að viðeigandi aðilar tækju upp á sína arma að breyta þessu,“ segir Hlynur.

Sigríður tekur í sama streng. „Mér finnst stjórnsýslan þurfa að straumlínulaga ferla sína. Ef það er markmið stjórnvalda að auka skógrækt og þar með kolefnisbindingu þá vantar upp á samtal við sveitarstjórnaryfirvöld og að það sé einhver samræming á milli sveitarfélaga, bæði hvað varðar skipulagsmál og hver beri kostnað af fornminjaskráningu. Það þyrfti að fylgja fjármagn til að mæta þeim kostnaði sem skráning á fornminjum hefur í för með sér. Oft er fornminjaskráningar krafist áður en framkvæmdaleyfi er veitt og sá kostnaður lendir í dag á skógræktandanum og veldur því að sumir hætta við að fara í skógrækt. Á sumum stöðum hafa sveitarfélögin sjálf séð um kostnað á fornminjaskráningum þannig að þau sem vilja í skógrækt sitja ekki við sama borð og fer eftir því í hvaða sveitarfélagi þau búa hversu hár byrjunarkostnaðurinn er við að hefja skógrækt,“ segir hún.

Helstu áskorun skógræktarfélaganna segir Sigrún vera að virkja fólk til góðra verka og standa vörð um þá skóga sem þau hafi ræktað upp. „Góðir útivistaskógar, útivistarstígar og gróðursæl hverfi er ekki bara verkefni fyrir skipulagsyfirvöld á hverjum stað og nokkra eldhuga í sjálfboðavinnu fyrir skógræktarfélög og garðyrkjufélög landsins, heldur ættu allir að láta sig sitt nærsamfélag varða og leggja hönd á plóg, hvort heldur sem er að bjóða sig fram í vinnu við skógarumhirðu eða styrkja fjárhagslega það skógræktarfélag sem er að sinna skógum og grænum svæðum í nágrenninu,“ segir hún.

### *Nýjar tegundir á sjóndeildarhringnum*

Breytingar vegna hnattrænnar hlýnunar eru þegar að gera vart við sig eins og flestum mun kunnugt. Sigríður telur loftslagsbreytingar eina helstu áskorun skógræktar – spurning sé hvort breytingar á veðurfari á Íslandi verði óhagstæðar fyrir þær trjátegundir sem vaxa á Íslandi í dag.

Að sögn Hlyns segja spár, og ekki þær svartsýnustu, að hér verði mögulega miðjarðarhafsloftslag eftir um hundrað ár og Ísland þá á pari við núverandi loftslag Portúgal. Breytinga sé að vænta í skógræktarmálum. „Nú erum við bara með fjórar alvöru tegundir: greni, furu, lerki og ösp. Og birkið er þarna með en það er ekki tré, heldur fallegt kjarr. Ég sé bara hvað hefur gerst í loftslagsbreytingum á minni stuttu ævi og meira er á leiðinni. Það er augsýnilegt hversu hratt þetta er að gerast fyrir augum okkar. Það stefnir í að hlýni á Íslandi þótt ýmsar forsendur þess geti vissulega brugðist.“

Hrymur muni lifa inn í yfirvofandi breytingar þar sem hann sé blendingur af evrópu- og rússalerki og hafi mikið þol fyrir umbreytingum í hitastigi. Möguleikar séu fólgnir í öðrum trjátegundum innan fárra ára. Til dæmis í degli/döglingsvið (Oregon pine) sem þegar sé byrjað að rækta hér á landi þótt í litlu mæli sé.

Stórar tegundir nytjatrjáa gætu þrifist hér innan tíðar og eðaltré svo sem eik og beyki, hlynur, askur, lind og alls konar elritegundir á borð við blæöl, rauðöl og svartöl ásamt ýmsum berjategundum. Einnig megi nefna ývið, hreint evrópulerki, sifjalerki og jafnvel svartgreni þegar lengra líði.










*Heimild: Skógræktin*

„Svo litið sé til ísaldar þá uxu hér stærstu tré jarðar á þeim tíma, við sjáum það á surtarbrandi og steingervingum, til dæmis fyrir vestan,“ heldur Hlynur áfram. „Ísland er skilgreint í barrskógabelti, þrátt fyrir að hér sé ekki svo mikið af barrtrjám, en er að færast inn í laufskógabelti. Tegundafjölbreytni okkar er takmörkuð en mun vaxa á komandi árum og áratugum. Í fyllingu tímans mun birkið þurfa að hopa og aðrar tegundir vera á því landi þar sem birki var áður. Við eigum að nýta okkur þetta sem tækifæri. Mörgum kann að finnast þetta miður en það er samt í kortunum. Trén, kornið og fleira eru nokkurs konar flóttategundir úr sínum heimahögum og við hér getum tekið á móti þeim innan einnar kynslóðar.“

Ef verði hins vegar kuldaskeið þá er landið komið aftur í þær fjórar tegundir sem ræktaðar eru hér nú þegar, fururnar, grenið, lerkið og öspina.

### *Dregið úr einsleitni og aukin kolefnisbinding*

Svonefndur mónókúltúr var stundaður hér framan af í skógrækt og kannski eðli málsins samkvæmt, hafandi aðeins fjórar nytjatrjátegundir. Þá var gróðursett ein trjátegund, jafnvel klón með sömu arfgerð, í tugi eða hundruð hektara lands. Á síðari tímum hefur verið hugað að blandaðri skógum, þar sem ein tegund taki við af annarri. Jafnframt er í kjölfar grisjunar reita, þar sem ein tegund er allsráðandi, reynt að gróðursetja aðrar tegundir, eina eða fleiri. Í grisjaða mónó-reiti er hægt að planta til dæmis degli.

„Partur af umhirðunni er að endurnýja, segir Hlynur. „Þekkt er í skógargeiranum að besta leiðin til að rækta birki er að rækta lerki vegna þess að lerkið er miklu nægjusamara og býr til jarðveg. Birkið vex ekki nema það sé í góðum jarðvegi.“

Hann tiltekur að gott sé að skilja að við landnám hafi samkvæmt skráðum heimildum verið hér birki milli fjalls og fjöru, sem sé einmitt mónókúltúr. Einstaka reynihríslur og blæösp hafi einnig vaxið hér. „Líffræðilegur fjölbreytileiki byggir ekki á fábreytileika forfeðranna, og að hafa allt eins og það er, eða var, gengur ekki upp. Náttúrunni er sama, hún kemur alltaf jafnvægi á allt með einhverjum hætti. Að skilja líffræðilegan fjölbreytileika eftir í fábreytileika er ekki hægt og þarf að horfa á þetta allt saman með fjórðu víddinni, sem er tíminn, og þá kemur í ljós að á misjöfnu þrífast börnin best, það á líka við um líffræðilegan fjölbreytileika,“ segir Hlynur jafnframt.

Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hvatti í grein í Bændablaðinu fyrr á árinu til að gætt sé hófs við notkun á erlendum plöntutegundum og telur að þegar fram líða stundir muni skógrækt og önnur svæði með mjög einsleitri tegundasamsetningu framandi trjátegunda ekki verða tekin gild til kolefnisjöfnunar.

„Allir skógar og allur gróður bindur kolefni, bara mishratt, mismikið og mislengi, það er góð aukaafurð og þarf að vera vottuð ef nota á til kolefnisjöfnunar,“ bendir Sigríður á.

Birgir telur hins vegar skógrækt mjög ofmetna í þessari umræðu. „Tré binda minna kolefni en annar gróður, t.d. gróið land og ræktað land, þar sem sól og regn kemst óhindrað að fósturjörðinni til endurnæringar,“ segir hann og heldur áfram: „Tré eru rándýr í gróðurríkinu líkt og tófan og hrafninn í dýraríkinu; hugsa fyrst og fremst um sjálf sig. Allt of víða eru skógarblettir út um allt land sem aldrei hafa og verða væntanlega aldrei grisjaðir. Inni í þeim er og mun verða mikið af brotnum trjám sem rotna þar í friði, engum til góðs og allra síst umhverfinu. Ég hef takmarkaða trú á skógrækt til landbóta, ekki síst þar sem land er óafturkræft þegar búið er að planta í það skógi,“ segir Birgir og bætir við að hann telji skjólbelti ágætis kost ef þau nýtist sem slík fyrir menn og dýr en ekki þar sem þau valda takmörkun á útsýni.

„Ég hef verið mjög gagnrýninn á framsetningu og framgangi þessara yfirgengilega ósönnu fullyrðinga um kolefnisbindingu og losun; að endurheimt votlendis og skógrækt eigi að bjarga Íslandi og heiminum öllum, sem er svo fjarri sannleikanum. Í mínum huga snýst þetta um pólitík og peninga, þó aðallega peninga. Nýlegt dánarvottorð Votlendissjóðs er ágætis áminning um á hvaða villigötum þessi málaflokkur er,“ segir Birgir jafnframt.



## Vissir þú þetta?

- Skógrækt á lögbýlum er stærsta nytjaskógaverkefni landsins.

- Umsvifamestu fyrirtæki í skógrækt og kolefnisbindingu í dag eru sjávarútvegsfyrirtækin, svo sem Brim og Síldarvinnslan. Skinney-Þinganes er á sömu leið.

- Auðvelt er að nálgast íslensk fræðslumyndbönd um skógrækt og flest allt sem henni við kemur á YouTube. Flest hafa þau verið unnin fyrir Skógræktina. Hægt er að vera í ókeypis áskrift að myndböndunum.

- Í bígerð er að setja upp vef undir heitinu skógartölur.is, sameiginlegan gagnagrunn helstu aðila í skógrækt á Íslandi, þar sem birta á tölulegar upplýsingar um þróun skógræktar, bæði fyrir sérfræðinga og aðgengilegar almenningi.

- Skógræktin er ríkisstofnun sem heyrir undir matvælaráðuneytið og þjónar skógrækt á Íslandi samkvæmt lögum um skógrækt. Hlutverk Skógræktarinnar er að hafa forystu um uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi með víðtækri samvinnu, vinna að vernd og friðun skóga og draga fram hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu skóga.
*Heimild: vefur Skógræktarinnar*

- Skógræktarfélag Íslands er landssamband skógræktarfélaganna í landinu. Megin markmið félagsins samkvæmt lögum þess er að vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu, að endur- heimta gróðurlendi og klæða landið skógi. Félagið er málsvari skógræktarfélaganna, gætir hagsmuna þeirra og kemur fram fyrir þeirra hönd þegar þörf krefur.
*Heimild: vefur Skógræktarfélags Íslands*

- Búgreinadeild skógarbænda (SkógBÍ) er sameiginlegur vettvangur bænda sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra innan Bændasamtaka Íslands.
*Heimild: vefur Bændasamtaka Íslands*



Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum
FRÍFORM
2000 — 2022
Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ
Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

FRÉTTASKÝRING


Skjólbelti og skjólskógar ættu að vera forgangsatriði, að sögn Hlyns Gauta Sigurðssonar. Mynd / Hlynur Gauti

***Hvatt til varfærni***

Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) sendu í vor bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um skipulag skógræktar og ábyrgð sveitarstjórna þar að lútandi. VÍN eru samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu innlendra náttúruverndarsamtaka, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu VÍN. Í bréfinu, sem Sveinn Runólfsson undirritar fyrir hönd stjórnar samtakanna, segir að þeim sem fari með skipulagsmál sé falin mikil ábyrgð og ákvarðanir þeirra ráði miklu um hvernig vistkerfi og ásýnd landsins muni mótast til framtíðar. VÍN leggist ekki gegn skógrækt heldur telji mikilvægt að menn átti sig á að með stórfelldri skógrækt, einkum með framandi hávöxnum trjátegundum, sé verið að gerbreyta íslenskri náttúru. Þar skipti skipulagning gríðarlega miklu máli og að unnið sé af vandvirkni og með langtímasjónarmið í huga, eins og segir í bréfinu.

VÍN hefur áhyggjur af stórtækum áformum um að auka skógrækt á Íslandi, sem iðulega séu settar upp sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Fyrir liggi mögulegur áhugi og vilji erlendra aðila til að hefja stórfellda skógrækt hér á landi í þeim tilgangi. Með vélvæðingu við jarðvinnslu og plöntun sé víða hægt að ná miklum afköstum í skógrækt og með henni megi byggja upp kvóta sem verði söluvara sem samsvari því kolefni sem binst við ræktun skógarins.

> „Ekki má leggja frekari eða ríkari kröfur á landeigendur en orðið er því það mun draga úr vilja og getu landeigenda að efla og auka skógrækt. Skógrækt er lífsnauðsynleg fyrir land og þjóð.“
>
> *Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.*

Segir í bréfinu að „Fyrirtæki með neikvætt kolefnisspor virðast því geta keypt sér nokkurs konar aflátsbréf frá þeim aðilum sem hafa jákvæða stöðu í því uppgjöri.“

***Markmiðin eru skýr***

Þröstur Eysteinsson ritaði í aðsendri grein í Bændablaðinu 22. júní sl. að „því sé stundum haldið fram að skógrækt sé skipulagslaus, jafnvel stjórnlaus, að verið sé að rækta skóg „út um allt“ og að fyrir því séu engin rök eða markmið. ... Eflaust er það einstaklingsbundið hvað vakir fyrir þeim sem leggjast gegn skógrækt.

Hugsanlega gera þeir sér þó ekki grein fyrir því að þar með séu þeir að leggjast gegn mjög vel ígrundaðri, viðamikilli og afar mikilvægri stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum,“ segir Þröstur. Hann bendir á að stjórnvöld á alþjóðavísu, Evrópuvísu og landsvísu hafi lagt fram markmið um aukna skógrækt í þágu kolefnisbindingar sem þátt í að takast á við loftslagsvandann.

„Stefnumörkunin er skýr. Það á að rækta meiri skóg. Miklu meiri skóg. Það er þó ekki gert án hugsunar eða skipulags því jafn mikilvægt er að skógurinn vaxi vel, að hann falli að umhverfinu og samfélagið sé sátt við hann til að markmiðunum verði náð. Á Íslandi er þetta gert í samræmi við nýlega setta skógræktarlöggjöf, landsáætlun sem ráðherra gaf út á liðnu hausti og ýmis lög s.s. um náttúruvernd, minjavernd og skipulag.

Háskólamenntaðir sérfræðingar vinna skógræktaráætlanir og þær fara gegnum formlegt ferli hjá sveitarstjórnum. Markmiðin eru skýr og einnig stefnan og umgjörðin,“ segir Þröstur í greininni.

Brynjólfur er á sömu línu og Þröstur um að halda beri áfram að rækta skóga og gróðursetja tré.

Grænt land sé fagurt land. Helstu áherslur Skógræktarfélags Íslands, ásamt með sínum ríflega 60 aðildarfélögum og 7.500 félagsmönnum, séu tenging almennings við skógrækt.

„Ræktun útivistarskóga í nágrenni við þéttbýli og ræktun á „Grænum treflum“ þar sem almenningur er velkominn og getur notið útivistar og skjóls,“ segir Brynjólfur og bætir við að fjölga þurfi opnum skógum víðs vegar um land þar sem sé gott aðgengi, góðir stígar, bekkir, upplýsingar og síðast en ekki síst fjölbreyttur trjágróður og skógar.

***Tré hátt og lágt***

Því hefur stundum verið slegið fram að þar sem hátt í 75% landsins séu hærra en 200 m.y.s. og vilji standi til að planta skógi í 10% lands, sé í raun lítið láglendi sem eftir standi. Þröstur segir þetta hvergi nálægt neinum raunveruleika.

„Vangaveltur um 10% þekju birkiskóga plús 2% þekju gróðursettra skóga: 12% samanlagt, hafa verið lagðar fram sem möguleikar en ekki sem opinber stefna,“ segir hann.

„Engum sem kann að reikna dettur í hug að hægt verði að planta í 10% landsins nema á árhundruðum eða jafnvel þúsundum. Slíkt myndi kosta um átta hundruð milljarða króna, sem er um fjórðungur landsframleiðslu Íslendinga. Þá hefur 200 metra hæðarlínan enga þýðingu fyrir skógrækt. Við förum víða upp í 400 metra með nytjaskógrækt og mun hærra með birki. Þetta eru algjörar ýkjur og ekki neinum til gagns.“

Látum Hlyn eiga síðasta orðið: „Við vitum að það sem er áþreifanlegast, öruggast, það sem náttúran hefur lengi gert, þar sem bindingin fer fram, eru tré. Mesta kolefnisbindingin, besta lausnin, best fyrir samfélagið, atvinnuskapandi og auðlindarauki sem fylgir því.“

## Efst á baugi



Í tillögum ársþings skógarbændadeildar BÍ í febrúar 2023 má sjá hvaða málefni brenna helst á skógarbændum:

- **Sameining Skógræktarinnar og Landgræðslunnar** ... unnið verði markvisst að því að tryggja til framtíðar eflingu nytjaskógræktar og skjólbeltaræktunar innan nýrrar stofnunar skógræktar og landgræðslu, Land og Skógur, ef af sameiningu stofnananna verður.
- **Skjólbeltagerð á bújörðum** ... hafnar verði viðræður við stjórnvöld um aukið fjármagn, í tengslum við búvörusamninga, til skjólbeltaræktunar til að styðja við aukna akuryrkju, grænmetisrækt og túnrækt. (Búnaðarþing 2023 samþykkti tillöguna nánast óbreytta).
- **Skógarplöntuframleiðsla** ... í búvörusamningum verði gert ráð fyrir fjármagni til aukinnar framleiðslu skógarplantna. Framleiðsla á skógarplöntum styður við loftslagsmál, auðlindauppbyggingu og framþróun í öðrum búgreinum (túnrækt, kornrækt, grænmetisrækt).
- **Kolefnisbinding** ... áhersla sé á að bændur geti nýtt skóga sína til kolefnisjöfnunar á eigin rekstri. (Búnaðarþing 2023 samþykkti eftirfarandi ályktun: Bændasamtök Íslands skuldbindi sig að vinna að því að draga úr losun á framleiðslueiningu í landbúnaði og auka samhliða kolefnisbindingu. Því er mikilvægt að einblínt sé á verkefni sem skili árangri fyrir atvinnugreinina. Krafist verði viðurkenningar á bindingu eldri skóga á lögbýlum sem mótvægi við losun frá landbúnaði. Að áfram verði stutt við framleiðslu og sölu á vottuðum kolefniseiningum á lögbýlum.).
- **Kolefni viðurkennt sem skógarafurð** ... leggja áherslu á að kolefnisbinding í nytjaskógi verði viðurkennd sem skógarafurð.
- **Innflutningur** ... lögð verði áhersla á að varúðar verði gætt við innflutning á lífrænum vörum sem geta flutt með sér plöntusjúkdóma og meindýr.
- **Losunarheimildir grisjunarviðar (upprunavottun)** ... finna málefnum vottana og losunarheimilda á grisjunarviði viðunandi farveg svo íslenskur viður skógarbænda standist sömu kröfur og innfluttur viður.
- **Endurgreiðsla VSK** ... leggja áherslu á að skógrækt standi jafnfætis öðrum búgreinum innan Bændasamtakanna hvað endurgreiðslu virðisaukaskatts varðar.
- **Stýrð sauðfjárbeit** ... vinna að breytingum á reglum og venjum um stýringu sauðfjárbeitar. Þá þannig að hún samræmist landslögum, þ.m.t. eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Gerð er krafa um að hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu.

## Vaxtarsprotar

**Helstu skógræktarverkefni í landinu um þessar mundir:**

- Stærsta skógræktarverkefnið er Skógrækt á lögbýlum sem um 600 jarðir um land allt taka þátt í. Gróðursettar voru 2.439.000 árið 2021 sem samsvarar tæpum 1000 ha. Öflugustu jarðirnar eru að taka 100.000 plöntur eða meira á hverju ári (ca. 40 ha). Markmiðið er fyrst og fremst að byggja upp skógarauðlind til nytja og til framtíðaratvinnuuppbyggingar í dreifbýli.
- Næst mest umfangs eru samstarfsverkefni Skógræktarinnar og Landgræðslunnar sem kennd eru við Bonn-áskorunina. Þar er aðalmarkmiðið að græða upp örfoka land til skógar og mest notað af birki. Stærsta svæðið er Hekluskógasvæðið en auk þess eru Hólasandur norðan Mývatns og Hafnarsandur við Þorlákshöfn samstarfsverkefni. Um 1,2 milljónir plantna voru gróðursettar árið 2021.
- Í þriðja sæti eru svo verkefni í þjóðskógunum í samstarfi við ýmsa aðila, mest með það markmið að binda kolefni. Áhersla er á hraðvaxta tegundir. Í þeim verkefnum voru um 900.000 plöntur gróðursettar árið 2021.
- Landgræðsluskógar á vegum Skógræktarfélags Íslands og aðrar gróðursetningar skógræktarfélaga námu rúmlega 730.000 plöntum árið 2021. Fjölbreytt markmið og margar tegundir notaðar.
- Árið 2022 hófu nýir aðilar að gróðursetja á eigin vegum. Voru það mest fyrirtæki og markmiðið að binda kolefni. Þau eru ekki með í tölum frá 2021 en ætla má að samanlagt hafi hlutur þeirra árið 2022 verið hálf til ein milljón plantna. Þetta er helsti vaxtarbroddurinn núna. *Heimild: Skógræktin*

*Tölur eru fyrir árið 2021, sem er síðasta árið sem búið er að taka saman. Heimild: Skógræktarárið 2021 (án höfundar), Skógræktarritið 2022, 2. tbl., bls. 101-115. Fyrir 2022 má ætla að allar tölur um gróðursetningu aukist um ca. 15%.*




CLAAS

## CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki




**CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður**
**Þar sem afköst, magn og heygæði skipta máli.**




**CLAAS Disco sláttuvélar**
**Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.**

## CLAAS heyvinnutækin eru þekkt fyrir framúrskarandi hönnun, gæði og áreiðanleika.



**CLAAS Volto heytætlur**
**Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.**



**CLAAS Liner múgavélar**
**Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.**

VÉLFANG *- VERKIN TALA*

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri



Tónleikar hljómsveitarinnar GÓSS í veðurblíðu og sæld Þórsmerkur.

# Viðburðadagatal:

– Frá og með 6.–20. júlí

### Austurland & Austfirðir

**6.–9. júlí** **Fjölskylduhátíðin Stød í Stöð á Stöðvarfirði.** *Mikið fjör og húllumhæ, Íslandsmótið í bubblubolta, Pallaball, hoppukastalar, grill, froðubraut, golf, Vísunda Villi, Jógaganga, Stebbi Jak & Hafþór Valur stíga á svið o.m.fl.*

### Norðurland & Norðausturland

**5.–9. júlí** **Þjóðlagahátíðin á Siglufirði býður upp á:** *Flamenco tónleika Tríós Reynis Haukssonar, Ólína Ákadóttir leikur píanókonsertinn Sláttu eftir Jórunni Viðar og grísku systkinin Rena, Alex og George Rasoulis halda námskeið í grískum þjóðdönsum svo eitthvað sé nefnt.*

**7.–8. júlí** **Hríseyjarhátíðin, fjölskylduvæn dagskrá:** *Garðakaffið, óvissuferðir, kaffisala kvenfélagsins, ratleikur, hópakstur traktora, kvöldvaka, brekkusöngur og varðeldur svo eitthvað sé nefnt. Einnig er von á Sigga Gunnars, Benedikt búálfi, Dídí mannabarni, Kalla Örvars, Stúlla o.fl.*

### Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

**6.–9. júlí** **Fjölskylduhátíð Kótelettunar á Selfossi**

**3.–9. júlí** **Goslokahátíð Vestmannaeyja á hálfrar aldar afmæli þetta árið, en gosi lauk í byrjun júlí árið 1973.**

**7.–9. júlí** **Flughátíðin Allt sem flýgur, flugvellinum á Hellu.** *Hátíðin er opin flughátíð þar sem flugvélar af öllum stærðum og gerðum eru á flugi meira og minna alla helgina. Því er stanslaus dagskrá í loftinu á svæðinu, grillveisla laugardagskvöld, kvöldvaka og hljómsveit.*

**8. júlí** **Hljómsveitin Góss stígur á svið í Básum, Goðalandi (Þórsmörk), laugardagskvöldið 8. júlí, um kl. 20.**

### Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

**7.– 9. júlí** **Sumarhátíð ÍslandRover.** *Haldin í sælureitnum Árbliki í Dölunum. Grill, ferðir, happdrætti, leikir o.fl.*

**8. júlí** **Kolrassa krókríðandi heldur tónleika.** *Tónleikarnir verða haldnir á Vagninum, Flateyri og munu hljómsveitameðlimir rokka og róla þar til Vagninn tekur af stað!*

**14.–16. júlí** **Náttúrubarnahátíð á Ströndum.** *Fjölskylduhátíð á Sauðfjársetrinu í Sævangi, sjá nánar bls. 38.*

*Auðvitað hefur eitthvað ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.*









Goslokahátíð Vestmannaeyinga er haldin árlega til minningar um Heimaeyjargosið sem hófst 23. janúar og lauk 3. júlí sama ár. Heppnuðust björgunaraðgerðir á fólki giftusamlega þótt hús færu mörg hver undir hraun, gjall eða urðu eldi að bráð þar sem hraunbombur lentu á þeim og kveiktu í. Í ár eru fimmtíu ár síðan gosið varð og verður haldin vegleg hátíð í tilefni þess dagana 3.–9. júlí. Myndir / Markaðsstofa Suðurlands

## Hátíðahöld og skemmtanir:

# Önnur helgin í júlí

**Útihátíðir að sumarlagi má finna víðs vegar um land allar helgar frá júní til ágústloka. Önnur helgin í júlí er þekkt fyrir sérstaklega mikla skemmtan, enda mætti segja að oftast væri að finna örlitla sólarglætu fyrst á þeim árstíma.**

Um ræðir bæði löggiltar útihátíðir á borð við þungarokkshátíðina Eistnaflug í Neskaupstað, Goslokahátíð Vestmannaeyja og Kótilettu þeirra Selfossbúa, en einnig hafa starfsmannafélög ýmissa fyrirtækja gegnum tíðina staðið fyrir ferðum þessa helgi.

Undirrituð minnist ferðar í boði ónefnds elliheimilis á tíunda áratugnum, er haldið var í Þórsmörk með hóp starfsmanna, þá á aldrinum fjórtán ára til fimmtugs. Ekkert þótti eðlilegra en að blanda þarna þessu aldursbili saman enda var farið í ýmsa leiki – minnisstæðastur ratleikur nokkur sem veitt voru verðlaun fyrir.

Fóru leikar svo að fermingarbörnin hlutu fyrsta sætið og fengu í tilefni þess bjórkassa. Ekki leist ungviðinu á verðlaunin, enda bjór frekar ógeðslegur drykkur og kassanum skipt snarlega fyrir vodkapela.

### *Eistnaflug*

Útihátíðir þessa helgi hafa sumar lengi verið í föstum skorðum. Til að mynda hóf Eistnaflug göngu sína árið 2005. Er nafnið skírskotun í hátíðina Neistaflug sem haldin er árlega í Neskaupstað um verslunarmannahelgina. Eistnaflug á þéttan hóp aðdáenda sem mæta árlega og sífellt bætast fleiri í hópinn, auk þess sem hljómsveitir erlendis frá sækja í að spila á hátíðinni.

Árið 2016 spiluðu þar alls 77 hljómsveitir en frá árinu 2015 hefur íþróttahöllin í Neskaupstað verið notuð samhliða Egilsbúð sem var aðaltónleikastaðurinn fyrstu árin. Aldurstakmark á þessa frábæru hátíð er 18 ára og er tjaldsvæði austast í bænum ætlað tónleikagestum. Því miður verður hátíðin ekki haldin í ár, en verður þeim mun ferskari að ári.

### *Goslokahátíð*

Mikið verður um að vera á Goslokahátíð Vestmannaeyja þetta árið, en hálf öld er síðan gosið varð. Yfirgripsmikil dagskrá er í tilefni þessa enda stendur hátíðin yfir frá 3.–9. júlí. Segir í útgefnu yfirliti goslokanefndar að í boði séu fjölbreyttir viðburðir, fjöldi ljósmynda- og myndlistarsýninga, auk tónleika af ýmsu tagi – bæði innandyra og utan.

Barnadagskrá í boði Ísfélags Vestmannaeyja verði fjölbreytt og má þar nefna Goslokahlaup, Latabæ, BMX brós, Línu Langsokk og Lalla töframann. Sundlaugarpartíið og Landsbankadagurinn verði á sínum stað og einnig ratleikur í boði Íslandsbanka.



**Hljómsveitin Sólstafir á Eistnaflugi árið 2009.** Mynd / Jóhannes G. Þorsteinsson

Goslokanefnd hefur lagt áherslu á að gera bæjarbrag hátíðarinnar sem mestan og hvetur nefndin því alla bæjarbúa og fyrirtæki til þess að skreyta umhverfi sitt í goslokalitunum sem eru gulur, appelsínugulur, rauður og svartur – litir elda og hrauns.

### *Kótilettan*

Að lokum, á hinni sívinsælu Kótilettu Selfyssinga stíga á svið heimamennirnir vinsælu í hljómsveitinni Skítamóral auk fjölmargra vel þekktra listamanna á borð við Nýdönsk, Á móti sól, Herra Hnetusmjör og Jón Jónsson.

Tilvera Kótilettunnar hófst fyrir þrettán árum og varð strax vel sótt fjölskylduhátíð þar sem, auk þess að njóta tónleikahaldsins, geti grilláhugamenn kynnt sér allt á grillið, bæði kjöt og úrval grilla frá fjölda framleiðenda. Á meðal dagskrárliða eru Stóra Grillsýningin, Styrktarlettur SKB, Veltibíllinn og svo auðvitað stórglæsileg dagskrá á sviðinu fyrir alla fjölskylduna.

Er aðgangur á bæði fjölskylduhátíðina og grillfestivalið er ókeypis, en borga þarf fyrir miða á tónleika. /SP







Rexton
lúxus ferðafélagi!
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði. *Í Adventure og Ultimate.
REXTON
Tryggðu þér alvöru jeppa á frábæru verði!
• Byggður á grind
• Hátt og lágt drif
• Sparneytin dísel vél
• Læstur millikassi
• Sjálfstæð fjöðrun
• 7 manna
• Læst afturdrif*
• 3 t dráttargeta
• 5 ára ábyrgð
Rexton
Verð frá: 9.390.000 kr.
Nánari upplýsingar á benni.is
Bílabúð Benna
kolefnisjafnar selda bíla
Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200
Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


Vagnarnir frá Mecho ehf. eru sambærilegir vögnum sem framleiddir voru af Vélsmiðju Sigurðar á árum áður.

Myndir / Aðsendar

# Hannaði vagna í frístundum

## – Jóhann Björnsson sá að vantaði endurnýjun á þungaflutningavögnum

**Jóhann Björnsson vélaverkfræðingur, hefur endurvakið íslenska hönnun á vélavögnum, undir merkjum Mecho ehf.**

Vélsmiðja Sigurðar framleiddi vélaflutningavagna um árabil, sem verktakar voru ánægðir með. Eftir að sú framleiðsla lagðist af, sá Jóhann ákveðið tómarúm, sem hann hefur fyllt með endurbættri útgáfu – byggðri á eldri vögnunum.

„Ég er búinn að vinna í mörg ár sem vélahönnuður. Svo kemur þetta sem hobbí. Í staðinn fyrir að sitja heima fyrir framan sjónvarpið, þá fer ég að gera þetta,“ segir Jóhann. Hans aðalstarf er að hanna vélar fyrir norska olíuiðnaðinn og hefur hann búið erlendis frá árinu 2000.

Jóhann segist hafa nokkur tengsl við verktakabransann. Hann skynjaði að þar væri áhugi fyrir endurkomu vagna af þessu tagi. Aðspurður hver helsti munurinn sé á þessum vögnum, samanborið við það sem framleitt er fyrir erlenda markaði, segir Jóhann það meðal annars felast í stærri hjólbörðum og aukinni veghæð. „Íslendingarnir vilja hafa þetta á háum hjólum,“ segir hann.

### *Smíðað í Tyrklandi*

Jóhann vill ekki eigna sér allan heiðurinn af hönnun þessara vagna, heldur eru þeir byggðir á hugmynd Vélsmiðju Sigurðar. Hann var ekki með aðgang að upphaflegu teikningunum, en skoðaði vagn frá þeim til að fá helstu málin. Þá teiknaði hann vagnana í fullkomnu tölvuforriti, sem gaf honum færi á að burðarþolsmæla hönnunina og betrumbæta þar sem þurfti.

Jóhann veit ekki hversu mörg eintök voru framleidd af vögnum í Vélsmiðju Sigurðar. „Það var dálítill fjöldi. Nú eru þeir orðnir það gamlir að það er farið að koma að endurnýjun á suma þeirra.“

Tyrkneskur vagnaframleiðandi smíðar vagnana eftir teikningum Jóhanns. Fyrstu þrír vagnarnir komu til landsins haustið 2021 og hefur Jóhann fengið jákvæð viðbrögð. Í lok sumars verða samtals sex vagnar komnir til landsins.

### *Laushálsavagnar nýjung*

Fljótlega sá hann möguleika á að endurbæta hönnunina enn frekar og hannaði svokallaða laushálsavagna, sem er hægt að keyra upp á bæði að framan og aftan. Þegar framparturinn er tekinn af, þá er mun minni halli sem vélarnar þurfa að keyra upp. Það hentar sérstaklega vel til að flytja hörpur, brjóta og aðrar vélar sem ráða illa við að aka upp brattar sliskjurnar að aftan. Þetta segir Jóhann að sé ný nálgun, sem hann hefur hvergi séð annars staðar.

Jóhann segir burðargetu vagnanna yfirleitt takmarkast af öxulþunga á hverjum stað. Laushálsavagnarnir eru 17 tonn og er Jóhann búinn að reikna út að þeir þoli að flytja 67 tonna farm. Þungaflutningar sem þessir eru alltaf háðir undanþágu hjá Samgöngustofu, þar sem almenn hámarksþyngd vöruflutningabíla er 40 tonn. Enn fremur eru vagnarnir þrír metrar á breidd, sem er breiðara en hefðbundnir vöruflutningavagnar. „Þetta eru vagnar sem eru bara til þess að flytja þungar vélar og eru alltaf á undanþágu. Ég er að sigta inn á markaðinn með þessa þungaflutninga.“

Fimm öxlar eru undir vögnunum og eru fjögur hjól á hverjum. Öftustu öxlarnir eru svokallaðir eltiöxlar, sem fylgja með í beygjum. Vagnarnir eru með loftpúðafjöðrun og er hægt að lyfta upp öxlum þegar hann er ekinn án farms.

### *Erfitt að gefa nákvæmt verð*

Jóhann vill fara mjög varlega í að gefa upp nákvæmt verð á svona vagni í blaðaviðtali, en kaupendur þurfa að fá tilboð hjá honum fyrir hverja sölu. Það skýrist að miklu leyti af því að stjórnvöld í Tyrklandi hafa misst stjórn á verðbólgunni og framleiðandinn gefur Jóhanni einungis tilboð sem gildir í nokkrar vikur. Hann býst við að vagnarnir kosti á bilinu 14–17 milljónir án vsk í dag. „Þetta er nú bara aukavinnan mín, þannig að ég hef mjög hóflega álagningu. Mér finnst gaman að gera eitthvað sem tengist Íslandi og held þá smá tengslum við landið og legg mitt af mörkum til að skapa eitthvað sem kemur sér vel fyrir landann,“ segir Jóhann. /ÁL


Jóhann Björnsson vélaverkfræðingur er uppalinn á Skriðufelli í Þjórsárdal. Hann sá að komið væri að endurnýjun á vögnum sem smíðaðir eru eftir íslensku lagi.


Laushálsavagninn er nýjung. Hægt er að taka frampartinn af og keyra vinnuvélar upp að framan og aftan.






vfs.is
SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR!
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is!
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is




MHG
VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is


Ingvar Björnsson og Elín Aradóttir á Hólabaki sem staðsett er við mynni Vatnsdals.


Kýrnar og hundurinn á bænum taka oft og tíðum á móti gestum.

## Húnabyggð:

# Flétta saman kúabúskap og framleiðslu vefnaðarvöru

**Bændur finna sér í auknum mæli verkefni utan búskaparsins. Margir vinna utan heimilis, ferðaþjónustubændum hefur fjölgað og einnig þeim sem bjóða upp á vörur og þjónustu heima á bæ. Á bænum Hólabaki í Húnabyggð er rekin vefnaðar- og gjafavöruverslun samhliða kúabúskap og hrossarækt.**

Á Hólabaki búa þrjár kynslóðir. Björn Magnússon og Aðalheiður Ingvarsdóttir keyptu jörðina 1972 og hafa búið þar síðan. Ingvar Björnsson og Elín Aradóttir hafa búið á Hólabaki ásamt börnum sínum þremur, Aðalheiði, Ara og Elínu, síðan 2013.

„Við höfum búskap fyrir tíu árum síðan og tókum þá við kúabúi foreldra Ingvars. Við höfðum áður búið á Akureyri, en þar hafði ég þegar hafið framleiðslu á vefnaðarvörum í litlu mæli. Þegar við ákváðum að flytja í sveitina þá var frá upphafi meiningin að ég myndi útvíkka þann rekstur. Það hefur síðan gengið eftir og ég hef verið í fullu starfi við fyrirtækið í tíu ár,“ segir Elín, en hún framleiðir undir vörumerkjunum LAGÐUR og TUNDRA.

„Kúabúið er ekki það stórt að það beri tvo starfsmenn í fullu starfi, Ingvar starfar því að mestu einn við búskapinn, en nýtur dyggrar aðstoðar eldri kynslóðar á bænum,“ segir Elín, en á kúabúinu eru um 40 mjólkurkýr ásamt uppeldi, samtals um 80 gripir. Mjólkurframleiðsla á ári er um 250 þúsund lítrar.

Umfang gjafavörufyrirtækisins telur hins vegar um tvö ársverk auk þess sem umtalsverðum saumaskap er útvistað til verktaka í héraði. Elín er eini launþeginn hjá fyrirtækinu árið um kring, en yfir sumartímann er fastur sumarstarfsmaður, auk þess sem verktakar sinna pökkun og afleysingu. Í sumar verður svo verslunin heima að Hólabaki opin alla daga milli kl. 12–17.

„Hólabak er vel staðsett með tilliti til umferðar ferðamanna. Það eru því klárlega tækifæri í verslunarrekstri hér heima á bæ. Að reka gjafavöruverslun í sveit hefur sína kosti og galla. Verslunarrekstur er í raun ákveðin ferðaþjónustustarfsemi og staðsetning á sveitabæ býður upp á ákveðna sérstöðu og óvanalega verslunarupplifun. Bæði íslenskir og erlendir ferðamenn hafa gaman af því að koma heim á býli og sjá hvað bændur og búalið er að sýsla við. Það má því segja að heimsókn í verslunina okkar sé eins konar tækifæri til að hitta heimafólkið í leiðinni, svona eins konar „meet the locals“ hugmyndafræði eins og það er kallað á ensku. Ekki spillir heldur fyrir að verslunin er staðsett við sumarkúahagann og kýrnar og hundurinn á bænum taka því oft og tíðum á móti gestunum,“ segir Elín.

Hún segir að vefnaðarvöru-framleiðslan samhliða búskap henti áhugasviði og þekkingu þeirra hjóna. „Okkur hefur því gengið þokkalega að láta þetta ganga upp. Í dag er ekki sjálfgefið að fólk hafi áhuga á að vinna við skepnuhald, þó það hafið valið sér að búa í dreifbýli. Við erum líka þeirrar skoðunar að í grundvallaratriðum sé skynsamlegt að eiga ekki allt sitt undir of fáum breytum. Það skiptast á skin og skúrir í öllum rekstri og þá getur verið gott að geyma ekki öll eggin í sömu körfunni.“ */ghp*


Fjölbreyttar vefnaðarvörur eru í boði á Hólabaki, sem margar hverjar eru saumaðar í héraði.


Yngsta kynslóðin á bænum við pökkun á gjafavöru, Ari Ingvarsson og Aðalheiður Ingvarsdóttir.








TIL AFGREIÐSLU STRAX
Kubota
Skannaðu QR kóðann fyrir frekari upplýsingar og verð.
KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN
Miðjuhengdar diskasláttuvélar
DM2032 Diskasláttuvél - vbr. 3,2 m - 8 diska, 3 hnífar per disk.
DM3036 Diskasláttuvél - vbr. 3,6 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk.
DM3040 Diskasláttuvél - vbr. 4,0 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk.
Snúningsvélar
TE6568 vbr. 6,8 m - 6 stjörnu, 6 arma - lyftutengd
TE6576 vbr. 6 stjörnu, 7 arma, vbr. 7,6 m - lyftutengd
TE8590C vbr. 8 stjörnu, 6 arma, vbr. 9,0 m - dragtengd á vagni
Framsláttuvélar
DM4032 vbr. 3,2m, 8 diska, 3 hnífar per disk.
DM4032s vbr. 3,2m, 8 diska, 3 hnífar per disk. Stillanlegur múgi
Rakstrarvélar
RA1039 vbr. 3,9 m vbr. 1 stjarna, 11 arma, lyftutengd
Gæða vélar á hagstæðu verði. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar í símum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is
ÞÓR HF
Krókháls 16, 110 Reykjavík
Baldursnes 8, 603 Akureyri




TM
Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig
Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Í DEIGLUNNI

# Frumkvöðlar í Sjávarklasanum

## – Nýsköpun tengd sjávarútvegi

Mikil nýsköpun á sér stað meðal fjölbreyttra fyrirtækja í Sjávarklasanum. Á kynningu núna í vor var hægt að sjá og upplifa ýmsar nýjungar sem miða að bættri nýtingu og aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi. Í síðasta Bændablaði var tveimur frumherjum gerð skil og er umræðunni haldið áfram hér. /ÁL

# Heilsuvörur úr rækjuskel

## - Fjölbreytt úrval krema og bætiefna

**Siglfirska fyrirtækið Primex framleiðir húðkrem og bætiefni undir nafninu Chito Care. Virka efnið er kítósan fjölsykra sem fengin er úr rækjuskel.**

Meðal þeirra vara sem ChitoCare selur eru húðkrem, sápur, sáragel og fæðubótarefni sem bæta heilbrigði húðar, hárs og nagla. Einnig framleiða þau fæðubótarefni undir nafninu Libosan sem bætir þarmaflóruna.

Rækjurnar sem gefa af sér skelina eru úr stofni sem veiðist fyrir norðan land. Þórhallur Guðmundsson hjá Primex segir þann stofn hafa þá sérstöðu að kítósan fjölliðurnar eru lengri en í öðrum stofnum, sem þýðir meiri gæði. Vörurnar eru framleiddar á Siglufirði, Grenivík og í Þýskalandi.

### *Í stað plásturs*

Þórhallur segir sáragelið hafa mjög mikla virkni. Það slær til að mynda á bruna, frá sól eða öðru. Einnig nefnir hann einstakling sem var með krónískt sykursýkissár og tók þátt í rannsókn erlendis.

Sárið var búið að vera opið í níu ár og engin meðferð var búin að virka. Þegar hann byrjaði að nota sáragelið frá ChitoCare lokaðist sárið á nokkrum vikum. Þórhallur bætir við að sáragelið geti í mörgum tilfellum komið í staðinn fyrir plástur.



Þórhallur Guðmundsson hjá Primex.

# Vilja bæta álit á roði

## – Gera snakkflögur úr þorskroði

**„Við gerum snakk úr roði sem við fáum ferskt frá Brim, sem við erum í góðu samstarfi við," segir Jóhann Tómas Portal hjá Roðsnakki.**

Þeir þurrka og léttsteikja roðið samdægurs og gera úr því stökkar flögur. Eina viðbætta innihaldsefnið er salt. Jóhann og félagar hans hjá Roðsnakki eru nemendur við Tækniskólann. Þeir tóku þátt í keppninni Ungir frumkvöðlar. Þar fengu þeir sérstök verðlaun fyrir frumlegasta sölubásinn, enda framsetningin mjög áhugaverð og skreytt með neti. „Það eru búin að vera mjög góð viðbrögð. Það finnst öllum þetta rosalega gott. Það hafa margir spurt hvort þeir geti fjárfest eða keypt einhvern part af fyrirtækinu, eða hvort þetta sé komið í búðir. Það er í mjög góðu ferli, en við erum með fundi planaða með stórum fyrirtækjum sem myndu geta útvegað okkur öll leyfi, þannig að við erum á góðri leið.


Félagarnir kynna roðsnakk í Sjávarklasanum.

Þessi vara okkar lofar mjög góðu, en það vantar nýtt álit á fiskiroð. Það er oftast horft á þetta sem drasl," segir Jóhann. Nú er fiskiroð meðal annars nýtt í framleiðslu á gæludýrafóðri, en þeirra markmið er að gera úr því vöru sem nær til alls almennings. Jóhann vonast til að geta byrjað að selja roðsnakkið í verslunum í lok sumars.


Viðar Garðarsson og Íris Jónsdóttir Thordersen hjá TARAMAR.

# Kremaframleiðsla í gömlu bókasafni

## – Tæknilegar og náttúrulegar húðvörur

**Stofnendur TARAMAR eru bæði prófessorar við Háskóla Íslands, Guðrún Marteinsdóttir fiskifræðingur og Kristberg Kristbergsson matvælafræðingur.**

Við erum að flytja þrjátíu ára vísindastarf þessara hjóna inn í kremaframleiðsluna," segir Viðar Garðarsson, markaðsstjóri TARAMAR.

Viðar segir vörurnar bæði afar tæknilegar og búnar til úr náttúrulegum hráefnum. „Við erum að sameina heim hreinna náttúruvara og heim nýsköpunar og tæknilegra lausna og erum kannski eitt af örfáum merkjum í heiminum sem hefur kunnáttu og þekkingu til að blanda þessu tvennu saman." Kremin og húðvörurnar eru framleidd í húsnæði í Sandgerði, sem áður hýsti bókasafn bæjarins.

### *Þörungar og lækningajurtir*

Virku efnin í kremunum eru annars vegar fengin úr þangi og þörungum, sem eru handtíndir við Breiðafjörð, og hins vegar íslenskum lækningajurtum sem koma frá Vallanesi á Fljótsdalshéraði og Hæðarenda í Grímsnesi. Þar nefnir Viðar plöntur eins og morgunfrú, fjólur og vallhumal.

„Sumir segja að við séum kaþólskari en páfinn, því okkur er mjög umhugað um það hvað fer í kremin og erum að leggja á okkur heilmikla vinnu til að ná í sem best hráefni."

Úr hráefninu draga þau út efni sem hafa sjáanleg áhrif á húðina og hægja á öldrun. „Guðrún, sem er stofnandi TARAMAR, kallar þetta „slow cosmetics", af því að í raun og veru taka sumar af þessum aðferðum langan tíma," segir Viðar.

Hann tekur sem dæmi að sumar tegundir af þara þurfa að liggja í olíubaði í nokkra mánuði áður en hægt er að ná efnunum sem þau sækjast eftir.

### *Góð sala hérlendis*

Fyrirtækið kom með fyrstu vörurnar á markað 2015. „Við erum fyrst og fremst á Íslandi enn þá, en erum að reyna fyrir okkur á nokkrum stöðum erlendis," segir Viðar. 80 til 90 prósent sölunnar er innanlands. „Við erum að selja mjög vel, en við þurfum meira til þess að fyrirtækið sé vel heilbrigt. Fyrir allt það vísindastarf sem við erum með í gangi, þurfum við að komast með vörurnar okkar út og ná markaðsfestu.




Óskum ábúendum í ÞRÁNDARHOLTI
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
til hamingju með nýtt og glæsilegt
hátæknifjós.
Límtrésburðarvirki ásamt steinullareiningum á þak og veggi frá LímtréVírnet.
LímtréVírnet
https://limtrevirnet.is
VersaVottun
ISO 9001
2022
Framúrskarandi fyrirtæki
JAFNLAUNAVOTTUN


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

VIÐTAL



Pétur Haukur og Ágúst Loftssynir hafa á síðastliðnum fjórum árum keypt þrjú garðyrkjufyrirtæki. Fyrst garðyrkjustöðina Ösp, síðar Sprettu og svo Akur. Í dag framleiða þeir um 4 tonn af salati á viku undir rúmum 5.000 fermetrum af upplýstum gróðurhúsum.
Myndir / Karl Ólafsson

Garðyrkja:

# Framtíðin er græn

## – Bræðurnir Pétur Haukur og Ágúst Loftssynir eru stórtækir í ræktun

**Þeir eru að eigin sögn hvatvísir bræður úr Kópavogi sem hafa engan bakgrunn í garðyrkju. Þeir eru þó „þokkalega“ framkvæmdaglaðir og tóku upp á því að kaupa sér garðyrkjustöð fyrir fjórum árum, rétt um og yfir þrítugir að aldri. Seinna keyptu þeir fyrirtæki sem framleiðir sprettur og síðan fylgdu kaup á annarri veglegri garðyrkjustöð. Í dag eru þeir Pétur Haukur og Ágúst Loftssynir meðal stærstu salatframleiðenda landsins.**

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



„Þegar við stóðum á þessum krossgötum og keyrðum í Laugarás að skoða aðstæður í Ösp þá var ég í smá millibilsástandi, hafði starfað í ferðaþjónustu í rúman áratug. Ágúst var að klára næstsíðustu önnina sína í hagfræði við Háskóla Íslands. Ösp hafði verið að framleiða salat fyrir matvælafyrirtæki í Reykjavík sem Ágúst tengist en þannig komumst við í tengingu við þáverandi eiganda Aspar. Daginn eftir að hugmyndin vaknaði var farið af stað,“ segir Pétur Haukur um aðdraganda þess að þeir bræður festa kaup á garðyrkjustöð haustið 2019.

Garðyrkjustöðin Ösp hafði þá verið í eigu sömu fjölskyldunnar í um 50 ár. „Við fengum þær upplýsingar að framleiðslan gengi vel en reksturinn reyndist erfiður. Við höfðum trú á að við gætum selt vöruna enda ágætlega tengdir og því létum við slag standa.“

Fyrsta mánuðinn leiddi fyrrum eigandi bræðurna í gegnum framleiðsluna, kenndi þeim á tæki og ferla. „Ég held hann hafi ekki haft mikla trú á að við gætum höndlað þetta, bræður úr Kópavogi að fara að rækta og sjá um áburðarblandara og annan sérhæfðan búnað. En við erum þokkalega framkvæmdaglaðir og erum vanir því að klóra okkur í gegnum hlutina,“ segir Pétur en þeir skipta bróðurlega milli sín verkum. Ágúst er meira í framleiðslunni á meðan Pétur sér um reksturinn. Saman sjá þeir svo um sölu og alla dreifingu til viðskiptavina, því þannig vilji þeir hafa það; vera engum háðir og sínir eigin herrar.

„Það eru forréttindi að vinna með bróður sínum en á sama tíma getur það verið strembið. En við komum úr samheldinni fjölskyldu sem hefur verið í viðskiptum saman í fjölda ára, svo þaðan höfum við fyrirmyndir.“

### *Salatræktun er færibandaferli*

Garðyrkjustöðin Ösp er um 4.200 fm að stærð, þar sem ræktað er salat undir 3.500 fm upplýstum gróðurhúsum allan ársins hring. „Þar sem forveri okkar var í salatrækt lá beinast við að halda henni áfram, enda var þar fyrir búnaður til salatræktunar. Reyndar var þarna líka smá tómataræktun en við tókum hana strax út og stækkuðum umfang salatræktunarinnar. Þó tilhneigingin hjá mörgum sé að vera með fleiri tegundir þá viljum við frekar einbeita okkur að því að vera góðir í einu. Veðja bara á þá vöru og gera hana eins vel og við mögulega getum og hámarka arðsemina úr því.“

Ekki er þar með sagt að framleiðslan hafi runnið ljúflega af stað frá fyrsta degi. „Við höfðum enga reynslu og þurftum því að læra inn á þetta. Salatframleiðsla er algjört færibandaferli sem reyndist okkur dálítið erfitt til að byrja með. Allt í einu vorum við komin með 1,4 tonn af salati í hverri viku og vissum ekkert hvert við ættum að selja það eða gera við það. Í vikunni eftir vorum við komnir með annað eins magn. Salat er ferskvara með stuttan líftíma og því ekki hægt að geyma hana of lengi. En við komumst fljótt upp á lagið með sölumálin og það vandamál varð fljótt úr sögunni.“



Þar sem forveri bræðranna í Ösp var í salatrækt lá beinast við að halda henni áfram enda var til staðar búnaður til salatræktunar.

Pétur segir salatræktun í raun aðgengilega. „Fegurðin við salatræktunina er að varan verður til á stuttum tíma. Það líða um 5-6 vikur frá því fræið er sett í pott þar til salatið er uppskorið. Þetta er stuttur tími og með því ýtum við frá okkur ýmsum vandamálum, sem gætu t.d. komið upp hjá plöntum sem lifa lengur. Uppskeran er vikulega og ferlið skilvirkt.“

### *Akur í skammdeginu*

Þegar bræðurnir voru komnir upp á lagið með salatræktun í garðyrkjustöðinni Ösp og sala framleiðslunnar gekk vel fóru þeir að huga að stækkun. „Við vorum á þeim tíma að framleiða um 2 tonn af salati á viku þar sem rýrnun var lítil sem engin. Þarna var heimsfaraldur og við veltum fyrir okkur hvað myndi gerast að honum loknum. Kannski yrði eftirspurnin meiri og mögulega myndi markaðurinn stækka. Ef svo færi var aðeins tvennt í stöðunni; að ýta frá okkur auknum viðskiptum eða að við myndum fjárfesta meira.“

Þegar hugmyndin var komin gerðust kaupin hratt á eyrinni. „Við vorum á leið heim á milli jóla og nýárs 2021, í svartasta skammdeginu. Við keyrðum fram hjá Akri, sem okkur hefur alltaf þótt mjög snyrtileg garðyrkjustöð. Mér datt í hug hvort við gætum kannski leigt af eigendum hluta af gróðurhúsunum en eftir nokkur samtöl og fundi ákváðum við að gera þeim sölutilboð í alla stöðina.“

Úr varð að bræðurnir eignuðust Akur í ársbyrjun 2022, en lóðin liggur samhliða Ösp. Við það




Í stað þess að framleiða vörur sínar undir nöfnum margra garðyrkjustöðva eru Pétur og Ágúst núna að sameina vörurnar undir vörumerkinu Spretta, sem var fyrirtæki sem Stefán Karl heitinn stofnaði og bræðurnir keyptu.

ÚTHLUTUNARNEFND

Rekstrarstuðningur til einkarekinna fjölmiðla

Auglýst er eftir umsóknum einkarekinna fjölmiðla um rekstrarstuðning sem veittur verður á árinu 2023. Umsóknum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmiðlanefndar og er umsóknarfrestur til og með 1. september 2023.

Með breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, sem samþykkt var á Alþingi 8. júni 2023, var úthlutunarnefnd veitt heimild til að ákvarða sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla.

Í X. kafla B laga um fjölmiðla, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla sem samþykkt var á Alþingi 8. júní 2023, og reglugerð nr. 700/2023 um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla, eru tilgreind skilyrði fyrir rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmiðla og einnig getið sérstakra atriða sem þurfa að koma fram í umsókn. Er umsækjendum bent á að kynna sér þau og einnig hvaða kröfur eru gerðar um gögn sem eiga að fylgja umsókn. Samkvæmt lögunum sér Fjölmiðlanefnd um umsýslu umsókna og veitir úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi.

Til úthlutunar árið 2023 verða 476,7 millj. kr. að frádreginni þóknun fyrir störf úthlutunarnefndar og öðrum kostnaði við umsýslu. Í 62. gr. i. laga um fjölmiðla kemur fram að rekstrarstuðningur skuli að hámarki vera 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda. Þá ráðist endanlegt hlutfall af umfangi og fjölda umsókna.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmiðlanefndar, **www.fjolmidlanefnd.is**, fyrir miðnætti 1. september nk. Ef spurningar vakna varðandi útfyllingu umsóknar má senda fyrirspurn á **postur@fjolmidlanefnd.is.**

jókst ræktunarsvæði undir gleri um 2.300 fm. „Við tókum við gróðurhúsum sem höfðu verið í lífrænni ræktun, þar sem mold var á gólfum. Við fórum strax í að umbreyta húsunum og fjárfesta í sjálfvirkum ræktunarfæriböndum fyrir salatræktun," segir Pétur og í dag er umfang framleiðslunnar um 4 tonn af salati á viku.

„Auðvita vorum við mjög stressaðir. Við vissum ekkert hvernig markaðurinn myndi þróast og maður hefur ekkert í hendi. Bæði hvað varðar framleiðsluna, eitthvað getur alltaf klikkað í ræktuninni og enn fremur getur alltaf eitthvað farið úrskeiðis í sölumálum."

### *Skemmtilegur fyrirtækjarekstur*

Bræðurnir nálgast framleiðsluna út frá viðskiptalegum forsendum. „Fyrir okkur snýst fyrirtækjarekstur um að breyta einni krónu í tvær og sjáum við engan mun á hvort sé verið að selja bifreið, salat eða ferðir kringum Ísland. Þetta er bara rekstur," segir Pétur.

Þeir eru þó þeirrar skoðunar að starfið og ræktunarferlið sé afskaplega skemmtilegt. „Það er frábært að sjá pínulítið fræ verða að söluvöru og rata í hendur neytenda að ferlinu loknu. Það er gaman að sjá vöruna okkar í flottum verslunum og á veitingastöðum um allt land. Það er líka mjög skemmtilegt að takast á við framleiðsluferlana, hagræðingu í vélabúnaði og vinna með starfsfólkinu okkar. Við höfum fylgst með stórum ræktendum hérlendis sem og erlendis sem eru okkar fyrirmyndir hvað varðar framleiðsluna. En við upplifum árangur af hverju litlu skrefi sem við tökum. Með því fyrsta sem við gerðum var að fjárfesta í vél frá Danmörku sem útbýr sáningarpotta úr pappír sem áður voru úr plasti. Þetta var mjög mikilvægt skref í átt að umhverfisvænni rekstri og hagræðingu. Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum minni skrefum sem við höfum tekið til að gera reksturinn arðbærari. Annað dæmi um slíkt er endurnýting á áburði. Nýlega höfum við sett upp hringrásarkerfi þar sem öllu umfram vökvunarvatni er safnað saman, það er svo hreinsað og notað aftur. Við það höfum við dregið mikið úr áburðarnotkun. Við komumst fljótt að því að rekstur á salatframleiðslu er mikill „krónurekstur" og því skiptir miklu máli að huga að hverri einustu krónu sem fer í að framleiða hverja eininguna," segir Ágúst og bætir við að framleiðslan í dag sé um 30.000 einingar í hverri viku.



**„Fyrir okkur snýst fyrirtækjarekstur um að breyta einni krónu í tvær og sjáum við engan mun á hvort sé verið að selja bifreið, salat eða ferðir kringum Ísland. Þetta er bara rekstur," segir Pétur, sem kann þó að meta starf garðyrkjubóndans og ræktunarferlið. „Það er frábært að sjá pínulítið fræ verða að söluvöru og rata í hendur neytenda að ferlinu loknu. Það er gaman að sjá vöruna okkar í flottum verslunum og á veitingastöðum um allt land. Það er líka mjög skemmtilegt að takast á við framleiðsluferlana, hagræðingu í vélabúnaði og vinna með starfsfólkinu okkar."**

### *Spretta til framtíðar*

Stefna bræðranna er að hámarka framleiðslugetu húsanna. „Verkefnalistinn er ævintýralega langur. Húsin eru mörg gömul, eða frá árinu 1970 og upp úr, og því fylgir hellingur af viðhaldi," segir Pétur en þeir bræður standa líka í allsherjar framkvæmdum á íbúðarhúsi að Akri sem þeir hafa hug á að nýta fyrir ferðaþjónustu.

„Við eigum einnig helling inni í markaðsmálunum. Við höfum meira og minna bara verið að framleiða fyrir aðra þannig að vörumerki okkar er lítið þekkt."

Sú vinna er þó hafin og kynnum við þá til sögunnar enn aðra framleiðslu sem bræðurnir festu kaup á. „Spretta er fyrirtæki sem Stefán Karl heitinn stofnaði ásamt öðrum. Það framleiðir litlar sprettur, micro greens, sem er í prinsippinu eins og salat á frumstigi. Þær eru ræktaðar í sérútbúnum hillum undir LED lýsingu í gámum. Við keyptum framleiðsluna haustið 2021 og sáum þetta sem tækifæri til samlegðaráhrifa með salatinu, að við gætum selt þær til þeirra veitingastaða sem eru viðskiptavinir okkar. Þetta eru ótrúlega huggulegar vörur, allur matur verður fallegri með skrautsprettum auk þess sem þær eru mjög bragðgóðar."

En í stað þess að framleiða vörur sínar undir nöfnum margra garðyrkjustöðva eru bræðurnir núna að sameina vörurnar undir vörumerkinu Spretta.

Hjá fyrirtækinu starfa nú átta starfsmenn auk bræðranna, sem keyra úr bænum á hverjum degi. Þeir hafa ekki hugsað sér að flytja í Laugarás. „Það hjálpar okkur að vera í bænum, við erum þá nær aðföngum og viðskiptavinum. Við komum í vinnuna með fullan bíl af varningi í sveitina og förum heim með fullan bíl af salati. Þannig hefur þetta gengið rosalega vel," segja bræðurnir.

Sú ákvörðun að festa kaup á garðyrkjustöð var tekin í hvatvísi og á afar stuttum tíma en hefur reynst bræðrunum ungu farsæl og una þeir sér svo vel í hlutverki garðyrkjubænda að þeir eru jafnvel komnir til að vera.

„Við hugsuðum þetta ekki neitt brjálæðislega langt, kannski yrði það þriggja til fimm ára verkefni að snúa rekstrinum í gott horf, gera stöðina snyrtilega og selja hana svo aftur. En nú eru að verða komin fjögur ár og við erum gríðarlega langt frá því að vera í einhverjum söluhugleiðingum.

Við vitum ekkert hvað næstu ár munu bjóða upp á annað en að framtíðin er græn."


Weckman vagnar

H. HAUKSSON EHF.







**90G - Sturtuvagn**
**Burðargeta/hlass:** 9 tonn



**Verð kr.** 1.790.000 með vsk.

**110DG – Hardox Malarvagn**
**Burðargeta/hlass:** 11 tonn



**Verð kr.** 3.490.000 með vsk.

**160MG – Malarvagn**
**Burðargeta/hlass:** 16 tonn



**Verð kr.** 4.670.000 með vsk.

Á heimasíðunni okkar **www.hhauksson.is** er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.

H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

SMÁFRAMLEIÐENDUR

# Gullið í garðinum

**Rabarbari vex víða bæði í görðum og utan þeirra, en talið er að hann hafi verið landlægur á Íslandi síðan á seinni hluta 19. aldar. Í kringum seinni heimsstyrjöldina uxu vinsældir rabarbararæktunar og fólk hvatt til að kynna sér hvernig nýta mætti sér hann sem best.**

Kjartan H. Ágústsson á Löngumýri, Skeiðum hefur um langt skeið verið viðloðinn ræktun og vinnslu rabarbara og aflaði ungur tekna í kjölfar sölu góðrar uppskeru. Fyrir tilviljun var Kjartan að blaða í Handbók bænda frá árinu 1962 þar sem hann rakst á skráningu frá afa sínum og ömmu sem öfluðu gjarnan aukatekna með rabarbarauppskeru. Höfðu þau hjónin þá selt 1,5 tonn af rabarbara og vel að merkja líka svolítið af sultu og saft.



Fjölskyldan á góðri stund fyrir nokkrum árum.
Myndir / Einkakeign

### *Sagan rakin*

Sjálfur hóf Kjartan viðskipti sín við Sölufélag garðyrkjumanna, þá með sölu á 5 kg pokum. Með tímanum jókst salan, viðskiptavinunum fjölgaði og pokarnir 20 kg. Fór þá mest í Mömmusultu og síðar Kjarnavörur sem enn er öflugasti viðskiptavinurinn. Vaninn var að tína rabarbarann, þvo, snyrta og brytja leggina auk þess að frysta, en með tímanum varð vinnslan slík að líkja mátti henni við verksmiðjuferli. Þetta var nú fyrir aldamótin 2000. „Í upphafi árs 2008 var haft samband við okkur, þáverandi sambýliskonu mína, Dorothee Lubecki, vegna verkefnis sem var verið að setja á laggirnar og hét Stefnumót hönnuða og bænda. Verið var að leita að fólki sem væri til í að prófa eitthvað nýtt, út fyrir rammann og við ákváðum að slá til. Listaháskólinn, úrval matreiðslumanna o.fl. gott fólk, ásamt okkur, fórum í verkefnið og úr varð rabarbarakaramella, heldur Kjartan áfram. Karamellan hlaut brautargengi og er enn framleidd undir heitinu Rabarbía. Hugmyndina að þessu sælgæti má rekja til bernskuminninga margra; neyslu rabarbara með sykri sem borðaður var með bestu lyst. Í framhaldinu var reist hús yfir starfsemina þar sem bæði var nægt vinnslurými sem og eldhús til framleiðslu.



Þessar dömur kunna svo sannarlega til verka.

### *Styttist í lífræna sultu*

Síðan komu sultur og síróp og átti Dorothee stóran þátt í þessu upphafi öllu saman þegar kom að uppskriftum og hugmyndum að vinnslu. Hún framleiðir einnig í dag margs konar te og notar m.a. í það lífrænt vottaðar tegundir jurta sem ræktaðar eru á bænum. Þetta var skemmtilegt en krefjandi, almennileg áskorun,“ segir Kjartan sem stendur í framleiðslu áðurnefndra karamella auk fjögurra tegunda af rabarbarasultum, fífla og grenisíróps.

Kjartan segir rabarbaraframleiðsluna og vinnsluna krefjast mikillar vinnu. Uppskeran sé tvisvar á sumri og venjulega 6-8 tonn, eftir tíðarfari. Hratt og örugglega þurfi að ganga til verks svo hægt sé að ná rabarbaranum sem bestum. Eru margir sem koma að uppskerunni, m.a. Lionskonurnar Emblur frá Selfossi sem hafa verið til aðstoðar í mörg ár. Mest af framleiðslunni fer svo í frekari vinnslu annars staðar, einkum í Kjarnavörur og Víngerð Reykjavíkur.




„Gaman er að segja frá því,“ lýkur Kjartan máli sínu „að rabarbarinn er vottaður lífrænn, nú í júní fékk ég lífræna vottun á vinnsluna og því styttist í lífrænt vottaða sultu. Vörurnar eru seldar víða um land og má finna sultu og Rabarbía karamellur bæði í Melabúðinni og sætindaversluninni Fiðrildinu í Reykjavík, flestum verslunum Hagkaupa, auk Taste of Iceland, þar sem einnig má finna teið – sem fæst að auki m.a. í Me og Mu, Taste of Iceland, Efstadal, Ljómalind og Litlu Melabúðinni á Flúðum svo eitthvað sé nefnt. Karamellurnar jú líka í Hellisheiðarvirkjun, ef fólk á leið þar um.“ */SP*




AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

# Menningarverðmætin

**Að fara utan er þekkt þjóðaríþrótt þrátt fyrir forvarnarorð seðlabankastjóra. Ástæðan er að stórum hluta til veðrið en líka ákveðin upplifun, að komast úr hversdeginum og upplifa menningu, andrúmsloft og sérvisku áfangastaðarins.**



Vigdís Häsler.

Ilmurinn af nýju crêpes í París, rjúkandi pasta alla carbonara í Róm eða skreppa í „High Tea“ í London er hluti af þessari upplifun sem tugmilljónir ferðamanna leitast eftir á hverju ári og er hluti af aðdráttarafli viðkomandi áfangastaða.

„Vonir standa til að laufabrauðsgerð og sundlaugamenning á Íslandi verði viðurkennd sem menningarverðmæti á heimsvísu.“ Svo hófst frétt á RÚV sem birtist fyrr á árinu. Tilefnið var erindi sem menningar- og viðskiptaráðherra lagði fyrir ríkisstjórnina um að tilnefna þessa íslensku sérvisku á skrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Einhverjir gætu hafa brosað út í annað að menningarverðmæti hafi í huga okkar þróast frá skinnhandritum yfir í djúpsteikingarpottinn. En matur er menning og séríslenskir siðir skapa sögu og hefðir sem aftur búa til menningarverðmæti.

### *Viðhorfsbreytingar er þörf*

Í ljósi stöðu efnahagsmála á Íslandi, þar sem rekstraraðilar veitingahúsa standa frammi fyrir hækkun á aðföngum, hækkandi fasteignaverði og hækkandi launakostnaði, eru fáir sem tileinka sér frasann: „Ég er reiðubúinn að greiða hærra fyrir íslenskar afurðir.“ Æ oftar heyrir maður það nefnt á hinn bóginn að veitingasalar telji sig einfaldlega ekki hafa efni á að bjóða upp á íslenskar vörur, séu þær yfirleitt dýrari en þær innfluttu, enda sé þetta „klink og aurabransi“ svo vitnað sé í góða vinkonu sem fer fyrir nýjum veitingastað hér í bæ. Sú er einstaklega fær í sínu starfi, brennur fyrir íslensk hráefni og íslenska matargerð en í samkeppni um viðskiptavini á hún ekki alltaf það val sem hún hefði viljað. Hér er þörf á viðhorfsbreytingu þar sem verslunin og veitingamenn þurfa að tileinka sér fremur: „Ég get ekki boðið eingöngu upp á erlent hráefni því þá kemur enginn ferðamaður.“ Staðreyndin er nefnilega sú að enginn kemur til Íslands til að borða carbonara eða nýsjálenska nautalund. Ferðamenn koma hingað til lands til þess að upplifa land og þjóð í gegnum okkar mat og okkar hefðir. Þeir koma hingað til þess að bragða á íslenskum mat og réttum úr íslenskum hráefnum og best væri auðvitað ef þeir gætu setið í heitapottinum á meðan þeir gæddu sér á, en það er önnur saga og önnur grein. Það væri frekar súrt að fara til Frakklands og fá ekki alvöru baguette sem þegar hefur hlotið náð fyrir augum UNESCO.

### *Undirmeðvitund þjóðar*

Það er til lítils að tala um menningarverðmæti þjóðar ef efling landbúnaðar er þar ekki nefnd í sömu andrá, hvort sem er í stjórnarsáttmála eða í ræðum stjórnmálamanna á tyllidögum.

Jafnvel gæti verið nauðsynlegt fyrir okkur að stíga nokkur skref til baka, finna upprunann og kafa þar með ofan í undirmeðvitund þjóðarinnar og líta til þess að íslensk matvælaframleiðsla, landbúnaður, sjávarútvegur og frumframleiðsla annarra afurða, teljast til helstu menningarverðmæta íslensku þjóðarinnar.

Á Norðurlöndunum hefur landbúnaðarframleiðsla rækilega náð að festa sig í undirmeðvitund frændþjóða okkar. Í Svíþjóð hefur verið notast við upprunamerkinguna Från Sverige, í 21 ár, sem notuð er á nánast alla matvöru sem búin er til úr sænskum hráefnum. Þannig er það greypt í vitund sænskra neytenda að




Bændablaðið
www.bbl.is



Íslenska pönnukakan er menningarverðmæti. Mynd / M. Draa

með því að velja sænska framleiðslu, eru þeir ekki eingöngu að leitast eftir bragðgóðum vörum heldur einnig heilnæmum og öruggum mat. Hljómar kunnuglega? Í Noregi nota framleiðendur matvæla þar upprunamerkið Nyt Norge sem á það sammerkt með sænska upprunamerkinu að vera vel greypt í undirmeðvitund og kauphegðun norskra neytenda, enda hefur neysla á kjöti og osti sem framleitt er í Noregi nærri því tvöfaldast á síðastliðnum 40 árum.

***Hvað á að standa vörð um?***

Ferðamenn sem sækja Ísland heim vilja ekki bragða á crêpes, þeir vilja íslenska pönnuköku og ekki er það verra að það sé fyrsta pönnukakan af pönnunni, og þá er ég að tala um þessa fyrstu, smjördreyptu pönnuköku sem heimilisfólkið hefur slegist um frá því samningar náðust um fullveldi Íslands. Ef kokkur nokkur á veitingastað í Modena á Ítalíu getur halað inn Michelin stjörnu fyrir rétt sem er að meginstefnu til hornskammturinn á lasagna og Ritz hótelið í London rukkað rúmlega 12.500 krónur fyrir teboð þá hlýtur það að liggja lóðbeint við að það er þjóðhagslega hagkvæmt að standa vörð um íslensku pönnukökuna og menningarverðmætin sem henni tengjast, enda á hún uppruna sinn í eldhúsinu hjá mömmu, á stórhátíðum, tyllidögum, útförum og afmælisveislum.

En þá þarf að standa vörð um íslensk hráefni og íslenska framleiðslu, án þess að hljóma of mikið eins og Guðni Ágústsson um íslensku sauðkindina, og þó. Íslensk matvæli eru svo sannarlega órjúfanlegur hluti af menningarverðmætum íslensku þjóðarinnar og okkar staðfesta framlag til heimsmenningarinnar þegar ferðamenn hvaðanæva úr heiminum sækja okkur heim og vilja bragða á mat úr íslenskum hráefnum Íslensk sérviska er nefnilega til útflutnings.

*Vigdís Häsler,*
*framkvæmdastjóri*
*Bændasamtaka Íslands.*









VIÐTAL

## Hestamennska:

# Það gerir þetta enginn fyrir okkur

### – Halldór H. Halldórsson er vongóður um aukið fjármagn til reiðvegaframkvæmda



Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com



Halldór á ferð um Heiðmörkina í góðum félagsskap.

Myndir / Aðsendar.

**Reiðvegir eru nauðsynlegir þeim sem vilja geta stundað útreiðar og ferðast um á hestbaki. Þeir eru mikilvægur hluti af hestamennskunni, segir Halldór H. Halldórsson, hestamaður og nefndarmaður til fjölda ára í reiðvega-, ferða- og samgöngunefndum.**

Eftir rúmlega tveggja áratuga störf í sjálfboðavinnu hefur Halldór nú, að mestu leyti, stigið til hliðar í nefndarstörfum reiðvegamála.

Í ritinu Reiðvegir er greint frá því að árið 1965 var fyrst veitt fjármagn frá Alþingi af vegfé til reiðvega, sem segir að síðan þá hafi málaflokkurinn verið í fjársvelti. „Hestamenn hafa alla tíð talið að of litlu af opinberu fjármagni sé varið í þann málaflokk sem reiðvegir eru, að undanskilinni gerð „Konungsvegarins“ sem gerður var fyrir konungskomuna 1907 og kostaði tvenn fjárlög íslenska ríkisins. Gífurlegs álags og aukningar umferðar hefur gætt á reiðvegum landsins síðustu áratugi vegna aukinnar hestaferðaþjónustu og ferðalaga hestamanna um landið. Reiðvegirnir fá ekki það viðhald né uppbygginu sem þeir þurfa, þeir drabbast niður sem m.a. leiðir af sér stóraukna slysahættu.“

#### *Reiðgötur voru fáar*

Halldór Helgi Halldórsson fór ungur í sveit, fyrst að Hvammi í Landsveit og svo að Skarðshömrum í Norðurárdal í Borgarfirði þar sem hann kynntist m.a. hrossum og smalamennsku. Hann fann að hrossin áttu vel við sig og áhuginn varð það mikill að áfram fetaði hann menntaveginn og útskrifaðist sem búfræðingur frá Hvanneyri árið 1969. Hestamennska hans í höfuðborginni hófst svo árið 1983 þegar hann fékk úthlutaða hesthúsalóð á Kjóavöllum, þá á félagssvæði hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ (nú Sprettur) og byggði þar fyrsta hesthúsið við Dreyravelli á Kjóavöllum. Þar stundaði Halldór sína hestamennsku í tæp 40 ár, en veturinn 2021 var síðasti vetur hans með hross á húsi.

„Þá voru reiðgötur hér í hestamannafélaginu Andvara engar, það var bara flóttamannavegurinn svokallaði og svo línuvegurinn hér upp frá sem var rudd slóð og ekkert efni í hana borið. Hestamönnum blöskraði framganga sveitarfélagsins eftir að hafa úthlutað hér hesthúsalóðum á Kjóavöllum en svo voru hér engir reiðvegir, við það vorum við hestamenn ekki sáttir. Eftir setu í stjórn Andvara í nokkur ár, þá óskaði Elísabet Þóra Þórólfsdóttir, þáverandi formaður reiðveganefndar Andvara, eftir því að fá mig með sér í reiðveganefnd Andvara, sem ég gerði árið 1996. Þá var einnig starfandi sameiginleg reiðveganefnd allra hestamannafélaga á Suðvesturlandi, „reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna“, öðru nafni reiðveganefnd suðvestursvæðis, sem stofnuð var árið 1990.“

#### *Reiðveganefndir um land allt*

Halldór hefur alla tíð verið öflugur félagsmaður og sinnt ýmiss konar nefndar- og stjórnarstörfum í sjálfboðavinnu sem sennilega hleypur á þúsundum klukkustunda. Má þar helst nefna setu hans í stjórn og nefndum Andvara, stjórn Landsmóts 2000 ehf., sameiningarnefnd Gusts og Andvara, auk setu í varastjórn Landssambands hestamannafélaga (LH). Mestum tíma Halldórs hefur þó verið varið í reiðvegamál þar sem hann hefur setið í reiðveganefnd Andvara í um 15 ár, þar til félagið sameinaðist Gusti og úr varð hestamannafélagið Sprettur. Þá hélt hann áfram störfum í reiðveganefnd Spretts sem formaður til ársins 2021. Hann var einnig formaður reiðveganefndar LH 2004–2021 og starfar enn með báðum nefndum eftir þörfum.

„Það tókst það vel til með reiðvegamál hjá reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna að úr varð að koma á laggirnar svæðisbundnum reiðveganefndum víðs vegar um landið. Það ferli hófst árið 2006 og í dag eru nefndirnar sjö talsins vítt og breitt um landið og njóta stuðnings hver af annarri.“ Halldór, sem var þá formaður reiðveganefndar LH, ferðaðist um landið, fundaði með hestamönnum hvers svæðis fyrir sig og var við stofnun allra reiðveganefndanna. Saman mynda formenn hverrar nefndar fyrir sig reiðveganefnd LH. Sú nefnd ráðstafar reiðvegafé hvers árs, en reiðvegir eru fjármagnaðir með reiðvegafé af vegaáætlun samgönguáætlunar, auk framlags frá sveitarfélögunum sem standa sig þó misjafnlega vel.

#### *Fjölmörg verkefni og uppákomur*

Verkefnin sem Halldór hefur komið að eru fjölmörg. Reiðvegahandbókin er eitt af þessum verkefnum. „Ég kom lítillega að þessu verkefni í upphafi, í kringum árið 2006, en svo höfum við Sæmundur Eiríksson ásamt Haraldi Sigursteinssyni fyrir hönd Vegagerðarinnar endurunnið handbókina, lagfært hana og komið í rafrænt form. Þetta er samstarfsverkefni LH og Vegagerðarinnar og fjallar í stuttu máli um framkvæmd og gerð reiðstíga með það að markmiði að samræma reiðstígagerð á landinu og reyna að tryggja sem kostur er öryggi ríðandi umferðar og annarrar.“ Handbókin er veglegt rit sem telur um 65 bls. Þar má m.a. finna upplýsingar um flokkun hestaumferðar, hönnun reiðstíga, flokkun jarðefna, skráningu reiðleiða í kortasjána, reiðgöng og brýr, áningarhólf og merkingar þeirra, lagaákvæði og gátlista svo fátt eitt sé nefnt.

Verkefnin hafa ekki alltaf gengið snurðulaust fyrir sig og rifjar Halldór upp þá tíma þegar sameiginleg reiðveganefnd suðvestursvæðis var í reiðvegaframkvæmdum í Heiðmörk þegar sveitarfélagið Garðabær stoppaði framkvæmdir vegna hættu á mengun vatnsbóla við Dýjakróka.

„Hestamenn boðuðu til fundar með sveitarstjórn og fleirum. Við höfðum undirbúið okkur vel og sýndum fram á að mengunaráhætta stafaði ekki af hestum í Heiðmörk, könnunarholur milli vatnsbóla og hesthúsasvæðis voru hreinni heldur en í vatnsbólunum sjálfum, þ.e. minna magn nítrata sem voru þó fjarri öllum hættustöðlum. Auk þess bentum við á þá staðreynd að Heiðmörkin öll var ræktuð upp með hrossataði. Í stuttu máli sagt fengum við að halda áfram reiðvegagerð.“

#### *Fimmtán þúsund kílómetrar af reiðleiðum*

Þegar litið er til baka á þau verkefni sem Halldór hefur unnið að telur hann kortasjána vera þeirra stærst.



Halldór við undirritun samnings við Neyðarlínuna, sem hefur afnot af öllum reiðleiðaferlum úr kortasjánni, sem er öryggisatriði fyrir ríðandi umferð.





Halldór ásamt nefndarmönnum reiðveganefndar Andvara árið 2004, þeim Elísabetu Þóru Þórólfsdóttur og Sveini Skúlasyni.

„Árið 1997 skipaði samgönguráðherra nefnd um reiðvegamál, nefnd undir stjórn Jóns Rögnvaldssonar, þá aðstoðarvegamálastjóri, þar var m.a. lagt til að reiðleiðir skyldu flokkaðar og skráðar. Úr varð að reiðveganefnd LH fékk þetta verkefni í fangið og er það upphafið að kortasjánni. Reynt var samstarf við Landmælingar Íslands, þar sem hestamenn voru fengnir til að bera með sér gps tæki í hestaferðir. Það gekk lítið því menn gleymdu að slökkva á tækjunum, batteríin kláruðust og það voru alls konar uppákomur. Árið 2007 sá ég svo frétt í blaðinu frá Loftmyndum og ég hugsaði með mér að þetta væri málið. Í þetta verkefni þurfti ég að finna með mér hestamann sem væri tæknimenntaður, t.d. verkfræðingur, og skömmu síðar hnaut ég um Sæmund Eiríksson. Hann var til í að koma með mér í málið og hann hefur sko reynst okkur hestamönnum betri en enginn. Kortasjáin væri ekki til í þeirri mynd sem hún er í dag ef hans liðsinnis hefði ekki notið við.“

Kortasjána má finna á heimasíðu LH, lhhestar.is. Úr kortasjánni má taka út gps hnit, hlaða inn í eigið tæki og ríða af stað eftir þeim hnitum. Gerður hefur verið samningur við Neyðarlínuna, 112, sem hefur afnot af öllum reiðleiðaferlum úr kortasjánni, sem er öryggisatriði fyrir ríðandi umferð. „Ég sé ekki fyrir mér að hestamenn verði án kortasjárinnar í framtíðinni. Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé berast um kortasjána, þar sem m.a. er hægt að teikna inn reiðleiðir og skila inn greinargerð um það sem búið er að gera. Þar eru allir skálar á landinu, áningarhólf og auðvitað allar þær reiðleiðir sem búið er að skrá í dag, sem telja um 14.650 km.“

### *Fimmtán milljarða þarf til*

Drög að nýrri samgönguáætlun, fyrir árin 2024 til 2038, var kynnt 13. júní sl. og er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem opið er fyrir athugasemdir til og með 31. júlí. Á haustmánuðum verður endanleg áætlun lögð fram sem er gerð fyrir 15 ár í senn, en skipt niður í þrjú fimm ára tímabil.

„Við erum búin að berjast fyrir því lengi að fá aukið fjármagn í reiðvegagerð og ég er vongóður um að hugsanlega verði bætt úr því við afgreiðslu næstu samgönguáætlunar. Innviðaráðherra skipaði starfshóp um stöðu reiðvegamála á Íslandi. Niðurstaða starfshópsins var sú að það þarf 15 milljarða til að koma öllum reiðvegum landsins í gott ástand. Við gerum okkur þó grein fyrir því að það sé langsótt að það fáist. Starfshópurinn leggur til að úthlutun reiðvegafjár verði 1,5 milljarðar á fyrsta tímabili, 1,4 milljarðar á öðru tímabili og 1,45 milljarðar á þriðja tímabili. Samtals um 4,35 milljarðar á 15 ára tímabili. Það eru þá um 300 milljónir til úthlutunar á hverju ári á fyrsta tímabilinu, en er nú um 75 milljónir á ári. Þetta er tillaga nefndarinnar til ráðuneytisins, og er að mínu mati mjög hófleg tillaga, og yrði heilmikil lyftistöng fyrir hestamennskuna.“

Halldór telur að í gegnum tíðina hafi hestamenn verið of undanlátssamir, og í sumum tilvikum hafa breytingar á reiðvegum ekki alltaf verið bornar undir hestamenn heldur hafa sveitarfélögin framkvæmt án samráðs. „Reiðvegamál eru stanslaus vinna, þetta eru verkefni sem enginn gerir fyrir okkur – við verðum að gera þetta sjálf.“


## Tilkynning: Til búfjáreigenda í Árborg. Frá eiganda Efra Sels.

Vakin er hér með athygli búfjáreigenda á að samkvæmt lögum og reglum um lausagöngubúfjár í Árborg, er óheimilt með öllu að beita utanaðkomandi búfénaði á land Efra Sels.

Verði ágangur, ágangsbúfénaðar í land Efra Sels, verður umsvifalaust og án frekari aðvaranna í samstarfi við Stjórnsýslufulltrúa eða Dýraeftirlitsmann Árborgar, farið í smölun jarðarinnar. Ágangsbúfénaði verður komið á hús, þar sem eigendur ágangsbúfénaðarins geta nálgast hann.

Rukkað verður fyrir kostnað smölunar, mögulegar og sýnilegar skemmdir á trjágróðri, ökutækjum og öðrum eignum af hálfu umrædds ágangsbúfénaðar, sem og geymslugjald fyrir hvern sólarhring sem skepnur eru ekki sóttar. Rukkað er fyrir hverja skepnu eftir marki hennar.

Sbr.33. og 34. gr. lagan nr.6/1986 og samþykkt um búfjárhald í sveitarfélaginu Árborg.

26. 06. 2023. Landeigandi.







**MENNING**



Daníel Daníelsson segist hafa að markmiði að skapa augnablik sem geti breytt lífi fólks. Mynd / Aðsend

# Skáldskapur við öll tækifæri

**Á dögunum birtist í Bændablaðinu smáauglýsing þar sem tækifærisskáld bauð fram krafta sína.**

Var boðin þjónusta við samningu ljóða, sönglaga, níðvísna og annarra texta. Vettvangurinn gæti verið til dæmis brúðkaup, skírnir, skilnaðarpartí, afmæli eða bara stofuveggurinn.

Þegar grennslast var fyrir um manninn á bak við auglýsinguna kom í ljós að þar var á ferðinni Daníel Daníelsson frá Stykkishólmi, sem einnig ólst upp á Kirkjubæjarklaustri og Selfossi en er nú háskólanemi í Reykjavík.

„Ég var einn af þeim útvöldu sem komust inn í meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands fyrir tveimur árum og nú þegar útskrift nálgast er mikil áskorun fólgin í því að verða sér úti um verkefni sem miða að ritstörfum,“ segir Daníel. „Ég er búinn að vinna mig upp á hnefanum, flutti í borgina fyrir háskólagráðu og prófaði að feta launþegabrautina, draum sem var í raun tálsýn og breyttist fljótlega í martröð. Níu til fimm er ekki fyrir háfleyga, ég sé það í dag.“

Hann segist því reyna að sækja tækifærin í stað þess að bíða eftir þeim, nýkominn úr fæðingarorlofi. „Svo ef fólk vill ástarbréf, ljóð, vísur, barnasögur, smásögur eða söngtexta fyrir afa sinn eða systur eða besta vin eða yfirmann eða undirsáta eða fyrrverandi, þá veit fólk hvert það getur leitað fyrir öðruvísi gjöf. Og auðvitað er prís á vinnuna.“



Tækifærisskáld. Tek að mér að semja ljóð, sönglög, níðvísur og aðra texta. Brúðkaup, skírnir, skilnaðarpartí, afmæli eða bara á stofuvegginn. Pantanir í s. 694-2748.

Smáauglýsingin sem vakti athygli.

Daníel var fyrr í vor meðhöfundur að bókinni Best fyrir með söguna Þessi saga er mín upplifun. Seinna á árinu er áætluð útgáfa ljóðabókarinnar Ég get ekki hætt að hugsa um Rithöfundasamband Íslands. Um hvers vegna hann kaus að auglýsa í Bændablaðinu segir hann að án fjölbreyttra verkefna til að spreyta sig á geti hann lítið þróast sem skáld.

Hann hefur fengið einhver viðbrögð við auglýsingu sinni. „Fólk er varfærið þegar skáld ber að garði og ég skil vel að flest kaupi bara bók í Bónus fyrir jólin handa sínum nánustu – ég var þar fyrir ekki svo löngu. Ég legg áherslu á að list er list, hana má gagnrýna en ritskoðun kaupenda finnst mér vafasöm, svo það sé á hreinu. Pöntun hjá skáldi er alltaf hættuspil!“

*/sá*



Frá Náttúrubarnahátíðinni á Ströndum í fyrra. Gestir prófa kajaka. Myndir / Aðsendar

## Sumarhátíðir:

# Náttúrubörn á Ströndum

**Náttúrubarnahátíð á Ströndum verður haldin helgina 14.–16. júlí á Sauðfjársetrinu í Sævangi, rétt sunnan við Hólmavík.**

Á fjölskylduhátíðinni fá gestir, börn og fullorðnir tækifæri til að finna eða rækta sitt innra náttúrubarn á fjölbreyttum viðburðum sem einkennast af útivist, fróðleik og skemmtun, að því er fram kemur í tilkynningu frá skipuleggjendum.

Náttúrubarnaskólinn stendur fyrir hátíðinni og Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur heldur utan um viðburðinn. „Skipulagningin gengur mjög vel, við erum komin með glæsilega dagskrá, fjölbreytt og skemmtileg atriði, tónlist, spennandi smiðjur, gönguferðir og útivist. Við hefjum hátíðina alltaf á að framkvæma veðurgaldur, til að tryggja gott veður fyrir helgina, enda fer hún að mestu fram utandyra á svæðinu umhverfis Sævang.“

Á hátíðinni verður meðal annars kvöldskemmtun með Gunna og Felix, Ingó Geirdal töframaður verður með töfrasýningu, Benedikt búálfur og



Hægt er að taka þátt í núvitundarævintýri, gönguferðum og útileikjum.

Dídí koma í heimsókn. Haldnar verða spennandi smiðjur og stöðvar, meðal annars frá Þykjó, Náttúruminjasafni Íslands og Eldraunum. Hægt verður að fara á hestbak hjá Strandahestum og prófa kajak frá Sjóíþróttafélaginu Rán, taka þátt í núvitundarævintýri með Kyrrðarkrafti, gönguferðum, útileikjum, fjölskylduplokki, spurningaleik um náttúruna, hlusta á drauga- og tröllasögur, skjóta af boga og ótal margt fleira.Ókeypis er á öll atriði hátíðarinnar, en hún er styrkt af Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. „Öll börn eiga rétt á menningu og að læra að þekkja náttúruna. Ég hlakka mikið til, þetta er alltaf svo ótrúlega skemmtilegt og það eru svo sannarlega öll velkomin að koma og kynnast náttúrunni, leika sér saman og skapa skemmtilegar minningar,“ segir Dagrún.

*/ghp*


Lífeyrissjóður bænda

STARFSEMI Á ÁRINU 2022

| BREYTING Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS í milljónum króna | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 769 | 790 |
| Lífeyrir | (2.121) | -1.925 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | (2.557) | 6.005 |
| Rekstrarkostnaður | (171) | -139 |
| Breyting á hreinni eign | (4.080) | 4.730 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 45.108 | 40.378 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 41.028 | 45.108 |

| KENNITÖLUR | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | (5,8%) | 15,1% |
| Hrein raunávöxtun | (14,2%) | 9,4% |
| Hrein raunávöxtun, 5 ára m.tal | 2,6% | 8,0% |
| Hrein raunávöxtun, 10 ára m.tal | 3,3% | 5,9% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 2.030 | 1.989 |
| Fjöldi sjóðfélaga með réttindi | 10.768 | 10.829 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 4.036 | 4.039 |
| Tryggingafræðileg staða | (9,3%) | (3,2%) |

| EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK í milljónum króna | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 19.549 | 21.283 |
| Skuldabréf | 21.075 | 22.937 |
| Skammtímakröfur o.fl. | 146 | 186 |
| Handbært fé | 300 | 729 |
| Eignir alls | 41.070 | 45.136 |
| Skuldir | 42 | 28 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 41.028 | 45.108 |

**Stjórn**

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar
Guðrún Lárusdóttir, varaformaður
Erna Bjarnadóttir
Guðbjörg Jónsdóttir
Örn Bergsson

**Framkvæmdastjóri**

Ólafur K. Ólafs

Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is


# Bílferð um söguslóðir Ásgríms

**Ásgrímsleiðin er ökuferð um Flóann á söguslóðir Ásgríms Jónssonar listmálara, með viðkomu á sýningum Listasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Leiðin byrjar eða endar í Húsi Ásgríms, við Bergstaðastræti í Reykjavík.**

Ásgrímur var fæddur 4. mars 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa og varð brautryðjandi í listasögu þjóðarinnar. Í Húsinu á Eyrarbakka er sýningin Drengurinn, fjöllin og Húsið, en þar réðist Ásgrímur til vistar upp úr fermingu. Þar er varpað ljósi á æsku hans og unglingsár. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu.

Farið er um Stokkseyri að Gaulverjabæjarkirkjugarði þar sem Ásgrímur hvílir. Hægt er að heimsækja minnismerki um listamanninn, sem stendur innan skógræktarinnar Timburhóls, stutt frá æskustöðvum hans. Þótt húsin í Rútsstaðarhverfi séu löngu horfin, má enn sjá frá veginum Álfakirkju Ásgríms. Á þessari leið sést vel fjallahringurinn sem fóstraði sveininn og veitti honum innblástur.

Svo er sýningin Hornsteinn, afmælissýning Listasafns Árnesinga í Hveragerði, heimsótt en þar eru fjölmörg verk Ásgríms sýnd.

Með Ásgrímsleiðinni vilja söfnin vekja athygli á ævi og störfum Ásgríms Jónssonar en einnig fagna afmæli safnanna. Byggðasafnið á 70 ára afmæli á árinu og Listasafn



Ásgrímur Jónsson, listamaður.

Árnesinga fagnar 60 ára afmæli. Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands, og er styrkt af Safnaráði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Rætur Listasafns Árnesinga má rekja til gjafar Bjarnveigar Bjarnadóttur, frænku Ásgríms, og tveggja sona hennar sem færðu Árnesingum sjötíu listaverk eftir helstu listamenn þess tíma. Nítján þessara verka voru eftir Ásgrím. Listamaðurinn sjálfur ánafnaði Listasafni Íslands verk sín og heimili á Bergstaðastræti 74 og þar er í dag sýning á heimili hans og verkum.

*/ÁL*

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

# Lífið, bæði blítt og strangt ...

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Hjálmari Jónssyni, kenndum við Bólu.**

Hann fæddist á Hallandi í Eyjafirði árið 1796. Hjálmar ólst upp hjá vandalausum og síðar föður sínum, fluttist 1920 að Silfrastöðum í Skagafirði og kynntist þar konu sinni, Guðnýju Ólafsdóttur, en þau voru systrabörn. Eftir viðkomu á Bakka í Öxnadal og Nýjabæ í Austurdal, Skagafirði, fluttu hjónin árið 1829 að Bólu (Bólstaðargerði) í Blönduhlíð, hjáleigu frá Uppsölum. Var Hjálmar eftir það kenndur við Bólu en fór þaðan laust fyrir 1840 eftir ákæru, og sýknu, um sauðaþjófnað. Hann var í húsmennsku eftir að Guðný lést 1845, lengst í Minni-Akragerði í Blönduhlíð og síðar í Grundargerði í nágrenninu. Hjálmar var ágætlega sjálfmenntaður, ekki síst í fornfræðum. Hann var hefðbundið rímnaskáld, fljúgandi hagorður og myndvís, en orti einnig hvassyrt og af íþrótt um eigið líf, samtíð sína og samferðamenn, stjórnvaldið og almættið. Skáldskapur hans var mjög á skjön við þann rómantíska þjóðfrelsisanda sem samtímaskáld hans sum iðkuðu. Listfengur var hann og oddhagur og hafa varðveist eftir hann fagrir útskurðargripir. Hann var jafnan bláfátækur og stóð í stöðugu stríði við allt og alla, jafnt guð og menn. Hann lést í beitarhúsum frá Brekku í Seyluhreppi í júlímánuði 1875. Gröf hans er á Miklabæ, við hlið Guðnýjar. Minnismerki er um Bólu-Hjálmar í minningarlundi við Bólu, frá árinu 1955. /sá




**Beinróa**

Beinróa heitir partur af túninu á Ökrum. Þar var Hjálmar að slá í sólskini og þurrk, og beit illa.

*Beinróa, þú grýtt og glær,*
*gnagi þig djöfla tennur.*
*Bölvi þér allt, sem andað fær,*
*einkanlega sá þig slær,*
*þar til stálhörð þú til kola brennur.*

**Raupsaldurinn 1875**

Kveðið til gamans í ellinni til að hlæja að.

*Lífið, bæði blítt og strangt,*
*ber nú menjar sínar;*
*upp að telja ei er langt*
*íþróttirnar mínar.*

*Telgdi eg forðum tré með egg,*
*teygði járn og skírði,*
*Fjölnis brúðar skóf af skegg,*
*skeið á vatni stýrði.*

*Tætti eg ull og bjó úr band,*
*beitti hjörð um vetur,*
*heitum kopar hellti í sand,*
*hjó á fjalir letur.*

*Dró eg fisk úr veiðivök,*
*vanur að keipa færi,*
*streitti oft við steinatök,*
*þó sterkur ekki væri.*

*Sneið úr jörðu þarfleg þök,*
*þrýsti veggjum saman,*
*ýmsra sagna rakti rök,*
*rekkum þótti gaman.*

...

Kælandi innlegg í sumarblíðuna þegar smjör drýpur af hverju strái:

**Hestarnir í harðindum**

*Jarpur fyllir svangan sarp,*
*setur höm í norðanhret,*
*skarpur drifta veikir varp,*
*vetur sig ei buga lét.*
*Hringur lötrar húsin kring,*
*hanga lætur tóman svang,*
*bringustór með bógnasting*
*bangar fold á uslagang.*
*Hastur fær af hungri köst,*
*hristir af sér élin byrst,*
*kastar hóf um klakaröst,*
*kvistar hjarn af matarlyst.*
*Skjóni jörkum skefur frón,*
*skeinum flumbrar brædda hlein,*
*hrjónur mylur hófa ljón,*
*hrein í svellum dauðakvein.*
*Fífill skafla kannar kaf,*
*krofið er sem grindahrof,*
*dýfir sér í dauðans haf,*
*dofinn stendur upp í klof.*
*Rauður klaka rastir hrauð,*
*riðar út á fellis hlið,*
*dauðans vök er orðin auð,*
*iðar fjör við takmarkið.*
*Ljáðu, faðir, lýðum ráð,*
*leiðin bjargar verði greið,*
*gáðu að þörfin brauðs er bráð,*
*breiðist móti landi neyð.*

Heimild: Sýnisbók íslenskra bókmennta frá 1550 til 1900, Kristján Eiríksson tók saman, Reykjavík 2003.
Hjálmar Jónsson frá Bólu, Ritsafn I, Ljóðmæli, Ísafoldarprentsmiðja, 1965.


AKURShús - timbureiningahús
Afhent uppsett á byggingarstað eða í einingum
– Við allra hæfi –
Trésmiðjan Akur







Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt
Margar gerðir og stærðir



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar



WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is




„Það er ótrúlegt að finna hvað þessi **ACTIVE JOINTS** hefur gert mikið fyrir mig. Nánast öll óþægindi eru farin í hnénu og ég er með vellíðunar tilfinningu innra með mér sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég er sannfærður um að **ACTIVE JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig.

Ég mæli svo sannarlega með **ACTIVE JOINTS** frá Eylíf.“

**Árni Pétur Aðalsteinsson**

EYLÍF

UTAN ÚR HEIMI

Vísindi:

# Mölfiðrildi mögulega jafn mikilvæg og býflugur

**Það eru ekki aðeins býflugur sem eru lykilþáttur í frævun plantna. Komið hefur í ljós að mölfiðrildi, sem flögra um á nóttunni, hafa svipaða yfirferð og býflugur hvað þetta varðar.**

Vísindamenn við háskólann í Sheffield á Englandi hafa í kjölfar nýrrar rannsóknar hvatt til vitundarvakningar í verndun mölfiðrilda sem eiga, líkt og fleiri skordýrategundir, undir högg að sækja vegna áhrifa mannsins á umhverfi sitt. Frá þessu greinir á vefnum Science Daily.

Rannsóknir Sheffield-háskóla leiddu í ljós að mölfiðrildi kunna að vera þolnari fyrir raski á búsvæðum sínum en býflugur og að þær gegni mjög mikilvægu hlutverki í viðhaldi plöntusamfélaga í meðal annars þéttbýli. Þær sjái um þriðjung allrar frævunar í blómplöntun, trjám og ræktun. Fleiri rannsóknir styðja þessar niðurstöður.



Mölfiðrildi. Ný rannsókn sýnir að frævun býflugna á vissum plöntum í dagsbirtu á sér hliðstæðu í frævun mölfiðrilda á öðrum plöntum að næturlagi.

### *Hugsa fyrir skordýrum í skipulagsvinnu*

Samkvæmt aðalhöfundi rannsóknarskýrslu um efnið, dr. Emilie Ellis hjá Rannsóknarmiðstöð vistfræðilegra breytinga við Háskólann í Helsinki, áður Sheffield-háskóla, er fjölbreytni frjókorna sem mölfiðrildi og býflugur bera með sér milli plantna að minnka sem þýði að frævunarflugurnar hafi æ færri blómtegundir að sækja frjókorn í. Skýrsluhöfundar leggja til að þegar þéttbýlissvæði eru skipulögð, eða endurskipulögð, verði innbyggt í skipulag að koma á legg þeim gróðri sem gagnist mölfiðrildum og býflugum, til að styðja viðkvæm vistkerfi.

„Fólk er almennt ekki hrifið af mölfiðrildum," segir dr. Ellis. „Hlutverk þeirra fellur því gjarnan í skuggann af mikilvægi býflugnanna þegar rætt er um nauðsyn verndunar. Það þarf að leggja miklu meiri áherslu á þátt mölfiðrilda í heilbrigði vistkerfa, ekki síst í ljósi þess að fjöldi þeirra hefur minnkað verulega undanfarna hálfa öld. Þegar græn svæði eru skipulögð þarf að hugsa fyrir því að gróður sé hafður fjölbreyttur og aðlaðandi fyrir mölfiðrildi og býflugur, til að tryggja að bæði gróðurinn og skordýrin þrauki loftslagsbreytingarnar og fækkun einstaklinga innan tegundanna," segir Ellis.

Meðhöfundur rannsóknarskýrslunnar, dr. Stuart Campell við Sheffield-háskóla, segir að þrátt fyrir að flestar plöntur séu háðar frævun skordýra sé erfitt að segja hvaða skordýr nákvæmlega frjóvgi hvaða plöntur. Til dæmis séu um 250 tegundir býflugna á Bretlandseyjum sem frjóvga á daginn en um 2.500 tegundir mölfiðrilda sem sæki að mestu í blóm að næturlagi.

### *Samspil býflugna og mölfiðrilda*

„DNA-raðgreining var notuð til að bera kennsl á frjókorn sem festast á næturflugum að vitja blóma," segir Campell í grein Science Daily. „Við áttuðum okkur á að mölfiðrildi fræva líklega ýmsar tegundir plantna, margar þeirra villtar, sem ólíklegt er að býflugur frævi – og öfugt. Það er ljóst af þessari rannsókn að frjóvgun er háð flóknu samspili skordýra og plantna, viðkvæmu fyrir m.a. þéttbýlismyndun."

Mölfiðrildi (*e. moths*), sem einnig nefnast mölflugur, lágvængjur eða mölur, er hópur skordýra sem felur í sér öll skordýr Lepidopteraættarinnar sem ekki eru fiðrildi. Talið er að til séu meira en 160 þúsund tegundir mölfiðrilda og flest þeirra næturdýr. Mölfiðrildum og fiðrildum er oft ruglað saman vegna svipaðs útlits en flest það sem hér á landi er kallað fiðrildi er í raun og veru af ætt mölfiðrilda/mölflugna. */sá*


## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




Nýsjálenski sauðfjárstofninn minnkaði um 400 þúsund gripi á tólf mánaða tímabili. Mynd / Martin Bisof - Unsplash

Nýja-Sjáland:

# Skógrækt í stað sauðfjárræktar

**Nýsjálenskir bændur hverfa í auknum mæli frá sauðfjárrækt. Á sama tíma er uppgangur í skógrækt til framleiðslu kolefniseininga. Fjöldi sauðfjár á hvern Nýsjálending hefur ekki verið færri frá upphafi mælinga.**

Í meira en öld hefur sauðfjárrækt verið undirstöðuatvinnuvegur Nýja-Sjálands og helsta einkenni landsins út á við. Um allt Nýja-Sjáland eru sífellt fleiri bújarðir að hverfa undir skógrækt, sem reynist ábatasöm vegna eftirspurnar eftir kolefniseiningum. Guardian greinir frá. Nýsjálensk stjórnvöld hafa skapað umhverfi fyrir viðskipti með kolefniseiningar og geta landeigendur haft góðar tekjur af framleiðslu þeirra.

Á sama tíma hefur verðið á ull fallið um helming á heimsmarkaði og sauðfjárbændur verða fyrir sífellt meiri efnahagslegum og pólitískum þrýstingi.

### *Fjárfestar kaupa jarðir*

Ræktarland hefur hækkað þónokkuð í verði eftir uppgang kolefnismarkaða. Frá árinu 2017 hafa 175.000 hektarar af landbúnaðarlandi, sem áður var nýtt til sauðfjár- og nautgriparæktar, verið selt til aðila sem leggja stund á skógrækt. Fjörutíu prósent landsins var keypt af erlendum fjárfestum sem hyggjast græða á framleiðslu kolefniseininga.

Samkvæmt tölum sem birtar voru í vor, taldi nýsjálenski sauðfjárstofninn 25,3 milljónir áa í júní 2022. Það er fækkun um 2%, eða 400 þúsund frá árinu áður – sem er meira en allt sauðfé á Íslandi. Fjöldi sauðfjár náði hámarki árið 1980, þegar 70 milljón kindur voru í landinu.

Þá voru 22 kindur fyrir hvern Nýsjálending, á meðan hlutfallið í dag eru fimm kindur á hvern íbúa, en Nýsjálendingar eru 5,15 milljónir talsins. Hlutfallið hefur ekki verið lægra í 170 ár. Til samanburðar, þá er fleira sauðfé í Ástralíu, en þar er hlutfall kinda á hvern einstakling þrjár ær.

### *Rúningur dýrari en ullin*

Nú er kostnaður við rúning meiri en verðið sem fæst fyrir ullina. Enn fremur verða bændur fyrir sífellt meiri gagnrýni vegna áhrifa búskaparins á umhverfið. Uppgangur skógræktar hefur reynst ábatasöm leið fyrir bændur til að losna úr sauðfjárrækt. Skógrækt er eitt helsta verkfæri nýsjálenskra stjórnvalda í átt að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Á sama tíma er meira en helmingur losunar Nýja-Sjálands frá landbúnaði – aðallega metan frá jórturdýrum. Talið er að Nýja-Sjáland geti ekki náð tilætluðu kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 án þess að ráðast í ákafa skógrækt.

### *Skógrækin gagnrýnd*

Skógræktinni hefur ekki verið tekið gagnrýnilaust og hefur almenningsálit versnað á síðustu misserum. Í vor var bent á að ef Nýsjálendingar reiða sig um of á skógrækt, verði nær ómögulegt að viðhalda samdrætti í losun til langs tíma. Enn fremur skók öflugur fellibylur landið í vetur og hlaust mikið tjón af braki sem fauk frá skógræktarsvæðum. Stjórnvöld tilkynntu í síðasta mánuði að þau myndu taka til endurskoðunar hversu stórt hlutverk ræktun furutrjáa spilar á nýsjálenska kolefnismarkaðnum.

Skógrækt hefur reynst mörgum bændum fjárhagsleg lyftistöng, en samfélagslegur kostnaður hefur verið mikill. Dreifbýlissamfélög hafa byrjað að leysast upp þar sem atvinna af skógrækt er takmörkuð, nema rétt á meðan trjánum er plantað. Verslanir, skólar og aðrir innviðir dreifðari byggða bera sig ekki, sem hefur leitt til frekari keðjuverkunar og fólksflótta úr sveitum.

Umhverfissinnar hafa bent á að umhverfisávinningurinn sé umdeilanlegur þegar ræktaðir eru skógar með mónókúltúr. Geislafura, sem er helsta trjátegundin í skógrækt Nýsjálendinga, er innflutt tegund sem vex mjög hratt og getur spillt upprunalegu vistkerfi. */ÁL*


**Bændablaðið kemur næst út 20. júlí**

www.bbl.is

# Hafrar betri en bygg

**Sænsk rannsókn, sem sagt var frá í Journal of Dairy Science, sýndi fram á að kýr sem fá hafra mjólka meira en kýr sem fá bygg.**

Gerð var rannsókn á 16 rauðum sænskum kúm og þeim var skipt í fjóra hópa. Einn hópur fékk bygg, annar fékk hafrana beint og ómeðhöndlaða, þriðji fékk hafrana hálf afhýdda og sjá fjórði hafra sem voru að fullu afhýddir. Afhýðing á höfrum fer m.a. þannig fram að þeir eru sogaðir inn í gúmmítromlu sem snýst mjög hratt og hýðið splundrast við það af þeim. Oft þarf að endurtaka þetta ferli til að ná að fullu að afhýða hafrana. Auk hafranna og byggsins fengu kýrnar bæði vothey og önnur fóðurbætandi efni eftir þörfum.

Niðurstaðan sýndi að kýr sem fengu hafra mjólkuðu meira, einnig mælt sem OLM, en kýrnar sem fengu byggið. Enginn munur var á hópunum eftir því hvernig hafrarnir voru unnir og benda niðurstöðurnar til þess að hafra megi gefa kúm beint og án forvinnslu. */SNS*



Áform afurðafyrirtækisins Yili eru að gera svæði í Innri-Mongólíu að vöggu mjólkurframleiðslu í Kína. Mynd / Yili

# Stærsta afurðavinnslusvæði í heimi?

**Kínverska afurðafyrirtækið Yili, sem er eitt stærsta afurðafyrirtæki í mjólkuriðnaði í heiminum, hefur nú kynnt áætlun sína um að byggja upp stærsta mjólkuriðnaðarsvæði heims.**

Fyrirtækið hefur þegar opnað gríðarlega stóra afurðastöð í Innri-Mongólíu í Norður-Kína, en afurðastöðin getur unnið úr 6,5 milljón lítrum mjólkur á degi hverjum en úr mjólkinni verða framleiddir ostar, hluta hennar verður pakkað sem drykkjarmjólk og þá er afurðastöðin með þurrkaðstöðu svo unnt sé að framleiða mjólkurduft fyrir ungbörn.

Afkastagetan sem slík gerir hana þó ekki þá stærstu í heimi, enda til aðrar afkastameiri afurðastöðvar, heldur önnur áform Yili sem er að gera svæðið að „Dairy Silicon Valley“ heimsins þar sem saman koma afurðavinnsla, heilsusetur, rannsóknasetur og sýningarfjós svo dæmi sé tekið. Verður þessi miðstöð mjólkurinnar alþjóðleg, þ.e. erlendu vísindafólki mun einnig standa til boða að sinna verkefnum hjá þessum kínverska risa. */SNS*












FRÆÐSLA

## Nytja- og lækningajurtir:

# Kraftur náttúrunnar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is


**Víða um land spretta ýmiss konar töfraplöntur sem gegnum árin hafa með lækningamætti sínum orðið mörgum til góðs, og er bæði tínsla þeirra og notkun auðveldari en mætti halda.**

Áætlað er að hérlendis hafi jurta- eða grasatínsla átt sér stað allt frá landnámi og smám saman hafi mönnum lærst eiginleikar hverrar og einnar. Nokkra hluti þarf að hafa í huga við tínslu og eru þeir eftirfarandi. Jurtir skal tína í þurrviðri og ekki má sjá dögg á jörðu. Sumir vilja fylgja tunglstöðunni og tína þá helst á stórstreymi sem þýðir að tungl sé nýtt – eða fullt.

Tínsla skal ekki vera nálægt vegköntum eða þar sem ryk eða önnur mengun getur haft áhrif á jarðveginn. Gott er að hafa í huga að kraftur jurta er mismunandi á ákveðnum vaxtarstigum, sumar skal tína nýsprottnar á meðan aðrar eru kraftmestar í blóma.

Tínslutímabil þeirra geta einnig verið mismunandi enda hefst og helst blómgunartími afar misjafn. Gæta skal þess að nota skæri við tínsluna nema áætlað sé að nýta rótina. Best er svo að tína jurtir þar sem mikið er af þeim því þar eru þær kraftmestar.



**Víða hérlendis er um auðugan garð að gresja er kemur að tínslu jurta. Gæta skal þess, eftir tínslu, að ganga sem snarlegast í verkun þeirra og þurrkun þegar heim er komið svo ekki glatist nytjarnar.** Myndir /Jonathan Ybema

### *Þurrkun*

Til þess að hægast sé að brúka jurtirnar sér í hag þarf að þurrka þær þar til hægt er að mylja þær auðveldlega. Við lok tínslu þarf því að snyrta þær og hreinsa vel og vandlega.

Þurrkun þarf svo að eiga sér stað á þann hátt að ekki skíni sól á þær, heldur á hlýjum stað og dreift vel úr þeim á gisinn dúk.

Einhverjir kjósa að þurrka þær á vægum hita í ofni eða binda í knippi og hengja upp til þurrkunar í a.m.k. 5–10 daga.

### *Hafið í huga*

Þessa dagana, þegar grösugt er orðið og flest í blóma má, á sólríkum, eða a.m.k. þurrum degi halda af stað í tínslu. Í bókinni Íslenskar lækningajurtir eftir Arnbjörgu Jóhannsdóttur kemur fram að þegar villtar jurtir eru tíndar:

*„…skal ávallt hafa góðar myndir af jurtunum til samanburðar því oft getur ver ið erfitt að greina á milli líkra plantna, enda hérlendis nokkrar eitraðar jurtir, td. ferlaufungur og stóriburkni“.*



**Kamilla** *(Matricaria).* Myndir /Wikipedia



**Klóelfting** *(Equisetum arvense)*



**Beitilyng** *(Calluna vulgaris).*



**Refasmári** *(Medicago sativa).*



**Blákolla** *(Prunella vulgaris).*



**Söl** *(Palmaria palmata).*



**Haugarfi** *(Stellaria media).*



**Bóluþang** *(Fucus vesiculosus).*



**Túnfífill** *(Taraxacum officinale).*



**Blóðberg** *(Thymus praecox)*



**Skarfakál** *(Cochlearia officinalis).*

Samkvæmt sömu bók er mælt með að tína **laufblöð** að morgni eftir að döggin hefur þornað, en þau séu kraftmest rétt fyrir blómgun.

**Blóm** skuli tína miðdegis, helst á þurrum sólríkum degi en þau innihaldi hvað mest virkra efna rétt eftir að hafa opnast til fulls. Þau skuli svo sett á dimman stað til þurrkunar sem fyrst og ekki lengur en nauðsynlega þarf.

Ef nota á alla jurtina að rót undanskilinni er best að taka hana rétt fyrir blómgun og gæta þess að taka aldrei meira en þriðjung. **Rótin** sjálf er svo kraftmest að haustlagi þegar aðrir hlutar plöntunnar visna og deyja og því affarasælast að grafa hana upp þegar vaxtartímabilinu er lokið. Skera þarf þykkar rætur í 2,5 cm sneiðar fyrir þurrkun svo fari best.

**Fræ og aldin** skuli tína á þurrum degi, gulbrún, brún eða svört að lit – aldrei græn. **Börkur** er safaríkastur og bestur að vori og hausti og best að taka á rökum degi þegar hann næst sem auðveldast af trjánum. Forðast skal að barkfletta lifandi tré, en taka frekar börk trjáa sem hafa verið felld. Skera skal niður í smáa bita fyrir þurrkun.





**Krækiber** *(Empetrum nigrum).*


**Bláber** *(Vaccinium uliginosum).*

Hér má finna nokkur blóm og plöntur sem má tína eftir árstíma og veðrum og til dæmis gera úr þeim te eða seyði sem má drekka þrisvar sinnum á dag börn þó ekki eins oft.

### *Vor*

**Túnfífill** tínist fyrir blómgun. Mikilvæg og vanmetin lækningajurt, blöðin eru þvaglosandi og kalíumrík, virka vel á bjúg á meðan rótin hefur jákvæð áhrif á sjúkdóma lifrar og gallblöðru, svefn- og þunglyndi og til almennrar styrkingar. Nota margir blöð og rót saman. Te af blöðum og seyði af rót, 1-2 tsk. á móti einum bolla af vatni. Fíflamjólkina þekkja svo margir sem lækningu við vörtum. Rót og blöð nýtt.

**Klóelfting** styrkir nýru og þvagfæri, talin góð eftir inntöku sterkra lyfja, dregur úr bjúg og næturþvaglátum. Fjarlægir eiturefni úr líkamanum og styrkir ónæmiskerfið. 1-2 tsk. á móti einum bolla af vatni. Ekki skal nýta rótina.

### *Sumar*

**Blóðberg,** tínsla snemma sumars, við blómgun, gott við kvefi og hósta jafnframt því sem það þykir hafa róandi áhrif. Blóm og lauf notað, 1 msk. á móti einum bolla af vatni. Einnig notað í mat.

**Refasmári,** styrkir heiladingul og hormónastarfsemi auk þess að hafa áhrif á bætta matarlyst. Mild jurt sem má nota að vild og gjarnan fyrir alla aldurshópa. 1 msk. á móti einum bolla af vatni. Ekki skal nýta rótina.

**Kamilla (líkist baldursbrá og stundum nefnd kryddbaldursbrá),** tínsla síðla sumars þegar blómin hafa opnast vel, góð við streitu og meltingarerfiðleikum, stillir hita og styrkir ónæmiskerfið. 1 tsk. á móti einum bolla af vatni. Einungis blómin nýtt.

**Blákolla** græðir sár bæði í meltingarvegi og á húð, góð við minni háttar krömpum, höfuðverk, niðurgangi og kverkabólgu. 1 tsk. á móti einum bolla af vatni. Ekki skal nýta rótina.

**Haugarfi** mýkir, græðir og kælir, örvar og styrkir lifur og milta. Mikið notaður í húðsmyrsl gegn alls kyns bólgum, sárum og exemi. Þekkt er að tína haugarfa og leggja á svæði þjökuð af gigt. 1-2 tsk. á móti einum bolla af vatni. Nýttir plöntuhlutar, öll jurtin í blóma.

**Söl,** tínsla fer fram seinni hluta sumars en auk þess að vera mjög næringarrík eru söl auðug að joði. Þau eru talin hafa styrkjandi áhrif á serótónín framleiðslu og því gott gegn þunglyndi og depurð en hafa einnig verið notuð gegn sjóveiki og timburmönnum.Hægt að neyta þeirra þurrkaðra eða smátt saxaðra í mat. Nýttir hlutar – allir.

**Skarfakál** er mjög C-vítamínríkt og þótti áður fyrr hin besta lækning við skyrbjúgi, en neysla þess er talin góð við annars konar bjúg, gigt og slæmsku. Gjarnan notað í salat.

### *Haust*

**Beitilyng** er bólgueyðandi, einkum fyrir gigt, gott við sýkingu í þvagfærum og blöðrubólgu, te gott gegn svefnleysi. 1 tsk. á móti einum bolla af vatni. Einungis blómin nýtt.

**Berjatínsla,** á okkar vel þekktu kræki- og bláberjum fer jafnan fram snemma hausts, í ágúst og um að gera að nýta sér þá auðlind á hvern þann máta er þykir bestur.

### *Allt árið*

**Bóluþang,** líkt og söl, hefur styrkjandi áhrif á serótónín framleiðslu og því gott gegn þunglyndi, þreytu og depurð. Til viðbótar er það nærandi, blóðhreinsandi, örvar skjaldkirtil og þar með öll efnaskipti líkamans. Þangbakstrar þykja góðir á bólgna liði og vöðva. Hægt að neyta þeirra þurrkaðra eða smátt saxaðra í mat. Nýttir hlutar – allir.

Göngum því í nytjar landsins, okkur til þurfta, eða eins og gamall húsgangur segir:

*Helluhnoðri og hænubit, (rjúpnalauf)*
*hrafnaklukkan rauða,*
*vallhumall og vatnafit, (horblaðka),*
*varna meinum dauða.*












Mynd / Jón Eiríks

# Hvernig viljum við þróa skýrsluhald í geitfjárrækt?

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var fjallað um aðskilnað Heiðrúnar og Fjárvís og ýmsar lagfæringar sem gerðar voru á Heiðrúnu um leið og það var gert.**



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Eins og fram kom þar er Heiðrún nú sjálfstætt skýrsluhaldskerfi sem ekki er lengur háð Fjárvís varðandi útlit og framsetningu.

Íslenski geitastofninn er stofn sem telst enn í útrýmingarhættu þó geitum hafi fjölgað á landinu síðastliðin ár. Í verndaráætlun fyrir íslenska geitastofninn segir meðal annars að tryggja eigi að viðunandi sé haldið utan um ætternisupplýsingar, sporna við aukinni skyldleikarækt innan stofnsins, auka þekkingu á erfðafræðilegri stöðu stofnsins og nýta stofninn með markvissum hætti svo hann öðlist hlutverk sem framleiðslukyn.

Heiðrún hefur frá 2017 haldið utan um ætterni og afdrif íslenska geitastofnsins en möguleikar á afurðaskráningu hafa verið takmarkaðir meðan kerfið var hluti af Fjárvís.

Góðar ætternisupplýsingar eru auðvitað frumskilyrði fyrir því að hægt sé að vinna að þeim markmiðum sem talin eru upp í verndaráætlun fyrir íslenska geitastofninn en með ítarlegri skráningum væri hægt að byggja upp gagnasafn sem gæfi betri mynd af stofninum varðandi ýmsa svipfarseiginleika er snúa til dæmis að útliti, skapferli eða afurðum.

Nú þegar Heiðrún er orðið sjálfstætt kerfi og gagnagrunnur skapast tækifæri til þess að þróa kerfið og þar með skýrsluhald í geitfjárrækt þannig að það styðji betur við viðhald og uppbyggingu geitastofnsins og geitfjárræktar á Íslandi.

Á þessum tímapunkti er því mikilvægt að kalla eftir sjónarmiðum geitabænda og annarra sem koma að vinnu við uppbyggingu geitastofnsins varðandi áherslur í áframhaldandi þróun á Heiðrúnu. Fyrsta skrefið í þá átt er að senda út skoðanakönnun þar sem kallað er eftir sjónarmiðum skýrsluhaldara í geitfjárrækt.

Könnunin er aðgengileg í gegnum Heiðrúnu og inni í Bændatorgi og vonumst við til þess að sem flestir geitfjárræktendur taki þátt og komi þannig sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi uppbyggingu skýrsluhalds í geitfjárrækt.

*Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,*
*verkefnisstjóri RML*



# Hvað er gott að hafa í huga við val á íblöndunarefnum í votheysverkun?

**Þegar verið er að hugsa um að nota íblöndunarefni þá þarf að spyrja sig hvað við viljum fá út úr íblöndunarefninu.**

Er einungis verið að leitast eftir góðri votheysverkun þar sem markmiðið er að bæta gerjun með því að lækka sýrustig hratt? Eða viljum við að heyið geymist lengur eftir að rúllan eða stæðan er opnuð aftur? Eða viljum við bæta fóðurgæðin, því íblöndunarefni geta einnig aukið lystugleika fóðurs, semsagt gert gott fóður betra? Þess ber að geta að hægt er að ná góðum árangri án notkun íblöndunarefna. Þegar sláttutími er á réttu þroskastigi grasanna og þau innihalda nægilegt magn sykurs, þegar þurrefnisinnihald er rétt, ef lítið sem ekkert laust vatn er í heyinu og það kemst fljótt í súrefnissnauða geymslu. Þá eru góðar aðstæður fyrir hraða og árangursríka gerjun án íblöndunarefna.

### *Hvernig á að velja íblöndunarefni?*

Við val á íblöndunarefnum þá er fyrsta spurningin sem við þurfum að að spyrja okkur að er hvaða þurrefnisinnihald grasslægjan sé með. Því mismunandi tegundir íblöndunarefna virka við mismunandi þurrkstig heys. Ef þurrefni er komið yfir 55% verður ekki nægileg votverkun, og áhrif íblöndunarefna takmörkuð. Jafnvel þarf að meta önnur skilyrði við heyöflunina eins og t.d. hlutfall sykurs og próteins í heyinu og hvaða áhrif það getur haft á verkun. Sem dæmi þegar smári eða aðrar belgjurtir eru í háu hlutfalli í slægjunni þá er hlutfall próteins líklega hátt miðað við sykur sem getur valdið áskorunum við votheysverkun.

Íblöndunarefnin geta þó verið



Sigurður Max Jónsson.



Elena Westerhoff

samsett og innihaldið hvata (ensím) ásamt mjólkursýrugerlum sem geta haft mismunandi virkni. Hægt er að flokka íblöndunarefni í lífræn efni, kemísk efni, ensím og sykurrík efni.

### *Lífrænar bakteríur*

Svokölluð lífræn íblöndunarefni eru algengust hérlendis og innihalda mjólkursýrugerla sem auka hraðann á votverkunarferli fóðursins sem hjálpar til að bæta fóðurgæði votheysins. Fyrir notkun þeirra þarf að gera sér grein fyrir hvaða aðstæður eru fyrir hendi. Þurrefni þarf að vera rétt og nægilegur sykur þarf að vera til staðar í heyinu. Kosturinn við lífræn íblöndunarefni er hversu þægilegt þau eru í meðhöndlun.

Til eru mismunandi tegundir af mjólkursýrubakteríum sem hafa mismunandi virkni í gerjunarferlinu. Svokallaðar eingerjandi mjólkursýrubakteríur sjá um byrjunargerjunina og mynda aðallega mjólkursýru úr sykrinum sem er til staðar í fóðrinu, sem lækkar sýrustigið hratt, en gerjunin fer fram án mikillar þurrefnis- eða orkutaps. Aðrar bakteríur sjá um svokallaða lokagerjun. Þær eru kallaðar fjölgerjandi mjólkursýrubakteríur því þær breyta sykrinum ekki aðeins í mjólkursýru heldur líka í ediksýru. Ediksýra er daufari sýra og lækkar sýrustig ekki jafn mikið og mjólkursýran og það tapast smá orka við myndun ediksýru í lok gerjunarferlisins en hún hægir verulega á lofthäðum skemmdum sem verða á heyinu eftir að það kemst í snertingu við súrefni aftur. Slík votheysverkun lengir tímann sem hey getur staðið opið án en þess að það byrji að spillast vegna myglu og hitamyndunar. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að gerjunarferli með fjölgerjandi bakteríum tekur 8-10 vikur að klárast. Hey sem kemst í snertingu við súrefni áður en því er lokið hefur ekki sömu hæfileika til þess að haldast óskemmt og hey sem hefur lokið votheysverkuninni.

Það er líka gott að hafa í huga að til eru margir stofnar af sömu bakteríunum sem framleiða mjólkursýru og geta þessir stofnar haft breytilega eiginleika. Því að sum fyrirtæki hafa einkaleyfi á ákveðnum stofnum og önnur fyrirtæki reyna að framrækta sína stofna til þess að skapa einhverja sérstöðu í eiginleikum bakteríanna fyrir verkun á votheyi og því hafa sömu tegundir af tiltekinni bakteríu ekki endilega nákvæmlega sömu virkni. Sumar tegundir íblöndunarefna innihalda ekki mygluvörn og/eða gerjunarhemla og getur slíkt hey ekki staðið lengi opið áður en það byrjar að mygla og hitna. Það getur hentað í hey þar sem vitað er að þarf að standa opið í nokkra daga áður en það er étið upp.

### *Hvatar (ensím) og sykurrík efni*

Í ýmsum íblöndunarefnum eru ensím ásamt mjólkursýrubakteríum, en þeim er bætt við til að brjóta niður frumuveggi plantna. Við það losnar sykur sem mjólkursýrubakteríurnar geta notað í verkunarferlinu. Við niðurbrot á frumuveggjum plantna eykst einnig meltanleiki fóðursins því frumstig niðurbrots á tréni er þegar hafið áður en skepnur byrja að éta og melta fóðrið.

Einnig er hægt að nota sykurrík náttúruleg efni sem íblöndunarefni. Þau veita mjólkursýrubakteríunum aukna orku til þess að klára votheysverkunina hratt og örugglega. Að auki gera sykurrík íblöndunarefni fóðrið lystugra heilt yfir.

### *Lífrænar sýrur*

Kemísk efni líkt og sýrur og sölt geta verið hentug til að lækka sýrustig hratt og hamla vöxt myglu, þegar hey er tekið saman við krefjandi aðstæður. Líkt og við mjög lágt þurrkstig eða þegar mikið laust vatn er í heyi. Þau eru notuð til að hamla vöxt skaðvalda eins og myglusvepp, smjörsýrubakteríur eða listeríu. Helsti gallinn við notkun á sýrum til votheysverkunar er að þau eru mjög ertandi og nauðsynlegt að notast við helstu persónuhlífar sem verja húð, augu og einnig innöndun meðan átt er við slík efni. Að auki hraða sýrur ryðmyndun járns og geta því líka farið illa með tækjabúnað. Þegar notast er við sýrur til votheysverkunar þá er tilgangslaust að nota í leiðinni sýrandi bakteríur, því sýran kemur í veg fyrir að bakteríurnar í heyinu geti starfað við votheysgerjunina.

Hægt er að nota mjólkursýrubakteríur eða lífrænar sýrur við sýringu á korni en fjallað verður um það síðar.

### *Að lokum*

Notkun á viðeigandi tækni er mikilvæg þannig að íblöndunarefni blandist vel við heyið og mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum framleiðanda við notkun og geymslu á þeim. Þau gera þó engin kraftaverk og því er alltaf mikilvægt að vanda til verka. Við ýmsar aðstæður getur verið erfitt að uppfylla skilyrði fyrir góða votheysverkun og þá má mæla með notkun íblöndunarefna. Hægt er að hafa samband við RML til að fá hjálp við val á íblöndunarefnum.

Nálgast má upplýsingar um seljendur og verð íblöndunarefna á heimasíðu RML.

***Sigurður Max Jónsson og Elena Westerhoff,*** *ráðunautar.*




Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

GARÐYRKJA



Í gróðurhúsum án upphitunar bjóðast margir möguleikar í matjurtarækt.

# Óupphituð gróðurhús: Aukin ánægja af matjurtaræktinni

**Það hefur færst töluvert í vöxt að garðeigendur komi sér upp litlum gróðurhúsum í garðinum.**

Einn valkosturinn og sá ódýrasti er að hafa húsin óupphituð, en þá sér sólin ein um að halda uppi hitanum en eigandinn þarf aðallega að fylgjast með að hitastigið haldist nægilega lágt á löngum, björtum sumardögum sem við höfum að vísu ekki öll fengið að njóta í sumar.



Ingólfur Guðnason.

### *Síðsumarræktun í köldum húsum*

Í gróðurhúsum án upphitunar bjóðast margir möguleikar í matjurtarækt. Þar getum við búist við mun lengri vaxtartíma en utanhúss. Því er enn hægt að koma margs konar ræktun af stað. Flestar salattegundir eru nógu fljótvaxnar til að ná ágætum þroska síðla sumars og í haust í köldu húsunum. Næpur og hnúðkál ná líka góðum þroska þótt sáð sé til þeirra núna og sjálfsagt er að gróðursetja kryddjurtir þar ef þær eru ekki komnar í matjurtagarðinn nú þegar. Það getur verið erfiðleikum bundið fyrri hluta sumars að rækta þær tegundir matjurta sem hafa tilhneigingu til að blómstra of snemma. Dæmi um slíkar tegundir eru klettasalat (rucola), blaðkál (Pak Choy), Mizunakál og fleiri fljótvaxnar tegundir, einkum af krossblómaætt. Spínati hættir líka til að blómstra áður en það hefur myndað nægilega mörg lauf ef sáð er of snemma. Nú þegar dagurinn styttist hægt og rólega í báða enda minnkar þessi vandi, því hér erum við að ræða um svo kallaðar skammdegistegundir.

### *Fljótvaxið og kuldaþolið grænmeti*

Þessar tegundir eru flestar fljótvaxnar og ætti að vera hægt að sá til þeirra í óupphituðum gróðurhúsum og búast við góðri uppskeru undir haustið. Vöxtur þeirra helst góður fram eftir septembermánuði og jafnvel fram í miðjan október en þá er bæði orðið heldur kalt fyrir þær og orkugjafinn, sólin, ekki jafn öflugur. Þess vegna ætti að fylgjast vel með þrifum plantnanna þegar á líður og taka uppskeruna áður en hætta er á skemmdum.

Gæta þarf að vökvun og áburðargjöf, meindýrum og illgresi eins og í allri ræktun og mikilvægt er að hafa góða loftun, til dæmis með stórum opnanlegum gluggum á báðum göflum.

### *Notagildi húsanna að vetri*

Að lokinni uppskeru er hægt að nota húsin til ýmiss konar gagns. Nærtækast er að nefna yfirvetrun fjölærra plantna sem þar hafa vaxið, einnig vetrargeymslu viðkvæmari garðplantna í blómakerjum.

Það er líka ágætis leið til að auka notagildi kalda garðgróðurhússins með því að rækta hvítlauk að uppskeru lokinni. Notuð eru væn hvítlauksrif án sýnilegra sýkinga. Þau eru sett niður nokkuð þétt í raðir með t.d. 10X10 cm millibili og í fárra sentimetra dýpt. Rifin mynda fljótt rætur og e.t.v. nokkur smá lauf. Þau leggjast síðan í vetrardvala og hefja aftur vöxt þegar hlýna fer í húsinu næsta vor. Að einu ári liðnu frá niðursetningu er hægt að taka upp fallegan, ferskan hvítlauk, sem er hægt að nota strax eða geyma til vetrarforða.

*Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSu*










Á FAGLEGUM NÓTUM

# Sóun í landbúnaði



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com




**Samkvæmt grein frá FAO, Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, þá tapast árlega um 14% allra þeirra matvæla sem framleidd eru í heiminum áður en þau ná því að berast á sölustað. Verðmæti þessara matvæla er talið nema 400 milljörðum bandaríkjadala sem oftar en ekki þýðir beint tap bænda.**

**Nú til dags er oft talað um matarsóun og beinist þá eðlilega kastljósið að verslunum og heimilum og þá hvernig keypt matvæli nýtast og eftir föngum nýtast ekki.**

Þessi hluti matarsóunar er vissulega gríðarlega mikilvægur hluti af heildarsóuninni, þ.e. frá haga í maga, en sóun á sér mun víðar stað.

Samkvæmt grein frá FAO, Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, þá tapast árlega um 14% allra þeirra matvæla sem framleidd eru í heiminum áður en þau ná því að berast á sölustað!

Verðmæti þessara matvæla er talið nema 400 milljörðum bandaríkjadala sem oftar en ekki þýðir beint tap bænda. Varan er s.s. framleidd en af einhverjum ástæðum skilar hún sér ekki á sölustað. Til samanburðar er talið að 17% matvælasóunar heimsins komi til frá verslunum og neytendum. Með öðrum orðum þá nær um þriðjungur allra landbúnaðarvara, sem eru framleiddar í heiminum, því ekki að ná inn fyrir varir neytenda!

Það er dagljóst að ekki er nóg að horfa einungis á þann hluta matarsóunar sem snýr beint að neytendum heldur þarf að skoða allan ferilinn, þ.e. frá haga og alla leið í maga. Ef hægt er að draga úr þessari sóun má bæði metta fleiri, snarlækka sótspor matvæla og halda verðinu í skefjum enda þurfa bændur að fá meira fyrir þær afurðir sínar sem skila sér alla leið, svo unnt sé að bæta úr tekjutapinu sem kemur til vegna afurða sem ekki skila sér af einhverjum ástæðum.

### *Sóun á ökrum*

Það væri hægt að bera víða niður þegar rætt er um sóun en líklega er nærtækast að byrja á því að horfa til nýtingar lands. Mjög víða í heiminum er land illa nýtt og uppskera knöpp. Einfalt dæmi má taka frá Nígeríu, þar sem greinarhöfundur býr og starfar, þar sem meðaluppskera á kartöflum af hverjum hektara er ekki nema 3 tonn en til samanburðar er líklega meðaluppskeran á Íslandi í kringum 18-20 tonn, í Danmörku um 55 tonn og þar sem mest lætur í heiminum fer uppskeran í um 80 tonn. Hér er s.s. ekki verið að nýta landið nógu vel, verið að sóa því með ákveðnum hætti. Skýringin felst fyrst og fremst í vankunnáttu á ræktun, aðferðum og meðhöndlun.Sóun á ökrum kemur þó fyrst og fremst fram í því að uppskera næst ekki í hús og/eða ekki nema hluti hennar. Skýringuna getur verið að finna í ýmsum ólíkum þáttum sem bændur geta oft ekki gert neitt við eins og t.d. áhrif veðurfars.

Alþekkt er t.d. hér á landi að uppskera næst ekki öll í hús vegna veðurs og/eða skemmda á uppskeru vegna veðurs. Við þessu geta bændur lítið gert, annað en að útbúa sig þannig að geta brugðist hratt við og náð uppskeru með miklum afköstum á stuttum tíma. Að sama skapi skiptir auðvitað höfuðmáli að nota réttar tegundir af plöntum svo líkurnar aukist á því að uppskera náist og það af ásættanlegum gæðum.

Fleiri dæmi um sóun við akuryrkju má nefna og líklega er nærtækast að tala um áhrif fugla eða annars vargs á uppskeru. Það þekkist varla utan Íslands að bændur hafi ekki möguleika á að verja akra sína fyrir ágangi fugla og uppskerutap t.d. vegna álfta eða gæsa getur verið gríðarlega mikið. Hér er auðvitað um mikla sóun að ræða sem bændur þurfa að geta varist, rétt eins og ef upp koma sjúkdómar í plöntum eða einhver pöddufaraldur, sem bændur geta oftast tekist á við t.d. með varnarefnum.

### *Sóun við framleiðslu*

Samkvæmt upplýsingum frá FAO þá er talið að nærri helmingur af öllu framleiddu grænmeti og ávöxtum nái aldrei til neytenda! Skýringuna er aðallega að finna í innviðaskorti í ótal löndum, en oft þarf að fara um langan veg með afurðirnar í flutningatækjum sem e.t.v. eru alls ekki heppileg fyrir slíkan flutning. Lélegir vegir og/eða jafnvel engir vegir gera það að verkum að vegalengdir á milli staða, sem í Evrópu tæki e.t.v. bara dagspart að aka, getur óvænt tekið upp í marga daga og þá auðvitað geta afurðirnar spillst á leiðinni.

Af öðrum framleiðsluvörum þá er talið að á hverju ári fari nærri 20% af framleiddu kjöti til spillis, 35% af fiski og fiskafurðum og 20% allra olíu- og belgfræja.

### *Sóun við vinnslu*

Þegar horft er yfir línuna er sóunin einna minnst þegar kemur að úrvinnslunni. Hér hefur fyrirtækjum í afurðavinnslu að mestu tekist að draga úr allri sóun eða komið því svo við að sóunin skráist á bóndann.

Það gæti t.d. verið slök mjólkurgæði sem afurðastöð hafnar að taka á móti, ekki nógu stöðug gæði á grænmeti sem líka væri hafnað o.s.frv. Þannig er eðli framleiðsluferilsins og því ekki óeðlilegt að það verði lítil sóun matvæla við vinnsluna sem slíka. Hér getur þó orðið sóun s.s. vegna mistaka, rofs á kælikeðju eða slíks.

### *Sóun hinna ríku er meiri*

Það er athyglisvert að skoða gögn FAO varðandi hvar og hvernig sóun verður til. Tilfellið er nefnilega að hinar efnameiri þjóðir standa sig mun verr en efnaminni, að líkindum einfaldlega vegna þess að fólk í fátækari löndum heims getur ekki leyft sér að sóa jafn miklum matvælum og hinir efnameiri. Tölur FAO, þó orðnar séu 12 ára, tala sínu máli en talið er að heildarsóunin, á hvern íbúa, í Evrópu og Norður-Ameríku nemi 275-300 kílóum á meðan þessar tölur eru nærri helmingi lægri í Afríkulöndum sunnan Sahara og í löndum Suður- og Suðaustur-Asíu (sjá mynd).

### *Er sóun ný af nálinni?*

Hér áður fyrr var aldrei talað um sóun þegar eitthvað gerðist sem olli því að afurðir gátu ekki skilað sér alla leið til neytenda, þetta var bara eitthvað sem gerðist og þurfti að takast á við. Áburðurinn nýttist illa, þar sem hluti fór í skurð eða að bleyta komst í hann. Það var ekki talað um sóun á áburði.

Korn hrundi niður úti á akri vegna slæms veðurs, ekki beint talað um sóun vegna þess að yrkið sem var notað var ekki veðurþolið. Aflífa þurfti skepnu vegna einhvers, ekki talað um sóun á kjöti o.s.frv. Það þarf að breyta þessu og horfa á allt tap sem sóun því þetta er klárlega eitthvað sem allir bændur og afurðastöðvar ættu að skrá nákvæmlega og fylgjast náið með hlutfalli sóunarinnar.

### *Hvað er hægt að gera?*

Neytendur og verslanir hafa líklega mest að segja þegar kemur að sóun, enda stór hluti hennar sem þar verður. Aftur á móti ef litið er framar í virðiskeðjuna þá er ýmislegt hægt að gera.

Hér verður tekið dæmi um það hvaða markmið kúabændur geta sett sér til þess að minnka sóunina á búum þeirra, að mati greinarhöfundar:

**Landnýting.** Fyrst má nefna notkun á tölvutækni til að auka nákvæmni við störf þar sem þekkt er að sóun verður. Þetta á t.d. við áburðardreifingu þar sem vitað er að má draga verulega úr sóun. Þá má auka nýtingu lands með réttri meðhöndlun og meðferð. Hámarka sem sagt notkun landsins og um leið framleiða sem mest af því fóðri heima á búinu sem nota þarf í reksturinn.

**Tækni.** Nota nútímatækni til að draga úr sóun s.s. snöggkælingu mjólkur svo hún verði endingarbetri, notkun á hitastýringu fyrir kálfamjólk svo þeir vaxi hraðar eða notkun á viftum til að kæla kýr þegar hitastigið fer yfir 20 gráður svo halda megi uppi framleiðslunni.

**Kyngreining.** Ótal fleiri dæmi mætti nefna en líklega er það sem veldur einna mestri sóun er að nota ekki kyngreint sæði í kýrnar. Þegar sú sjálfsagða tækni er ekki notuð þarf að sæða allar kýr til þess að vænta þess að fá nægar kvígur inn í hjörðina og samhliða fæðast margir nautkálfar sem er ákveðin sóun því erfðaefni þeirra er ekki sérstaklega ræktað til kjötframleiðslu.

Með kyngreindu sæði væri dæmið allt annað og myndi snarminnka þessa sóun. Það myndi einnig hafa áhrif á fóðurnýtingu, þar sem hægt væri að sæða kýrnar, sem ekki þyrftu að skila kvígum inn í hjörðina, með holdasæði og fá þannig blendinga sem nýta fóður mun betur til vaxtar en íslensku gripirnir.

**Nytaukning.** Það flokkast sem sóun að nýta ekki kýr almennilega til framleiðslu. Þær eru til staðar og eru með fastan kostnað á sér sem þarf að skipta niður á sem flesta lítra. Því fleiri sem lítrarnir eru, því betri nýting og þar með minni sóun.

**Ævilengd.** Ein mesta sóunin í nautgriparækt, á eftir því að nota ekki kyngreint sæði, er of léleg ending kúa. Að ala upp kvígu í 2 ár til þess eins að fá hana inn í framleiðsluna í stutta stund er mjög

Skipulagsstofnun

**Ferðaþjónusta á Leifsstöðum 2, Eyjafjarðarsveit – auglýsing deiliskipulagstillögu**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 27. júní 2023 að vísa deiliskipulagstillögu fyrir ferðaþjónustu á Leifsstöðum 2 í auglýsingu skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar tveggja íbúðarhúsa, 1500 fm viðbyggingar við hótel, þriggja frístundahúsa, tíu gistihýsa, starfsmannahúss og aðstöðuhúss. Auk þess er gert ráð fyrir tjaldsvæði, götum milli húsa og landmótun á svæðinu.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugsemdir við skipulagstillöguna til miðvikudagsins 16. ágúst 2023. Allar innsendar umsagnir og athugasemdir halda áfram gildi sínu. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

**Skipulagsfulltrúi**



**Þegar rætt er um sóun í landbúnaði er til að mynda hægt að skoða nýtingu lands. Mjög víða í heiminum er land illa nýtt og uppskera knöpp. Í Nígeríu er meðaluppskera á kartöflum af hverjum hektara ekki nema 3 tonn en til samanburðar er líkleg meðaluppskera á Íslandi kringum 18-20 tonn og þar sem mest lætur í heiminum fer uppskeran í um 80 tonn.** Mynd / Kieran Murphy

mikil sóun og því þarf hver og einn bóndi að vera með það algjörlega á hreinu hvað kýr endast að jafnaði lengi í fjósinu.

Ending er lykiltala í búrekstri og því lengur sem kýrnar endast, því minni sóun verður.

**Heilsufar.** Líklega má nefna mörg fleiri dæmi en ég enda á þessu hér. Sjúkdómar og léleg heilsa gripa veldur mikilli sóun í landbúnaði og hér þarf að gera allt sem unnt er til að geta komið grip hratt til heilsu á ný og auðvitað reyna fyrst og fremst að koma í veg fyrir að gripur veikist. Ef það gerist aftur á móti ætti að reyna til þrautar að meðhöndla gripinn, ef hann er í mjólkurframleiðslu, með þeim hætti að hann geti haldið áfram að framleiða söluhæfa mjólk.

Það má einnig taka dæmi um afurðastöð í mjólkuriðnaði og hvað hún getur gert til að draga úr sóun:

**Orkunýting.** Eitt af því sem afurðastöðvar þurfa að nota mikið af er orka. Gerilsneyðing krefst upphitunar og oft þarf að framleiða gufu eða a.m.k. mikinn hita til að framleiða ákveðnar vörur. Hér geta afurðastöðvar gert sitt til að nýta orkuna vel og spara hana með því að ofgera ekki og/eða með endurnýtingu.

**Vatnsnýting.** Það þarf að nota mikið vatn við vinnslu mjólkurafurða og flestar afurðastöðvar í dag mæla nákvæmlega hve mikið vatn er notað á hverja framleidda einingu. Hér er alltaf hægt að gera betur og betur.

**Endurnýting.** Umræða um mjólkurfernur og nýtingu þeirra hefur verið nokkuð háværr undanfarið sem er mjög skiljanlegt en endurnýting á umbúðum er stórmál og þarf að taka föstum tökum. Sumar afurðastöðvar hafa ákveðið að allar umbúðir verði 100% endurnýtanlegar innan örfárra ára.

**Geymsluþol.** Aukið geymsluþol er líklega það atriði sem mestu máli skiptir, a.m.k. hér og nú. Allt of oft fara afurðir til spillis vegna þess að þær einfaldlega renna út á tíma. Með því að lengja í geymsluþoli, m.a. með úrvalsgóðum mjólkurgæðum, má draga verulega úr sóun.

Margir halda nefnilega að gerilsneyðing leysi öll mál en tilfellið er að ef maður gerilsneyðir hrámjólk sem er ekki af úrvals gæðum, þá verður ending hinnar gerilsneyddu mjólkur mun styttri en gerilsneyddrar mjólkur sem unnin er úr úrvalsgóðri hrámjólk. Aukið geymsluþol snýst líka um umbúðir, notkun hjálparefna o.s.frv.

**Afgangar.** Að síðustu má nefna afgangana. Sumar umbúðir eru einstaklega illa hannaðar til þess að tæmast almennilega og því verður sóun til þar sem neytandinn nær ekki að nýta alla vöruna. Þessu þarf auðvitað að breyta. Þá er þekkt að sóun verður í mjólkurlögnum afurðastöðvar, þegar verið er að skipta um framleiðslu eða framkvæma kerfisþvott. Þá þarf að skola lagnir sem innihalda mjólkurleifar.

Með því að huga að því fyrirfram, má draga verulega úr þessari sóun eða jafnvel eyða alveg með því að nýta skolið sem dýrafóður.

*Hvað svo?*

Það er dagljóst að matarsóun alla leiðina, þ.e. frá haga í maga, er og verður rífleg á komandi árum. Það má þó draga verulega úr henni og þó svo að stærstu vandamálin séu að líkindum utan Íslands þá ætti ekki síður að skoða hvað megi gera á Íslandi.

Bændur þurfa að geta tekist á við áföll vegna ágangs fugla í akra, að geta treyst því að yrki sem eru notuð standist íslenska veðráttu o.s.frv. Þá þarf að skoða vel hvort unnt sé að takast á við t.d. júgurbólgu án þess að nota sýklalyf svo mjólkin verði áfram hæf til neyslu en lendi ekki í ræsinu. Þá er óhætt að skrokkum sé hent í sláturhúsum bara vegna þess að tæknileg atriði standa í veginum fyrir nýtingu og/eða minni háttar sýking sem auðvelt væri að skera frá annars nýtanlegu kjöti.

Þarna geta stjórnvöld klárlega brugðist við og sett nýjar leikreglur og þannig stigið skref sem gengur markvisst í átt að minni sóun á hinni löngu leið matvæla frá haga í maga.










Á FAGLEGUM NÓTUM

# Brautryðjandi niðurstöður: Talsvert fleiri arfgerðir veita mótstöðu gegn riðu

## – Leiðandi riðusérfræðingar á heimsvísu hittu norðlenska bændur

**Þegar vísindamennirnir fjórtán, meirihlutinn leiðandi riðusérfræðingar á heimsvísu, komu saman á lokafundi á föstudaginn eftir vikulanga vettvangsferð á Norðurlandi, stóð eitt upp úr: Þeir voru allir heillaðir af brennandi áhuga bænda á efninu, af umfangsmikilli þekkingu þeirra um málin, af vilja þeirra að leysa málin á vísindalegan hátt – og ekki síst af sterkum félagsanda bænda, nánum tengslum þeirra við hjörðina sína, ástríðuna og – í orðsins fyllstu merkingu – ódrepandi bjartsýni og seiglu til að halda áfram þrátt fyrir mjög erfiða tíma.**



Karólína Elísabetardóttir.

„Salurinn er fullur – þetta er ótrúlegt! Hvernig var hægt að ná öllum þessum bændum hingað?“ spurði Romolo Nonno á miðvikudagskvöld í Varmahlíð, rétt áður en upplýsingarfundurinn byrjaði í stóra salnum í menningarhúsinu Miðgarði. Romolo er frá Ítalíu og var sá sem fann T137 sem verndandi arfgerð á sínum tíma. „Á Ítalíu hefði svoleiðis fundur verið óhugsandi.“ Starfssystur og -bræður hans voru sammála – hvorki í Englandi, Frakklandi, Þýskalandi né Spáni sé eins samvinna hægt og sú sem byrjaði 2021 á milli íslenskra bænda og alþjóðlegra vísindamanna.

Síðan hefur margt gerst og vettvangsferðin var bæði hápunktur príonarfgerða- og næmisrannsókna og upphafspunktur frekari rannsókna, meðal annars um riðustofnagreiningar og umhverfissmit. Verkefnið sem heild, heitir „Classical Scrapie in Iceland – ScIce: a model for prion diseases worldwide“ og er styrkt af Evrópusambandinu með upphæð sem samsvarar 190 milljónum króna. Ísland fær ekki beinan styrk, en nýtur að sjálfsögðu góðs af niðurstöðum rannsóknanna.

Langflestir úr vísindateyminu hafa unnið á sviði príonsjúkdóma í tuttugu eða jafnvel þrjátíu ár og búa því yfir þekkingu sem spannar allt tímabilið sem skiptir máli til að skilja eðli sjúkdómsins og til að finna lausnir. Það gerir hópnum kleift að vinna náið saman þrátt fyrir mismunandi sérsvið. Skilaboð þeirra voru skýr: Að verndandi arfgerðir eru lykilatriði í því að sigrast á riðunni á Íslandi og að það er ómetanlegur kostur ef um fleiri en eina arfgerð er að ræða. Á áhættusvæðum er hröð dreifing verndandi arfgerða mikilvægari en smitvörn sem hindrar flutning gripa með þessar arfgerðir.

Nú þegar er augljóst að fleiri möguleikar eru í boði hér á landi en þeir sem hafa verið notaðir í öðrum löndum til þessa. Eftir að búið er að rannsaka þessa valkosti betur, verður hægt að yfirfæra þá á önnur sauðfjárkyn annars staðar í heiminum – til dæmis kyn í útrýmingarhættu sem eru ekki með verndandi arfgerðina ARR í stofninum.

### *Upplýsingarfundirnir í Varmahlíð – brautryðjandi niðurstöður*

Boðið var upp á tvo fundi fyrir bændur til að fræðast um ýmis atriði í kringum riðuveiki, til að heyra eitthvað um stöðu niðurstaðna rannsóknanna og ekki síst til að spyrja spurningar og taka umræðu. Þrátt fyrir að fyrri fundurinn væri ætlaður „sérstaklega áhugasömum“, var litli salurinn troðfullur með um 50 gestum og umræður líflegar. Fyrir utan vísindamennina voru mætt Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Sigurbjörg Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir í sauðfjársjúkdómum, Daníel Haraldsson og Ólafur Jónsson, norðlensku héraðsdýralæknarnir, og Þórður Pálsson, dýraeftirlitsmaður frá MAST. Þau funduðu með erlendu sérfræðingunum rétt áður en hinir fundir byrjuðu.

Stefanía Þorgeirsdóttir veitti á fyrri fundinum umfangsmikla innsýn í riðugreiningar og -rannsóknir á Keldum fyrr og nú. Romolo Nonno miðlaði grunnatriðum um eðli og greiningaraðferðir riðustofna og sagði frá rannsóknum þeirra upp úr 2007 sem óvænt leiddu til þess að T137 uppgötvaðist sem verndandi í sauðfé á Ítalíu.

### *Sótthreinsun getur ekki hindrað endursmit*

Þá byrjaði „stóri“ fundurinn, um 150 manns mættu í salinn og margir að auki á Zoom. Eftir inngangsorð frá Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra og Sigurborgu Daðadóttur kom Ben Maddison með sláandi niðurstöður um áhrif sótthreinsunar og takmarkanir hennar eftir riðuniðurskurð. Á Englandi hefur tilraunabú fyrir príonsjúkdóma starfað í meira en 20 ár sem var á sínum tíma sett á fót á búi með sérstaklega alvarlegt riðuvandamál. Þar er hægt að rannsaka sjúkdóminn undir eðlilegum aðstæðum – með úthaga, tún, ýmsar innréttingar, mismunandi uppsett fjárhús o.fl.

Sérstaklega næmar VRQ/VRQ-kindur eru notaðar til að skoða smitvirkni (svokallað „bio assay“). RAMALT-próf – sem nota sýni úr eitlakerfi í endaþarmi – leyfa riðugreiningu mjög snemma í sjúkdómsferlinu. Auk þess eru tekin yfirborðssýni með hjálp sýnatökupinna sem líkjast eyrnapinnum. Smit úr þessum sýnum er hægt að magna upp með PMCA-prófi (eins og í næmisprófunum hans Vincents, sjá næsta kafla) sem gerir vísindamönnunum kleift að mæla smit þrátt fyrir mjög lítið smitmagn.

Rannsakaðar voru fjórar mismunandi hreinsunaraðferðir, meðal annars staðalaðferðin í Bretlandi þar sem háþrýstihreinsun, klórhreinsun, endurgalvanisering og málning eiga að fjarlægja allt riðusmitefni á svæðum sem kindur ná í (í allt að 1,50 m hæð). Samt smituðust eftir fáa mánuði allar tilraunakindur. Ástæðan er ryk sem finnst á svæðinu, það er alls staðar innan fjárhússins – einnig þar sem kindur ná ekki til, til dæmis á þaksperrum, hátt uppi á veggnum o.s.frv. Þetta ryk er að dreifast um húsið og viku eftir sótthreinsun er hægt að mæla smit á nýsótthreinsuðum yfirborðum.

Ben undirstrikaði að hér sé um sérstakar aðstæður að ræða – mjög næm arfgerð, nýfædd lömb sem „bio assay“, mikið smit fyrir sótthreinsun – sem útskýrir af hverju ekki allar kindur á fyrrverandi riðubúum smitast strax undir venjulegum kringumstæðum. En að hans mati er augljóst að áhættan sé alltaf til staðar, að niðurskurður og sótthreinsun getur ekki komið í veg fyrir því að riða kemur upp aftur og að eingöngu ónæmar arfgerðir tryggja að ekkert endursmit á sér stað í framtíðinni.

### *Stjarna kvöldsins – Vincent og næmisprófin*

Stjarna kvöldsins var því Vincent Béringue sem kynnti glænýjar niðurstöður úr næmisprófunum mismunandi arfgerða sem hann og Angélique Ige, starfssystir hans, hafa unnið við síðan í vetur:




Alls voru 10 smitsýni tekin í PMCA próf. Sýnin komu frá sjö mismunandi bæjum á Norðurlandi.



Björk frá Reykjum með T137-ARQ og dóttir undan Teit frá Sveinsstöðum með arfhreint T137.

- 17 mismunandi samsetningar allra breytileika sem koma fyrir á Íslandi
- er verið að prófa með samtals 10 ólíkum smitsýnum
- frá 7 mismunandi bæjum á Norðurlandi, sem er upphafssvæði riðuveiki (sjá kortið).

Til að fá áreiðanlegar niðurstöður, er nauðsynlegt að keyra hverja og eina arfgerð/samsetningu í gegn með hvert og eitt smitsýni í að minnsta kosti þrjú skipti. Ekki nema 12 arfgerðir hafa pláss í sömu rannsóknarplötu og til samanburðar verður alltaf að hafa með:

- VRQ/VRQ og ARQ/ARQ sem þekktar næmar arfgerðir og
- ARR/ARQ og ARR/ARR sem þekktar ónæmar arfgerðir.

Ein „keyrsla“ inniheldur alltaf fjórar umferðir, sem **líkja eftir smitferli** arfgerðanna í tilraunaglasi. Eftir það eru niðurstöðurnar metnar með svo kallaðri **Western Blot** aðferðinni (WB). Hún gengur út á það að „melta í burtu“ heilbrigða príonpróteinið þannig að eingöngu umbreytta (sýkta) smitefnið verður eftir; hann sést þá í formi mynsturs með þremur misdökkum böndum. Því dekkri sem böndin eru, því meira er vefurinn smitaður – því næmari er viðkomandi arfgerð. Í besta falli hins vegar er WB myndin bara hvít eða mjög ljósgrá, enga umbreytingu að finna, þ.e. arfgerðin er ónæm fyrir riðusmiti.

Til þessa hafa allar arfgerðir verið prófaðar a.m.k. þrisvar með eftirfylgjandi þrjú smitsýni:

- sýni 1: Vatnshóll 1999 (sýnið sjálft er með arfgerðina ARQ/VRQ)
- sýni 3: Urðir 2017 (ARQ/ARQ)
- sýni 4: Stóru-Akrar 2020 (ARQ/ARQ)



Vincent Béringue vakti mikla lukku þegar hann kynnti nýjar arfgerðir með mótstöðu hér á Urðum í Svarfaðardal.



Hópurinn á Hólum með Gísla Gunnarssyni biskupi.

Mynd / Guðbergur Davíðsson



Jón á Hnjúki í Skíðadal, Kristín og Árni á Hofi í Svarfaðardal, Sölvi á Hreiðarsstöðum, Stefanía á Keldum, Ármann á Böggvisstöðum og Snorri á Krossum/Stóru-Hámundarstöðum. Mynd / Karolína E.

## Arfgerðir:

Þessar arfgerðir/samsetningar hafa verið prófaðar í PMCA-prófum:

T137/ARQ
T137/AHQ
T137/ARR
T137/T137
N138/ARQ
N138/AHQ
N138/N138
C151/ARQ
C151/C151
C151/AHQ
AHQ/ARQ
AHQ/AHQ
AHQ/ARR

Auk þess til samanburðar – næmar arfgerðir:

- VRQ/VRQ
- ARQ/ARQ

Auk þess til samanburðar – ónæmar arfgerðir:

- ARR/ARQ
- ARR/ARR

Niðurstöður úr þessum prófum eru allar í sömu átt, þess vegna telur Vincent mjög ólíklegt að hin smitsýnin láti eitthvað allt annað í ljós. Það helsta:

- Sum smitsýni eru greinilega með sækni í ARQ og önnur í VRQ.
- ARQ/ARQ virðist yfir höfuð eins næmt og VRQ/VRQ.
- Mjög áhugavert: Allar hinar prófuðu arfgerðir/samsetningar – sjá kassann – bjóða upp á talsverða vernd (miðað við næmu arfgerðirnar ARQ/ARQ og VRQ/VRQ) sem virðist sambærileg við ARR.
- Sérstaklega vel út komu: N138/AHQ og AHQ/ARR.

Þessar niðurstöður eru til þessa í samræmi við gögn um arfgerðir riðujákvæðra kinda hér á landi: Eingöngu 2 tilfelli hafa fundist með AHQ/ARQ og 6 tilfelli með N138/ARQ og ekkert af hinum samsetningum. Á Vatnshóli og Stóru-Ökrum, þar sem allar kindur voru raðgreindar eftir niðurskurð, voru allar jákvæðar kindur með ARQ/ARQ þrátt fyrir talsverðan fjölda N138, C151 og AHQ í báðum hjörðum, sérstaklega á Vatnshóli.

Eftirfarandi rannsóknir eru í gangi til að fá staðfestingu:

- arfgerðagreining 15 riðuhjarða í viðbót (1998 til 2023) og samanburður arfgerða jákvæðra og neikvæðra gripi úr sömu hjörð
- prófa hin 7 smitsýni í PMCA þrisvar

Lykilatriði við „áhættumat“ arfgerða er hvort eitlakerfið tekur þátt í sjúkdómnum eða hvort hann er takmarkaður á heilann. Ef eitlakerfið tekur ekki þátt, smitar gripurinn ekki aðrar kindur þrátt fyrir að hann sé veikur sjálfur og er því ekki hættulegur. Engar smittilraunir hafa verið gerðar á samsetningum með N138 og C151 og engar með AHQ



Fjórir gripir, fjórar verndandi arfgerðir: Drottning Radixdóttir AHQ/N138, sonur með T137/N138 og dóttir með T137/AHQ, t.v. Fjólusonur með T137/ARQ. Mynd / Karolína E.

með íslensk smitefni og enginn eitlavefur er varðveittur úr þeim fáu jákvæðu kindunum sem báru N138 eða AHQ. Til að fá vissu um það væru smittilraunir með kindur æskilegar sem endurspegla íslenska veruleikann. Þær leyfa helstu niðurstöður eftir 2 til 3 ár og lokaniðurstöður eftir 5 til 8 ár.

### *Vettvangsferðir – íslenskur sauðfjárbúskapur er öðruvísi*

Vísindamennirnir dvöldu í heila viku og kynntu sér sérstöðu íslensks landbúnaðar og sérstaklega sauðfjárbúskapar. Allir voru sammála um að hann sé öðruvísi en í heimalöndunum þeirra – nema kannski að hluta til í Skotlandi.

Eftir hlýjar og nærandi móttökur hjá BSE, þar sem Sigurgeir framkvæmdastjóri fræddi hópinn um veðursæld og landbúnað í Eyjafirði, var ýmislegt góðgæti í boði hjá Snorra og Brynju á Stóru-Hámundarstöðum – ásamt litríkum kindum af öllum aldri með alls konar arfgerðir, en aðallega T137. Ármann, fyrrverandi héraðsdýralæknir, tók svo rúntinn með hópnum um Svarfaðardal þar sem allt fé var skorið niður 1988. Á Urðum var stoppað, þar sem uppruni tveggja smitsýna er, og Einar Hafliðason upplýsti um bakgrunn og núverandi stöðu. Við næsta stopp í félagsheimilinu Höfða beið ekki bara kaffi, heldur líka nokkrir áhugasamir bændur úr dalnum, meðal annars Sölvi Hjaltason, Hreiðarsstöðum, sem hafði undirbúið minningarstund um atburði tengda riðuveiki á áttunda áratug. Líflegar umræður tóku við.

Eftir það var haldið vestur í Brúnastaði í Fljótum þar sem Stefanía Hjördís og Jóhannes búðu upp á girnilegar geita- og sauðfjárafurðir úr eigin framleiðslu, meðal annars sauða- og geitaosta, og kynntu íslensku geitina fyrir gestunum. Aldrei hefur riða verið greind í geit hér á landi – til þessa hefur samt ekki fundist nein hefðbundin verndandi geitaarfgerð á Íslandi. Vincent á eftir að prófa geitasýni með þremur mismunandi arfgerðum til að sjá hvort ástæðan fyrir þessu fyrirbæri er kannski að finna þar.

Gestirnir heimsóttu einnig tvo riðubæi í Skagafirði: Stóru-Akra (upphafsbær haustið 2020) þar sem Gunnar bóndi sýndi þeim litríkar og hamingjusamar mjólkurkýr og fjárhús sem hann hafði breytt í gróðurhús, og Álftagerði (riða 1988, 2008, 2019) þar sem Gísli og Ingibjörg buðu upp á vígalegt kaffihlaðborð sem var umræðuefni lengi á eftir. Á leiðinni „heim að Hólum“, þar sem hópurinn gisti, var Glaumbær skoðaður og vakti mikla athygli. Talandi um Glaumbæ – Gísli Gunnarsson, núverandi Hólabiskup og fyrrverandi prestur og sauðfjárbóndi í Glaumbæ, tók á móti hópnum og borðaði með honum fyrsta kvöldið ásamt Þuríði konu sinni. Síðasta kvöldið hins vegar var grillveisla – Gísli í Álftagerði, Ólafur Atli í Grófargili, Ingimar á Ytra-Skörðugili og Aron í Víðidal mættu og tóku ásamt Eyþóri nokkur lög sem vakti mikla lukku og aðdáun.

Alltaf var lögð rík áhersla á íslenskan mat, meðal annars lambakjöt, ærkjöt, folaldakjöt, ýmiss konar grænmeti, osta og aðrar mjólkurvörur, helst úr héraði. Þrátt fyrir að vísindamennirnir kæmu úr gjörólíkum löndum – Romolo til dæmis fæddist á lítilli eyju í Miðjarðarhafi en Fiona í Skotlandi – voru þeir undantekningarlaust hrifnir af öllu sem var borið fram. Á matartímanum var líka mikið spjallað um sjálfbæra framleiðslu og dýravelferð; að þeirra mati er sér í lagi íslenskur sauðfjárbúskapur ein sjálfbærasta leið til kjötframleiðslu í heimi.

Almennt kom gestunum mjög á óvart hversu fjölbreyttir, vel upplýstir, vel menntaðir og gestrisnir íslensku bændurnir voru sem þeir kynntust í heimsóknum og á fundum – sérstaklega í samanburði við bændur í heimalöndunum þeirra. Hvergi annars staðar töldu þeir líklegt að sauðfjárbóndi gæti orðið biskup. Ekki síst þetta nákvæma og umfangsmikla skýrsluhaldskerfi sem sauðfjárbændur nota hér á landi og áhuginn á markvissri ræktun hjá flestum bændum vakti mikla athygli. Í ljósi þessara lykilatriða eru þeir afar bjartsýnir að Ísland muni fljótlega losna við riðuvandamálið.

*Karólína Elísabetardóttir,*
*bóndi í Hvammshlíð.*

## Til landsins komu (í stafrófsröð):

- Angélique Igel, Frakklandi
- Ben Maddison, Bretlandi
- Charlotte Thomas, Bretlandi
- Christine Fast, Þýskalandi
- Fiona Houston, Bretlandi
- John Spiropoulos, Bretlandi
- Juan Carlos Espinosa, Spáni
- Jörn Gethmann, Þýskalandi
- Katayoun Moazami, Frakklandi
- Kevin Gough, Bretlandi
- Laura Pirisinu, Ítalíu
- Romolo Nonno, Ítalíu
- Vincent Béringue, Frakklandi, Gesine Lühken, Þýskalandi og Torsten Seuberlich, Sviss, gátu ekki mætt að þessu sinni.

**Íslenska teymið:**

- Eyþór Einarsson, RML
- Karólína Elísabetardóttir, Hvammshlíð
- Stefanía Þorgeirsdóttir, Keldum
- Vilhjálmur Svansson, Keldum

## Fyrirlestrar aðgengilegir á netinu:

Tæknileg vandamál á fundunum í Varmahlíð, 21. júní, ollu miklum truflunum í útsendingu á Zoom. Þess vegna voru fyrirlestrarnir talaðir inn aftur (eingöngu á íslensku þá) og eru aðgengilegir hér:

*www.tinyurl.com/upptaka-midgardur*













LANDGRÆÐSLA





Myndirnar sýna tækin sem eru notuð við mælingarnar. Efri myndin sýnir glæra mæliklefann og á þeirri neðri er sami mæliklefi með hulu.

# Mælingar í mólendi

**Mælingar á kolefnisjöfnuði lands er eitt mikilvægasta verkefni í landnýtingarhluta loftslagsbókhalds Íslands, sem gjarnan er skammstafað LULUCF.**



Urður Einarsdóttir.

Það er hluti af Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna, sem er ein stærsta skuldbinding íslenskra stjórnvalda hvað varðar loftslagsmál.

LULUCF er skammstöfun fyrir enska heitið Land Use, Land Use Change and Forestry, eða landnýting, breytingar á landnýtingu og skógrækt, sem er lýsandi fyrir verkefnið, því það beinist að vöktun áhrifa landnýtingar, breytingum á landnýtingu og skógræktar á loftslagsbreytingar.

Gasmælingaverkefni loftslagsbókhaldsins er umfangsmikið verkefni sem snýr sérstaklega að vöktun kolefnisjöfnuðar í þurrlendisgróðri og -jarðvegi á Íslandi. Teymi Landgræðslunnar, ásamt starfsfólki náttúrustofa víða um land, fara um landið og mæla annars vegar áhrif ljóstillífunar gróðurs og hins vegar öndun jarðvegs til að geta reiknað hversu mikið koldíoxíð losnar og/eða binst í gróðri og jarðvegi.

Allir mælireitirnir eru staðsettir í mólendi en eru fjölbreyttir hvað varðar gróðurfar og tegundasamsetningu, en þetta er til þess að gefa okkur góða mynd af fjölbreytileika íslensks mólendis, sem er mikilvægt þegar kemur að öflun gagna af þessum toga.

Mælingarnar eru gerðar með sérstökum tækjum sem mæla flæði koldíoxíðs. Þær fara þannig fram að mæliklefa er komið fyrir á rörum sem hafa verið rekin niður í jarðveg og styrkur koldíoxíðs inni í klefanum er mældur í tvær mínútur. Þetta gefur okkur hugmynd um hversu mikið koldíoxíð losnar og/eða binst á mælipunktunum á þessu tímabili. Það að styrkur koldíoxíðs hækkar á tímabilinu köllum við losun og ef styrkurinn lækkar er binding á tímabilinu. Gerðar eru tvær mælingar á hverju röri, annars vegar með glærum klefa sem hleypir sólarljósi inn og mælir þá heildarlosun eða bindingu meðan gróðurinn ljóstillífar og hins vegar með hettu sem útilokar sólarljós og gerir okkur kleift að mæla einungis jarðvegsöndun og gefur okkur m.a. hugmynd um hvað á sér stað í myrkri. Mælingarnar eru síðan endurteknar reglulega yfir vaxtartímann; þær hefjast yfirleitt í maí og lýkur í september.

Niðurstöðurnar hjálpa okkur að öðlast betri yfirsýn yfir þann breytileika sem mólendisvistkerfi Íslands búa yfir og eru mikilvægur liður í því að geta notað losunarstuðla sem eru í samræmi við íslenskar aðstæður í loftslagsbókhaldinu.

Fyrstu niðurstöður sýna að það er mikill breytileiki hvað varðar bæði losun og bindingu koldíoxíðs í íslensku mólendi. Bindingin – og losunin – ræðst af samspili nokkurra þátta. Það eru hitastig, raki í jarðvegi, birta, eðli gróðurs og almennt ástand lands. Þannig má segja að binding eigi sér alla jafna stað á uppskerumiklu landi í góðu ástandi, en illa farið land eða hnignað er mjög oft að losa koldíoxíð. Þannig tapast kolefni úr jarðveginum og hann missir smám saman frjósemi sína nema eitthvað sé að gert. Örfoka land, á hinn bóginn, sýnir mjög oft enga losun eða bindingu, enda eru þar forsendur fyrir hvorugu, hvorki gróður né kolefni í jarðveginum.

Hliðstæð vöktun á ræktarlandi og votlendi eru í undirbúningi eða þegar hafnar. Markmiðið er að fá heildaryfirsýn yfir loftslagsbúskap íslenskra gróðurlenda. Slíkar upplýsingar eru bæði mikilvægar til að hægt sé að átta sig á loftslagsáhrifum landnýtingar og til að hægt sé að meta almennt ástand lands og breytingar á því.

*Urður Einarsdóttir,*
*líffræðingur á sviði sjálfbærni og loftslags.*

LESENDARÝNI



Sjókvíaeldi í Arnarfirði.

# Áhættumatið og annarleg sjónarmið

**Í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og í grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá stofnuninni, í Bændablaðinu hinn 9. mars kemur m.a. eftirfarandi fram:**



Valdimar Ingi Gunnarsson.

*„Valdimar ýjar jafnframt að því að annarleg sjónarmið og spilling hafi ráðið för við úthlutun eldisheimilda.“*

Það er athyglisvert að rannsóknastjóri fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun notar orðið spilling en það hefur ekki verið notað í mínum greinum eða rannsóknaskýrslum þegar verið er að fjalla um aðkomu sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

Málið varðar undirbúning og gerð laga um fiskeldi sem samþykkt var á árinu 2019 á Alþingi Íslendinga þar sem leiðin var vörðuð til mikils fjárhagslegs ávinnings erlendra fjárfesta og íslenskra fulltrúa þeirra. Í því ferli hefur áhættumat erfðablöndunar leikið eitt af lykilhlutverkum.

### *Hvað er spilling?*

Byrjum að skoða skilgreiningu á spillingu en Íslandsdeild Transparency International skilgreinir hugtakið eftirfarandi:
*„Spilling er misbeiting á opinberu valdi til persónulegs ávinnings. Spilling þrífst þar sem eftirlit skortir, ákvarðanataka er óljós og aðkoma og áhrif almennings eru lítil eða engin. Spillingu má fyrirbyggja með gagnsæi hvað varðar upplýsingar og gjörðir valdhafa, sem almenning getur skilið, treyst og fylgst með.“*

Til að hægt sé að tengja Ragnar Jóhannsson og aðra sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar sem unnið hafa að áhættumatinu við spillingu þurfa þeir að hafa persónulegan ávinning af sínum gerðum en slíkar upplýsingar virðast ekki liggja fyrir. Það væri því afar ósanngjarnt og óheiðarlegt að saka sérfræðinga stofnunarinnar um spillingu

Aftur á móti eru sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar sem hafa unnið að áhættumati erfðablöndunar, sakaðir um annarleg sjónarmið og ófagleg vinnubrögð.

### *Aðkoma og gagnsæi*

Fulltrúar Hafrannsóknastofnunar áttu nokkra fundi með starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi á árinu 2017 þar sem rætt var um áhættumat erfðablöndunar. Fyrrihluta ársins var mætt nokkrum sinnum á fundi með stefnumótunarhópnum og á síðasta fundinum seinni hluta apríl er athyglisvert að ekkert kemur fram um hvað var rætt. Það sem er einnig athyglisvert að þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða, sem höfðu mestu fjárhagslega hagsmuni að gæta, voru í stefnu- mótunarhópnum og sátu alla þessa fundi en hagsmunaaðilar aðrir en Landssamband veiðifélaga höfðu ekki aðgang að borðinu. Hafrannsóknastofnun kynnti áhættumatið 14. júlí 2017 fyrir stefnumótunarhópnum og í fundargerð kom fram að nefndarmenn fengju sendar glærurnar og áhættumatsskýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Noregi hefur lokað. Ágæti lesandi, hér er vitnað í fundargerð hjá opinberum stefnumótunarhópi. Lög um fiskeldi þar sem áhættumat erfðablöndunar er vistað voru síðan samþykkt á Alþingi Íslendinga árið 2019 og bæði laxeldisfyrirtækin voru síðan komin á norskan hlutabréfamarkað á árinu 2020.

### *Úthlutun framleiðsluheimilda*

Framleiðsluheimildum til eldis á frjóum laxi, þar sem hægt er að vera með eldi m.v. núverandi eldistækni, er mögulegt að úthluta á Austfjörðum, Eyjafirði og Vestfjörðum skv. aug- lýsingu nr. 460/2004. Af einhverjum ástæðum var Ísafjarðardjúp undan- skilið fyrst til að byrja með og síðan innan við Ædey sem tekið verður fyrir í annarri grein.

Það eru forsendurnar í áhættumatinu sem mestu ráða hve miklum framleiðsluheimildum er úthlutað hverju sinni. Höfundur m.a. í greinum í Bændablaðinu hefur gert alvarlegar athugasemdir við forsendur sem stuðst er við í áhættumati erfðablöndunar. Það hefur ekki alltaf verið vandað til verka og í því samhengi má benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í byrjun þessa árs en þar kemur m.a. fram: *„þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi talið að nákvæmari gögn þyrfti þá breyttist áhættumatið töluvert til aukningar við endurskoðun þess árið 2020.“*

Hve miklu er úthlutað hverju sinni má m.a. sjá í samhengi við væntingar og þrýstings frá hagsmunaaðilum. Hvernig staðið hefur verið að úthlutunum framleiðsluheimilda í nafni áhættumats erfðablöndunar hefur haft takmarkað eða ekkert með náttúruvernd að gera.

### *Úthlutanir í einstaka firði*

Framleiðsluheimildir fyrir einstaka firði/fyrirtæki ráðast að mestu af fjölda veiðiáa á svæðinu og hvernig dreifing strokulaxa er háttað í líkani áhættumatsins:

• ***Dreifing strokulaxa:*** Líkanið hefur alltaf gert ráð fyrir of mikilli dreifingu á strokulöxum í veiðiár í staðinn fyrir að gera ráð fyrir að hann gangi að öllu jöfnu í mestu mæli í ár í sama firði og slysaslepping átti sér stað. Hafrannsóknastofnun viðheldur áfram röngum forsendum í áhættumatinu með að standa rangt að vöktun á strokulöxum. Það felur í sér að undanskilja vöktun á fjölmörgum veiðiám á eldissvæðum og vakta ekki á haustin þegar mest er af strokulaxi í ánum.

• ***Fjöldi veiðiáa:*** Í grein rannsóknastjórans kemur fram *„Þetta á ekki við rök að styðjast því litlar ár sem á annað borð fóstra sjálfbæran nytjastofn eru einnig teknar með.“*

Þessi málflutningur hefur oft komið fram hjá rannsóknastjóranum en mönnum er að verða ljóst að hér er ekki rétt með farið og er m.a. vísað í greinar höfundar í Bændablaðinu, ábendingar og athugasemdir erfðanefndar landbúnaðarins, vísinda- nefndar sem var falið að rýna áhættumatið, Skipulagsstofnunar og Ríkisendurskoðunar.

### *Að lokum*

Þegar skoðaðar eru umsagnir óháðra sérfræðinga við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 kemur í ljós að þeir gera alvarlegar athugasemdir við áhættumat erfðablöndunar og setja sig almennt gegn innleiðingu þess.

Eftir á að hyggja má segja að betra hefði verið fyrir stjórnvöld að hlusta á og fylgja ráðleggingum höfundar og annarra óháðra sérfræðinga.

***Valdimar Ingi Gunnarsson***
*sjávarútvegsfræðingur.*

## Lífsgæði:

# Fjölskyldulífið

**Íslenskir bændur eru fjölbreytt flóra dugmikilla sjálfstætt starfandi einstaklinga. Hver og einn hefur valið sína leið til að lifa og starfa en þó má ætla að flestir bændur búi og starfi á sama stað.**



Kristín Linda Jónsdóttir.

Það er að segja að þeir sem hafa landbúnað sem aðalstarf eigi heima á bújörðinni þó þeir séu ef til vill einnig í öðrum störfum utan bús. Fjölmargar útfærslur eru til af samþættingu landbúnaðarstarfa við önnur störf, einstaklingar standa einir fyrir búi og starfa ýmist einir eða með starfsfólki og tengt og ótengt fólk gengur til verka á sama búi. Í sumum tilfellum búa hjón eða par saman á jörð og starfa bæði eingöngu við búið nú eða bæði starfa að hluta utan bús. Í öðrum tilvikum starfar annar aðilinn við búið en hinn er einnig í öðru starfi, hlutastarfi eða fullri vinnu við annað.

**Sá einstaklingur á þá heimili sitt á vinnustað maka síns sem er í raun nokkuð sérstök staða.**

Það felast bæði dásamlegt tækifæri og ógnanir í því að búa og starfa á sama stað. Það er nærtækt að skjótast í vinnuna og næsta víst að verkefnin eru næg. Vinnutíminn og vinnudagar eru ekki rammaðir inn með vinnutímaskilgreiningu eða stimpilklukku og vinnan flýtur því auðveldlega yfir lífið. Það getur verið gaman þegar unnið er sjálfstætt, verkin eru skemmtileg og árangurinn gefandi.
Svo er líka skemmtilegt og frjálst að geta sleppt vinnunni tíma og tíma til dæmis á miðjum virkum vetrardegi.

**Sjálfstætt starf, búseta á vinnustað, sýnilegur árangur, frelsi og sveigjanleiki, allt eins og draumur í dós. Já, það er sko alveg rétt!**

En þar með er ekki í öll sagan sögð. Þeir sem eru hluti af fjölskyldu, eiga maka og ef til vill líka börn, þurfa að huga að því af alvöru hvernig þeim gengur að samþætt og skilja á milli starfs og fjölskyldulífs. Já, einmitt bæði samþætta og skilja á milli. Það er gefandi og skemmtilegt að fjölskyldan sé saman að fást við verk á búinu og þannig sé fjölskyldulífið og starf bóndans samþætt. En það er líka alveg nauðsynlegt að láta ekki vinnu bóndans við búið lita allt fjölskyldulífið og heimilislífið, það þarf líka að skilja á milli. Þetta er sérstaklega áríðandi þar sem annar aðilinn starfar utan bús. Þá þarf hann að mæta þar til vinnu og ef um fullt starf er að ræða hefur hann klárað sinn vinnutíma þegar heim kemur. Þá eru verkunum á búinu ef til vill ekki lokið og stundum liggur í loftinu krafa um að mæta þar til vinnu, eftir fullan vinnudag við annað, nú eða hún er bara skýr og ljós sérstaklega á álagstímum búsins. Ef til vill ríkir um þetta fyrirkomulag góð sátt en gefum okkur það ekki. Athugum að þó góð sátt hafi verið einu sinni er ekki hægt að ætlast til að svo verði um aldur og ævi, bæði fólk og aðstæður breytast.

**Veltu því fyrir þér í fullri alvöru núna í vikunni hvort þú þurfi að endurmeta og skilja á milli eða samþætta starfið þitt sem bóndi og fjölskyldulífið á nýjan hátt.**

Tækifærið er núna. Ekki stinga höfðinu í sandinn, skella þér í vinnugallann og fara út að dreifa skít. Ekki nota gömlu tuggurnar til að loka á makann þegar hann óskar eftir sameiginlegum frístundum, þú ert íslenskur bóndi, alvörugarpur, þú getur breytt ef þú vilt! Skoðaðu málið heiðarlega og markvisst því að rannsóknir sýna að það hefur veruleg áhrif á heilsu, hamingju og velferð fólks að ná sátt um samspilið á milli vinnu og fjölskyldulífs. Gerðu það af virðingu við sjálfan þig og þá sem þú elskar mest.

**Gerðu samning við þig og þína um samþættinguna og skilin á milli heimilis og bús.**

Um hluti eins og sameiginlegan frítíma í klukkustundum um helgar, eða um heilar fríhelgar og um lengri frí yfir árið talin í dögum eða vikum. Það er engin ein uppskrift rétt en ekki bara láta tímann líða og samskiptin við mikilvægasta fólkið í lífi þínu reka á reiðanum! Það er yndislegt að vera saman við störf á búinu, sjá flekkinn breytast í ótal rúllur, dást að ásetningsgimbrunum og sægráu kvígunni sem loksins kom. En það er líka gaman að vera saman við eitthvað allt annað og skapa öðruvísi minningar.

**Við þurfum öll að virða okkur sjálf, okkar eigin lífsstíl, heilsu og hamingju. Það er heillandi að njóta þess að vera bóndi en líka að vera maki og foreldri og það þarf að rækta ástarlífið eins og tún, bera á, hlúa að, girða fyrir vanda og vera vakandi.**

Rannsóknir sýna að ef við ræktum og hlúum að okkar nánustu samböndum bætir það okkar eigin geðheilsu og þeirra sem í hlut eiga. Samskipti og sambönd skipta verulegu máli fyrir lífsgæði. Gefðu þér tíma til að hlúa að þér og þeim sem þú elskar mest, ekki láta þá bíða, það kemur ekki betri tími seinna, farðu úr vinnugallanum og elskaðu í verki núna!

*Kristín Linda Jónsdóttir*
*sálfræðingur.*


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is




VEIÐIFÉLAGAR FISHPARTNER
VEIÐISVÆÐI ÓSKAST
Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.
Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.
**Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.**



LSB Lífeyrissjóður bænda
**Aukaársfundur Lífeyrissjóðs bænda**
Stjórn Lífeyrissjóðs bænda boðar til aukaársfundar fimmtudaginn 31. ágúst 2023 kl. 11, sem haldinn verður á skrifstofu sjóðsins að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.
Á dagskrá fundarins verður stjórnarkjör, þar sem kosnir verða fjórir stjórnarmenn í aðalstjórn í stað jafn margra stjórnarmanna sem hafa sagt af sér trúnaðarstörfum fyrir sjóðinn. Framboðsfrestur er til kl. 17 fimmtudaginn 3. ágúst 2023.
Einnig verða teknar fyrir á fundinum tillögur um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bænda.
Nánari upplýsingar um fundinn, endanleg dagskrá, endanlegar tillögur og fyrirkomulag fundarins að öðru leyti verða auglýstar á heimasíðu sjóðsins, www.lsb.is og í Bændablaðinu 20. júlí 2023.
Reykjavík, 6. júlí 2023.
**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda**
**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**
**Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**s. 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**










LESENDARÝNI



# Úrsögn úr stjórn Lífeyrissjóðs bænda

**Við undirrituð viljum koma eftirfarandi á framfæri til sjóðfélaga LSB sem við höfum starfað í umboði fyrir.**

Frá og með 1. desember 2018 hefur Lífeyrissjóður bænda starfað á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, auk samþykkta sjóðsins. Áður höfðu sérlög gilt um starfsemi sjóðsins sem fól m.a. í sér sérstöðu að ríkið greiddi mótframlag sjóðfélaga. Stjórn sjóðsins var þá saman sett af fulltrúum ríkisvaldsins, Bændasamtaka Íslands og fimmti maður tilnefndur af Hæstarétti. Í dag er stjórn kjörin af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins á grundvelli samþykkta hans.



Guðbjörg Jónsdóttir.



Örn Bergsson.



Erna Bjarnadóttir.

Með þessum breytingum urðu grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum sjóðsins. Á þeim tæplega fimm árum sem síðan eru liðin hefur sjóðurinn líkt og aðrir þurft að takast á við margvíslegar áskoranir. Fyrst má nefna heimsfaraldur vegna Covid-19 og síðan verðbólgu og hækkandi vexti sem hafa komið fram í lakri afkomu flestra lífeyrissjóða á árinu 2022. Þá er hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar sjóðsins sem hlutfall af meðalstöðu eigna hærri en almennt gerist meðal stærstu lífeyrissjóða landsins. Í ljósi þessa taldi stjórn LSB nauðsynlegt að skoða hvort hagsmunum sjóðfélaga væri betur borgið til lengri tíma litið með því að kanna möguleika á að breyta starfseminni. Einkum var horft til þess að skoða sameiningu við annan og stærri sjóð. Allt þó með því fororði að samningar tækjust á jafnréttisgrundvelli og að allra réttinda sjóðfélaga beggja sjóða væri gætt í hverju tilliti eins og lög kveða á um.

Þá lá einnig til grundvallar að sjóðurinn er og hefur verið að horfa fram á aukna lífeyrisbyrði, samfara hækkun á meðalaldri sjóðfélaga.

Með stærri og öflugri sjóði næst einnig meira rekstraröryggi, hlutfallslega lægri rekstrarkostnaður og aukin og betri áhættudreifing. Líkur eru þannig á að í stærri sjóði með aðra aldursdreifingu geti náðst betri ávöxtun til lengri tíma litið – m.ö.o. að hagsmunum sjóðfélaga væri betur borgið en nú er.

Undirrituð hafa átt sæti í stjórn LSB samtals um 30 ár, sá er lengst okkar hefur setið frá ársbyrjun 1999. Því miður náðist að okkar mati ekki nauðsynleg samstaða um málið á vettvangi sjóðsins þegar fram í sótti sem leiddi m.a. til trúnaðarbrests. Þetta varð til þess að við sögðum okkur, hvert í sínu lagi, úr stjórn LSB dagana 13.–14. júní sl. Við höfum enn þá bjargfösta trú á að hagsmuna sjóðfélaga verði best gætt með því að skoða til hlítar sameiningu við stærri og öflugri sjóð á þeim forsendum sem að framan er getið um.

*Reykjavík, 25. júní 2023*

***Erna Bjarnadóttir,***
***Guðbjörg Jónsdóttir,***
***Örn Bergsson***


Samgöngufélagið

## Áhugafólk um samgöngumál!

Leitað er að áhugasömu fólki til að taka sæti í stjórn Samgöngufélagins.

Samgöngufélagið er áhugamannafélag um samgöngur, einkum utan höfuðborgarsvæðisins og um stjórnsýslu og ákvarðanatöku tengda samgöngum.

Leitað er að hugmyndaríku og öflugu fólki sem hefur áhuga á samgöngumálum, bættum samgöngum, traustri upplýsingagjöf og vinnubrögðum við ákvarðanatöku sem varða samgöngur.

Þóknun samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband ekki ekki síðar en 20. júlí nk.

Frekari upplýsingar um félagið má nálgast á vef þess, www.samgongur.is og hjá formanni félagsins, Jónasi B. Guðmundssyni í s. 898 6794.


# Um innflutning á kjúklingi og öðrum landbúnaðarvörum frá Úkraínu

**Hvers vegna viljið þið samþykkja lög sem hafa þær afleiðingar að gera út af við innlenda matvælaframleiðslu?**



Þórarinn Ingi Pétursson.

Þetta á að vera spurningin sem fjölmiðlar landsins eiga að spyrja þá sem hafa haft hvað hæst þegar kemur að áframhaldandi stuðningi við óheftum innflutningi á landbúnaðarvörum frá Úkraínu. Það er staðreynd að nú þegar hefur niðurfelling á tollum á vörum frá Úkraínu haft veruleg áhrif á framleiðendur landbú naðarvara hér á landi.





Frosinn heill úkraínskur og íslenskur kjúklingur eru á sama verði í matvörubúð. „Það er ekki þannig að öll lönd í Evrópu felldu niður tollmúra sína og leyfðu úkraínskum landbúnaðarvörum að flæða yfir landamæri.“

### *Tölum um staðreyndir*

Tollvernd er ein af mikilvægu stoðum innlendrar matvælaframleiðslu. Með tollfrjálsum innflutningi á landbúnaðarafurðum frá landi eins og Úkraínu, sem er einn stærsti framleiðandi matvæla í Evrópu, er verið að kippa allri tollvernd úr sambandi. Hefði komið til áframhaldandi innflutnings er nokkuð víst að það hefði komið til með að gera út af við marga innlenda bændur. Á eftir kjúklingnum var á leiðinni til landsins svína- og nautakjöt auk mjólkurdufts. Allt þetta hefði raskað verulega innlendum markaði til framtíðar. Við getum reiknað með því að tollfrjáls innflutningur á kjúklingakjöti, nautakjöti, svínakjöti og mjólkurdufti hefði lagt innlenda framleiðslu að velli á einu til tveimur árum.

Það er ekki þannig að öll lönd í Evrópu felldu niður tollmúra sína og leyfðu úkraínskum landbúnaðarvörum að fljóta yfir landamæri. Tollaniðurfelling íslenska ríkisins gekk mun lengra en tollaniðurfelling ESB. Tollaniðurfelling ESB tók ekki til allrar tollskrár ESB heldur takmarkaðist niðurfellingin til tolla eins og þeir voru skilgreindir í sérstökum samningi milli ESB og Úkraínu. Auk þess voru sett ákveðin skilyrði fyrir niðurfellingu tolla ásamt því að sett var sérstök varúðarregla sem fól í sér að ef innflutningur frá Úkraínu myndi valda eða væri líklegur til þess að valda framleiðendum landbúnaðarvara tjóni þá væri mögulegt að endurvekja tollana í samræmi við fyrri samninga. Þá má auk þess benda á að Noregur og Sviss felldu ekki niður tolla á vörur frá Úkraínu.

Af hverju þarf Ísland í þessu samhengi þá að vera „stærsta land í heimi“?

### *Hvers vegna segjum við nei við óheftum innflutningi?*

Við sem smáþjóð þurfum að standa vörð um innlenda framleiðslu og fyrir því eru fleiri en ein ástæða. Fyrst má þar nefna mikilvægi þess að halda framleiðslunni innanlands vegna allra þeirra starfa sem hún skapar, fyrir utan þá staðreynd að við viljum halda við innlendum landbúnaði og matvælaframleiðslu í landinu. Þá þurfum við einnig að huga að sjálfbærni og heilnæmi landbúnaðarvara. Auk þess skilur innlend framleiðsla eftir sig minna kolefnisspor en innflutt. Það er hreint ótrúlegt að þurfa að verja þá skoðun að standa vörð um innlenda framleiðslu, það svo skömmu eftir heimsfaraldur Covid sem vakti okkur hressilega upp er varðar fæðuöryggi og mikilvægi sjálfbærni.

Það liggur í augum uppi að íslenska þjóðin er ekki að fara að bjarga úkraínskum landbúnaði með táknrænum aðgerðum sem þessum, enda vegur það magn sem hingað er flutt inn frá Úkraínu ekki þungt á þeirra markaði. Aftur á móti hefði orðið áframhald á innflutningi með þessum hætti hefði það leitt til þess að fjöldi innlendra búa hefði fljótlega lagt upp laupana. Íslenskum bændum er hér stillt upp í samkeppni við stórfyrirtæki á heimsvísu sem eiga fátt sameiginlegt með íslenskum bændum og eru þeir hér í samanburði eins og agnarsmátt sandkorn í alheiminum en eiga þó að bera þungar byrðar.

### *Það eru til aðrar leiðir*

Það má ekki verða þannig að táknrænar aðgerðir Íslands í alþjóðasamfélaginu kippi hreinlega stoðunum undan heilli atvinnugrein hérlendis. Við sem samfélag höfum aðrar leiðir til þess að sýna táknrænan stuðning, það hefur m.a. verið gert þegar Alþingi samþykkti nýverið að kaupa færanlegt neyðarsjúkrahús fyrir Úkraínu.

Undirritaður telur skynsamlegt að fara að fordæmi Norðmanna sem tóku ákvörðun um að styrkja Úkraínu með öðrum hætti. Það eru til fleiri leiðir til þess að styðja við úkraínsku þjóðina sem eru ekki þess valdandi að gera út af við innlenda matvælaframleiðslu, veljum frekar skynsamar leiðir.

***Þórarinn Ingi Pétursson,***
*þingmaður Framsóknar*

# Óvissa sveitarfélaga varðandi smölun á ágangsfé

**Nýlega felldi innviðaráðuneytið úr gildi fyrri leiðbeiningar um skyldur sveitarfélaga varðandi smölun á ágangsfé, ljóst þykir að ekki er enn fyrirséð hvernig sveitarfélög beri að standa að málum.**



Anton Guðmundsson.

Kemur þar til að þau lög sem nú eru talin gilda þegar fé fer um annarra lönd heyra undir matvælaráðuneytið og það hefur ekki enn gefið út leiðbeiningar um framkvæmd þeirra. Einnig er talið nauðsynlegt að sveitarfélögin komi sér upp verklagsreglum til að réttur allra hlutaðeigandi verði virtur við ákvörðun um smölun ágangsfjár og innheimtu kostnaðar, þar sem það telst stjórnvaldsákvörðun.

Í ákvæði laga um búfjárhald og afréttarmálefni er ekkert samræmi um hvernig skuli framkvæma slík tilfelli, eins og innviðaráðuneytið bendir á.

Í leiðbeiningum ráðuneytisins hefur komið fram að túlkun að ákvæði laga um búfjárhald gengju framar ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil og fleira. Í því felist að umráðamanni lands beri sjálfum að taka ákvörðun um að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað til að umgangur og beit búfjár sé þar bönnuð. Þá þurfi girðingar að vera í lagi. Landeigandinn geti því ekki krafist þess að sveitarfélagið láti smala ágangsfé sem heimilt er að hafa í heimahögum. Málinu var skotið til umboðsmanns Alþingis sem taldi að leiðbeiningar ráðuneytisins samrýmdust ekki lögum og beindi því til ráðuneytisins að taka þær til endurskoðunar.

Eins og málin blasa núna við eru sveitarfélögin á Íslandi í talsverðri óvissu hvað þessi mál varðar, í mínum huga ríkir ákveðin réttaróvissa og ekki hægt að aðhafast með neinum hætti fyrir sveitarstjórnir meðan beðið er eftir nýjum leiðbeiningum frá ráðuneytinu innviða eða matvæla.

Einnig þarf að skýra verklag smölunar sem mun skilgreina með sterkum hætti hvernig tilkynningum um ágangsfé og beiðni um smölun sé háttað, skilgreina þarf hvað teljist ágangsfé og einnig hvernig eigendur fjárins verði upplýstir um tilkynninguna þannig að þeir geti sótt fé sitt áður en sveitarfélagið gerir ráðstafanir um smölun fjár.

***Anton Guðmundsson,***
*oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ*
*og formaður bæjarráðs.*

# Opið bréf

## – til alþingismanna, sveitarstjórna og lögfræðinga samtaka og ráðuneyta sem hafa aðkomu að skipulagi beitarmála í landinu

**Ljóst er að þessa dagana eru að berast inn á borð sveitarstjórna kröfur landeigenda um smölun ágangsfjár. Það er jafnljóst að viðbrögð sveitarstjórna verða alls ófullnægjandi að mati þolenda.**


Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

Sveitarstjórnir munu leitast við að „vinna tíma", leita ráða Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi ráðuneyta, auk þess að véfengja skyldur sínar til smölunar og gera ágreining um orðaskilgreiningar og álit umboðsmanns frá sl. hausti. Það mun því mikið vatn renna til sjávar, eða kannski margur hlaðvarpinn verða uppétinn, áður en til smölunar kemur. Komi á endanum til þess að sveitarfélögin smali mun slíkt ekki ganga þrautarlaust fyrir sig enda meira en að segja það að ná nokkrum kindum án aðhalds á tilteknu landi.

Takist slíkt samt sem áður verður næsta vandamál hvar eigi að sleppa fénu. Ljóst er að ekkert tryggir að sama staða komi ekki upp innan örfárra daga, annað en eigandi/eigendur fjárins haldi því í fjárheldum girðingum á sínum heimajörðum það sem eftir lifir sumars. Niðurstaða mín er að hvernig sem á málið er litið, og þrátt fyrir lögbundnar skyldur sveitarfélaga til smölunar, verða aðgerðir af þessu tagi engin lausn til frambúðar. Mikill kostnaður leggst á fjáreigendur á endanum og það sem verra er, engin lausn á lausagöngu búfjár.

### *Lausaganga búfjár er ekki heimil*

Í hugtakinu lausaganga felst samkvæmt orðanna hljóðan að búfénaður geti gengið laus eða frjáls. Það þýðir í huga flestra að hann sé ekki einasta óbundinn heldur jafnframt að hann þurfi ekki að vera í haldi innan girðinga. Þar með gefa menn sér að fénaðurinn geti gengið á því landi sem honum þóknast hverju sinni óháð eignarhaldi þess lands. Þessi skilningur sauðfjárbænda og margra annarra helgast fyrst og fremst af þeirri venju sem skapast hefur frá þeim tíma þegar sauðfé var á flestum jörðum og hagkvæmt þótti að hafa sameiginlega sumarhaga.

Samkvæmt búfjárhaldslögum er skilgreiningin á lausagöngu: Lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi. Skoðum aðeins hvað þarf til til að löggjafinn geti heimilað búfjárhöldurum afnot af annars manns landi í hans óþökk.

Til að lausaganga búfjár væri leyfð lögum samkvæmt væri um að ræða svokallaða takmarkaða eignarskerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarréttindum landeiganda. Skilyrði þess að slíkum eignaskerðingum verði beitt er að þess sé sérstaklega getið í sérlögum og þær séu gerðar í almanna þágu. Hvorugu er til að dreifa hvað lausagöngu búfjár varðar. Nokkuð hefur borið á því í umræðunni undanfarnar vikur að sauðfjárbændur telji að hefð tryggi þeim rétt til að beita annarra manna land. Um hefðun gilda lög sem hafa að mestu staðið óbreytt frá 1905. Þar er getið skilyrða sem fyrir hendi þurfa að vera til að hefðun geti átt sér stað. En menn geta sparað sér vinnu við að grúska mikið í lögunum því fyrir liggur hæstaréttardómur (Hrd. 1987, bls. 1656 Flateyjardalsheiði) þar sem kröfu um hefðun er hafnað vegna þess að eigendum þeirra jarða sem nýtt höfðu umrætt land, og kröfðust hefðunar, var allan tímann ljóst að landið var í eigu tiltekinnar jarðar þó nýting þess hafi verið látin viðgangast átölulaust um langan tíma.

### *Viljum við að þetta sé réttarríkið Ísland í dag?*

Af framansögðu tel ég ljóst að engar forsendur eru til að heimila frjálsa för búfjár um lönd annarra. Flókin og oft og tíðum klúðursleg löggjöf hefur hins vegar gert það að verkum að einkum sauðfjárbændur og einstakar sveitarstjórnir, hafa tekið sér völd langt umfram heimildir. Mál er að linni og það ágæta fólk sem situr á Alþingi, og telur réttarríkið Ísland fremst meðal þjóða, axli ábyrgð sína.

Til að eyða þeirri óvissu og vandræðagangi sem nú ríkir í þessum málum, er nauðsynlegt að tekið verði hressilega til í því lagaumhverfi sem gildir um búfjárhald, fjallskil og afréttarmálefni og girðingar og það fyrr en seinna. Augljóslega þarf að leysa sveitarfélögin úr klafa skyldna við fámenna stétt búfjáreigenda og orða lögin með svo skýrum hætti að skylda búfjáreigenda til að halda fé sitt eingöngu innan lands sem þeir hafa umráðarétt yfir, sé afdráttarlaus.

Ég skora á lærða sem leika, sem telja að þessi skilningur minn eigi ekki við rök að styðjast, að hreyfa andmælum en þó aðeins að þeir geti rökstutt mál sitt málefnalegum rökum. Ég er ekki að biðja um að stofað verði til ritdeilna heldur að sem réttastar upplýsingar liggi fyrir sem greitt geta götu þessa annars viðkvæma máls.

*Stefán Tryggva- og Sigríðarson,*
*sérstakur áhugamaður um réttarríkið Ísland og framtíð sauðfjárræktar í landinu.*


**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík









# LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

**Auglýst eftir nýjum þátttakendum í nautgriparækt, sauðfjárrækt og útiræktun grænmetis.**

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir umsóknum til þátttöku frá tíu búum í sauðfjárrækt og/eða nautgriparækt og fimm grænmetisframleiðendum sem stunda útiræktun. Þátttakendur þurfa að hafa áhuga fyrir að setja sér skriflega aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni og auk þess þátttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að velja þátttakendur, verði umsækjendur fleiri en fimmtán, en öll þátttökubú þurfa að uppfylla lögbundnar skýrsluhaldskröfur.

**Verkefnið hefst í sept/okt 2023 og er umsóknarfrestur til 20. ágúst n.k. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is.**

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnastjóri, **berglind@rml.is** og í síma **516-5000**.

skógræktin · RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS · Landgræðslan




# Alþýðuvagninn endurnýjaður

## – Prufuakstur á nýjum Volkswagen ID.3



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is




Sérð þú muninn á þessum og eldri týpunni? Að utan er helst hægt að benda á brotthvarf svarta kragans efst á húddinu og breytt loftinntök á stuðara. Myndir / ÁL

**Bændablaðið fékk til prufu nýja útfærslu af Volkswagen ID.3. Þessir bílar voru fyrst kynntir til sögunnar í lok árs 2019, en á síðustu vikum kom endurbætt útgáfa á markaðinn.**

Helstu keppinautar ID.3 eru til að mynda Tesla 3, Kia Niro EV og Nissan Leaf. Bíllinn í þessum prufuakstri var í Life útfærslu, sem er ódýrari týpan af þeim tveimur sem Hekla flytur inn.

Fljótt á litið virðist þessi nýi bíll vera nákvæmlega eins og fyrirrennarinn, enda eru breytingarnar smávægilegar. Skýrasta einkennið að utan felst í húddinu – áður var það með svartan kraga beint í kjölfarið af framrúðunni, en nú er það ein samlit plata. Enn fremur eru smávægilegar breytingar á framljósum og loftinntökum í framstuðara. Ef þú ert ekki bílanörd, þá fer þetta líklegast framhjá þér.

Að innan eru breytingarnar meiri, en upprunalegi ID.3 varð fyrir mikilli gagnrýni, þar sem notast var við ódýr efni og stýrikerfið í margmiðlunarkerfinu vakti litla lukku. Nú má hins vegar segja að allt sem umlykur ökumann og farþega sé einhvern veginn mátulegt. Mælaborðið er með mjúkum efnum, klæðningin á sætunum er þykk og stýrishjólið er þægilegt viðkomu.

### *Takkalaus*

Raunverulegir hnappar eru varla til staðar, heldur er öllu stjórnað í gegnum margmiðlunarskjáinn, eða með snertitökkum, eins og á keramíkhellum. Volkswagen hefur fengið verðskuldaða gagnrýni fyrir að fjarlægja alla hnappa, enda þarf oft að beina óþarflega mikilli athygli frá akstrinum, til þess eins að stilla hitann.

Skamman tíma tekur þó að venjast öllum grunnaðgerðum, enda er stýrikerfið vel úthugsað og einfalt. Volkswagen virðist hafa náð flestum vanköntum úr tölvukerfinu, en þó virtist einhver smávægilegur draugur gera vart við sig í örfá skipti í þessum prufuakstri.

### *Notaleg sæti*

Sætin eru með vönduðum svampi og vel formuð. Tauáklæðið ber með sér að vera úr þykku og vönduðu efni, sem er þægilegt viðkomu.

Þar sem Life útgáfan er ódýrari týpan, þá er ekkert rafmagn í sætunum. Sætin eru ekki með stillanlegum mjóbaksstuðningi, sem er kannski stórvægilegasta atriðið sem vantar í þessari útfærslu. Í dýrari týpunni, sem heitir Style, er mjóbaksstuðningur staðalbúnaður.

Bæði framsætin fá sinn armpúðann hvort, sem er fljótlegt að stilla. Jafnframt er mikið rými á alla vegu og geta hávaxnir teygt úr fótum og höfði. Miklir stillimöguleikar eru í stýrinu og því líklegt að nær allir nái að koma sér vel fyrir.

Fyrir aftursætisfarþega er ríkulegt fótapláss, en hárgreiðslan á þeim allra hæstu er líkleg til að spillast við að strjúkast við þakið. Því hefur verið fleygt fram að innrarýmið í þessum bíl sé á pari við Passat, á meðan ytri málin séu svipuð og hjá Golf.

### *Pláss fyrir dót*

ID.3 er uppfullur af geymsluplássi. Á milli sætanna er stór geymsla og í öllum hurðunum eru stórir hurðavasar. Sjálft hanskahólfið er ekki nema meðalstórt. Skottið er álíka stórt og í flestum fólksbílum í þessum stærðarflokki. Það er með stillanlegu gólfi, en þegar það er í hærri stöðunni flúttir það næstum við skotthlerann og undir því leynist mátulegt pláss fyrir hleðslusnúrur.

Þegar aftursætin eru lögð niður flútta þau við skottgólfið, en eru í nokkrum halla. Á milli þeirra er lúga sem hægt er að stinga skíðum og öðrum löngum farmi í gegn.




Volkswagen ID.3 kemur vel út í ólífugrænum lit.



Volkswagen hefur ráðið bætur á ýmsum vanköntum innandyra. Þar er helst að nefna fínpússað stýrikerfi í margmiðlunarskjánum.



Barnabílstólar eða stórt fólk mun rúmast vel í aftursætunum.




Skottið er á pari við flesta fólksbíla í þessum stærðarflokki.

### *Akstur mínímalískur*

Það að hefja bílferð á ID.3 er eins einfalt og hægt er. Ef ökumaðurinn er með lykilinn í vasanum, þá gerist flest sjálfkrafa. Með lyklalausu aðgengi er hægt að taka úr lás með því einu að taka í hurðarhúninn. Svo þarf ekki að ýta á neinn takka til að ræsa bifreiðina, heldur fer hún í gang þegar stigið er á hemlafetilinn. Í lok ferðar slekkur bíllinn á öllu um leið og hann skynjar að ökumaðurinn er stiginn úr sætinu.

Þegar allt er komið í gang, þá þarf rétt að snúa gírskiptinum, sem er bakvið stýrið – rétt ofan við arminn sem stýrir rúðuþurrkunni. Það er ótrúlegt hversu fornir aðrir bílar virðast í samanburði við þennan einfaldleika.

### *Lipur og snarpur*

Í innanbæjarakstri heyrist ekkert veg- og vindhljóð, en á þjóðvegahraða berst inn nokkuð veghljóð, sem bergmálar inni í bílnum.

Bíllinn er með snöggt viðbragð og fljótur að ná hraða – þó ekki það kraftmikill að hnakkinn skelli í höfuðpúðann.

Hann er afar léttur í stýri og er hægt að leggja það mikið á hann að mögulegt er að snúa við í einni bunu á betri þjóðvegum. Fjöðrunin er nokkuð mjúk, miðað við það sem oft er í rafmagnsbílum. Rúðurnar eru stórar og eru gluggapóstarnir á milli þeirra sérlega mjóir. Blindir punktar eru því í lágmarki.

Skynvæddi hraðastillirinn er eins og hugur manns. Ólíkt mörgum öðrum bílum, þá er akstursaðstoðin í þessum bíl ekki stressuð. Hann hemlar ekki óþægilega snöggt, heldur gerist allt yfirvegað. ID.3 virðist vita af yfirvofandi kröppum beygjum, og hægir hraðastillirinn sjálfkrafa á sér, án innkomu ökumannsins. Akreinavarinn tekur ljúflega í stýrið þegar ökumaðurinn sveigir af beinni braut.

### *Að lokum*

ID.3 kemur með 58 kílóvattsstunda rafhlöðu. Uppgefin drægni er allt að 425 kílómetrar, en raundrægni er á bilinu 350 til 400 kílómetrar. Hleðslan í þessum bíl er vel nothæf, en í þessum prufuakstri var keyrt um borgina þvera og endilanga yfir helgi og skutlast á Keflavíkurflugvöll og batteríið var rétt hálfnað.

Eins og áður segir, býður Hekla ID.3 í tveimur útfærslum. Life, ódýrari týpan, er með allt sem þig raunverulega vantar – fyrir utan mjóbaksstuðning. ID.3 Life er á 6.090.000 krónur án vsk., sem má teljast gott verð, enda um vandaða bifreið að ræða og fáir gallar sem hægt er að benda á. Kaupendur þurfa þó að glíma við þá úlfakreppu að ódýrasta útgáfan af Tesla Model 3, sem er betur búin og með lengri drægni, er á næstum sama verði.

## SÖFNIN Í LANDINU





# Á döfinni á Skógasafni í sumar

**Það er ýmislegt fram undan á Skógasafni í sumar. Þann 22. júlí fer fram hin árlega jazzhátíð í Skógum, Jazz undir Fjöllum.**

Er þetta í tuttugasta sinn sem hátíðin er haldin, því er stefnt að veglegri afmælishátíð með tónleikum í Freyu Café í Samgöngusafninu. Í sumar verða að venju teknir bílar úr geymslunni sem ekki er pláss fyrir á sýningu og þeir sýndir fyrir framan Samgöngusafnið. Þar verða til sýnis Wolseley 1963 árgerð, Volvo Viking frá árinu 1961 sem Baldur S. Kristensen ók meira en 2 milljónir km, Moskvitch frá árinu 1974 ásamt mörgum öðrum bílum. Einnig bætist stöðugt við safnkostinn og sýningar safnsins.

### *Íslensk útvarpstæki*

Á síðasta ári var settur upp nýr sýningarskápur í Samgöngusafninu með útvörpum sem voru framleidd á Íslandi. Í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar var mikil fátækt á Íslandi og erfitt var að fá útvörp erlendis frá. Árið 1933 var Viðtækjasmiðja Ríkisútvarpsins stofnuð í þeim tilgangi að framleiða ódýr útvarpstæki sem næðu útsendingum Ríkisútvarpsins. Frá árunum 1933–1949 voru framleidd um 2.000 tæki og í sýningarskápnum má sjá allar tegundirnar sem framleiddar voru á þessu tímabili. Útvarpstækin fengu nöfn eftir hvaða landshluta þau voru framleidd fyrir. Fyrsta tækið sem framleitt var kallaðist „Suðri“ og var hugsað fyrir Reykjavík og nágrenni. Næst kom „Vestri“ sem náði útsendingum betur á Vestfjörðum og vesturhluta Norðurlands. Næst í röðinni var „Austri“ fyrir Austurland og síðan voru einnig smíðuð útvörp fyrir skip og sumarbústaði. Í sýningarskápnum í Samgöngusafninu er hægt að kynna sér þessa áhugaverðu sögu og sjá öll útvarpstækin sem framleidd voru á Íslandi á þessum árum.



### *Chevrolet mjólkurbíll árgerð 1942*

Í Samgöngusafnið er kominn Chevrolet mjólkurbíll frá árinu 1942. Bíllinn er með sérsmíðuðu íslensku húsi og mjólkurbrúsapalli sem smíðað var í Bifreiðasmiðju Kaupfélags Árnesinga á Selfossi. Kaupfélagið flutti bílinn inn nýjan árið 1942 og rak stóran flota mjólkurbíla af þessari gerð þar til Mjólkurbú Flóamanna tók við rekstrinum um miðja öldina. Bíllinn annaðist mjólkurflutninga úr sveitum Suðurlands til Mjólkurbús Flóamanna. Bílstjórarnir sáu einnig um farþegaflutninga og komu pósti, bögglum og nauðsynjavöru til bænda. Hafist var handa við að gera bílinn upp árið 1992 af Hinriki Thorarenssyni, Helga Magnússyni ásamt fleirum í samstarfi við Mjólkurbú Flóamanna. Bíllinn er merkilegur hluti af samgöngusögu Íslands og var gefinn Skógasafni árið 2021. Núna sómir hann sér vel í Samgöngusafninu.

Stöðugt bætist við safnkost safnsins og margt nýtt að sjá. Það er því tilvalið að koma í heimsókn á safnið í sumar og virða fyrir sér alla gripina sem er að finna í Skógasafni. Safnið samanstendur af Byggðasafni, Húsasafni og Samgöngusafni og allir ættu að geta fundið eitthvað áhugavert að skoða.

*Andri Guðmundsson,*
*forstöðumaður Skógasafns.*









## KROSSGÁTA Bændablaðsins




### Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

MATARKRÓKURINN

# Stórsteikur á sumargrillið



Haraldur Jónasson
haraldur@gmail.com

**Stundum, kannski eins og einu sinni yfir sumartímann, reynist löngunin í vel fitusprengdan nautakjötsbita öllu öðru yfirsterkari. Þá er líka að láta það eftir sér þrátt fyrir að steikur eins og rifjarauga og T-bein kosti orðið ansi margar krónur.**

Þegar þessi stórsteikurlöngun hellist yfir mig reyni ég, frekar en að hugsa um krónurnar, að hugsa um hvað fer í að búa þennan kjötbita til. Ég hugsa til þeirra bænda, þetta er jú Bændablaðið, sem rækta dýrin. Sum í mörg ár áður en þeim er slátrað. Eins og í tilfelli nautakjöts. En líka fjárbændurna sem, þrátt fyrir að lömbin séu svo gott sem sjálfala, þurfa að passa ættartölur stofna sinna, standa í sauðburði, göngum og réttum. Já og auðvitað veseni á fengitíma og að gefa kindum sínum tvisvar á dag í hvaða veðri sem er.

Líka gott að hugsa stundum til grænmetisbænda, svona heilsunnar vegna.

*Að bitanum*

Af því að þetta er dýrt og ég þarf helst að kolefnisjafna kjötbitana vil ég gjarnan hámarka upplifunina af matnum. Í þessu tilfelli er um að ræða rúmlega 300 gramma steikur hátt á fjórða sentímetra þykkar. Steikurnar eru ekki þurraldraðar (e. dry aged) heldur bara eins og þær koma frá sláturaranum. Mjúkar og rauðar. Til að þurrka yfirborðið aðeins svo þær brúnist betur er gott að salta steikurnar vel sólarhring eða svo áður en þær fara á grillið. Ekki óttast að við þetta þurrkist nær allur kjötsafinn upp. Því nær allur vökvinn sem saltið dregur upphaflega út fer aftur inn og með kraftaverki vísindanna osmósast saltið inn í kjötið í leiðinni. Yfirborðið þornar örlítið og dökknar reyndar líka talsvert. Aftur, ekki vera hrædd við það. Passa þó að láta loft leika um allan bitann. Ég setti kjötið yfir bambusspjót í ofnbakka og lét það neðst í kæliskápinn.

*Grilltími*

Eftir sólarhring eða svo, ég var með mitt í tvo af því að ég nennti ekki að grilla í grenjandi rigningu, er gott að taka kjötið úr ísskápnum sirka klukkutíma fyrir eldun. Þannig næst mesti hrollurinn úr bitunum.

Þá er að hita grillið. Ég notaði gasgrill en kolagrill er auðvitað aðal sumarstemmarinn. Á bara ekki kolagrill hérna í Kópavoginum. En hvort sem við erum með gas eða kol þarf að nota lokið. Á kolagrilli eru öll loftgötin opnuð í botn til að ná sem mestum hita. Á gasgrilli er allt skrúfað upp í 11 til að hita grillið. Trixið mitt, þegar ég grilla á gasi, er að vera með sæmilegan harðviðarkubb á grillteinunum. Þannig verður til reykurinn sem svo oft vantar. En það verður að vera harðviður. Alls ekki fura eða annað greni og heldur ekki ösp. Birki ætti að vera í lagi en helst þurr útlenskur harðviður því hann sótar minnst. Passa svo að það kvikni ekki í viðnum. Líka hægt að kaupa kubba eða spæni og setja í box. Ég er hættur að nenna að standa í því og hegg í staðinn sæmilegan lurk til og set beint á grillgrindina.

*Steikurnar*

Með svona fína kjötbita er um að gera að láta kjötbragðið njóta sín sem best og eina kryddið sem þarf er pipar. Jafnvel hægt að sleppa honum ef kjötbragðið á að njóta sín til fulls. Það þarf ekki að salta meira því það er búið að osmósast inn í bitann.

Svona þykkir bitar þurfa svolítinn grilltíma. Fyrst tvær mínútur með lokið niðri á öskurheitu grillinu, svo er gott að snúa kjötinu 90 gráður en hafa á sömu hlið, til að fá sem mesta brúningu. Þannig voru þær í aðrar tvær mínútur. Þá var bitanum loks flippað og hin hliðin fékk sömu meðferð. Samtals 8 mínútur ef stærðfræðin bregst ekki. Þynnri bitar þurfa ekki mikið meiri grillun en þetta. Um að gera að pota svolítið í kjötið til að fá tilfinningu fyrir hversu mikið eldað það er. Það á að vera stinnt en ekki hart þegar það fer af grillinu. Mínir bitar þurftu sirka eina og hálfa mínútu í viðbót á hvorri hlið. Af því að ég var hræddur um að ofelda kjötið hafði ég grillið opið í restina.

Þeir sem eiga kjöthitamæli geta sett hann í miðjuna á bitanum og mælt hitann. Muna bara að kjötið heldur áfram að hitna eftir að það kemur af grillinu. Þannig að kjöthitamælafólk þarf að taka bitann af grillinu allt að 5 gráðum kaldari en hann á að vera í lokin.

Ég og mín fjölskylda erum ekki sérstaklega hrifin af hráu kjöti og börnin vilja vel eldað. Minn ákjósanlegi nautakjöthiti er rúmlega 60 gráður. Þegar það er batterí í kjöthitamælinum mínum og hann tiltækur tek ég það af rétt áður en talan 60 birtist. Fer reyndar eftir hvaða biti er á grillinu, 58 ish gráður fyrir rifjarauga. Því ég vil að fitan sé farin að bráðna og aðeins farið að losast um tengivefinn.



*Kærkomin hvíld*

Sama hver draumahitatalan er er nauðsynlegt að hvíla svona stóra kjötbita vel. Algert lágmark er 5 mínútur. En 10 mínútur eða jafnvel korter er enn betra. Ég breiði ekki álpappír eða neitt annað yfir kjötið. En ég set þó sæmilega smjörklípu á kjötið. Það bráðnar saman við kjötsafann sem mögulega lekur af.

Þegar kemur að því að bera matinn fram sker ég bitana niður í sneiðar. Ekki þunnar en ekki of þykkar heldur. Rifjaraugað er steik skorin úr löngum vöðva og því liggja vöðvaþræðirnir þvert á steikina. Því skiptir ekki höfuðmáli í hvaða átt skorið er til að bitinn verði lungamjúkur. Smjörkjötsafanum sem eftir verður á skurðarbrettinu er svo hellt yfir bitana niðurskornu og þeir smakkaðir til með salti ef með þarf.

*Meðlæti*

Kjötið er aðalatriðið en með steikinni er um að gera að bera fram fjölbreytt meðlæti. Grilluð kartafla er náttúrlega klassísk. Þar kemur álpappír sterkur inn. Því innpökkuð kartafla soðin í eigin safa verður lungamjúk og flöffí. Gott að grilla þær svo berar í lokin til að þurrka hýðið og fá í það gott grillbragð. Sósa á karföflurnar getur verið helmingaskipt mæjónes og sýrður rjómi; hvítlauksduft, salt og pipar. En auðvitað er líka hægt að drekkja henni bara í smjöri og salti. Bregst aldrei.Til að heiðra grænmetisbændurna svo enn frekar, ekki bara af því að salat er hollt því það er líka gott, er um að gera að útbúa ferskt salat með. Rósasalat, radísur, kirsuberjatómatar, smá spínat og klettasalat saxað í litla bita með sáraeinfaldri salatdressingu er geggjað með steikinni. Í dressingu sem dugir á salat fyrir fjóra til sex fara 3 matskeiðar af góðu mæjónesi, Tvær matskeiðar af leginum af ólífum eða öðru sýrðu grænfóðri úr krukku. Teskeið af sinnepi, salt og pipar. Allt sett í krukku og hrist saman og hært út í salatið.

Fylltir sveppir eru líka ljómandi á grillið. Lögurinn var tvö maukuð hvítlauksrif, saxaður jalapenjó, matskeið af hvoru, smjöri og sultu frá Helvítis kokkinum gerð úr sama eldpipar. Brætt saman með smá salti og pipar í nokkrar sekúndur. Grillað þangað til mjúkt og flott. Maísstönglar eru líka frábærir á grillið. Koma meira að segja í eldheldum umbúðum frá náttúrunnar hendi.

Ef svo ólíklega vill til að það verði afgangar er svo eina vitið að skella í steikarsamloku í hádeginu – en það er önnur saga.

ERFINGJAR LANDSINS

## Með heimalningana í vasanum

**Magnús Snorri Unnsteinsson er duglegur og flottur strákur sem gæti alveg hugsað sér að borða kokteilsósu með skeið.**



**Nafn:** Magnús Snorri Unnsteinsson.

**Aldur:** Verður átta ára 3. nóvember.

**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

**Búseta:** Syðstu-Fossum.

**Skóli:** GBF Hvanneyrarskóla.

**Skemmtilegast í skólanum:** Búbla – hvíldar- og kósítími.

**Áhugamál:** Mér finnst skemmtilegast að vera úti að leika við heimalningana.

**Uppáhaldsdýrið:** Kindur.

**Uppáhaldsmatur:** Pítsa á Grillhúsinu Skallagrímur, ís, franskar kartöflur og kjúklingur. En það verður að vera kokteilsósa með frönskunum, annars eru þær mjög vondar.

**Uppáhaldslag:** Lög úr Draumaþjófnum.

**Uppáhaldslitur:** Blár.

**Uppáhaldsmynd:** Clone Wars t.d.

**Fyrsta minningin:** Einhvern veginn man ég þegar ég lá á leikteppinu mínu þegar ég var pínulítill.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Að klappa elstu kindinni okkar sem við þurftum að láta fara, enda var hún orðin tannlaus. Svo er líka gaman að heimsækja frænku mína sem býr fyrir norðan. Mér fannst það rosalega gaman í fyrsta skiptið man ég. Hún heitir Magga og býr á Hriflu 2.

## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 3 | | | | 8 | 2 |
| | | | 8 | | | 1 | 4 | 9 |
| | 8 | 5 | 1 | | 4 | | | |
| | | 1 | | 3 | 7 | 8 | 2 | |
| 9 | 3 | 2 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | 6 | | 4 | | 3 |
| 8 | | | 7 | | | 2 | 3 | 1 |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |
| 7 | | | 6 | 1 | 8 | | | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 2 | | 8 | | 4 | |
| | 3 | | 4 | 6 | | | 8 | |
| | | 9 | | | | | 1 | |
| | | | 9 | | 4 | 7 | | |
| | | 1 | | | 3 | | 2 | 6 |
| | 2 | | | | 7 | | | 4 |
| | | 5 | | | | | | 3 |
| 2 | | | | | | | | |
| | 9 | | | | | | 7 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 6 |
| | 8 | 1 | | | 5 | | | 9 |
| | | | | | 7 | | 8 | |
| 9 | | 8 | | 1 | 6 | 2 | | |
| | 2 | | 4 | 8 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 7 | 9 | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 5 | | 3 | | | | |
| 1 | | 2 | | | 9 | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | | | 8 |
| 6 | | | | 9 | 2 | 7 | | |
| 7 | | | | | | 3 | | |
| | | 5 | | 6 | | | 2 | |
| | | 6 | 9 | | | | | 4 |
| | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 3 | | 1 | | | 8 | |
| | 8 | | 2 | | | 1 | | |
| 5 | | | | | | 6 | | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Rósa

## - Upplögð í sumarprjónið

| Stærðir: | S | M | L | XL |
|---|---|---|---|---|
| Yfirvídd: | 94 | 100 | 111 | 120 |

**Efni: Þingborgarlopi og tvíband.** 450-450-500-550 g lopi í aðallit. 100 g lopi mynsturlitur 1, 50 g skraut-tvíband mynsturlitur 3, 20 g af hverjum hinna, litaður lopi eða jurtalitað tvíband.Einnig fást í Þingborg pakkningar með passlegu magni af efni í peysuna.

**Sokkaprjónar** 4 og 5 mm
**Hringprjónar** 4 og 5 mm
40 og 80 cm langir

**Prjónfesta:**
14 l og 23 umf í sléttu prjóni
= 10 x 10 cm
Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring, á opinni peysu eru prjónaðar 2 aukalykkjur upp alla peysuna, fitjaðar upp að loknu stroffi að neðan.

**Bolur:**
Fitjið upp 132-140-156-168 l á 4 mm 80 sm hringprjón, prj stroff í hring 6-8 sm. Skiptið yfir á 5 mm 80 sm hringprjón þegar stroffi er lokið. Prjónað sl uns bolur mælist 38-46 sm. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið viðkomandi og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan.) Á dömupeysu er fallegt að gera ,,mitti" á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 l hvoru megin, *prj 2 l saman, prj 1 l, prj 2 l saman*.

Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknar úr 12 l. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda.







Mælið ykkur og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan og hvar þið viljið að úrtaka byrji.

**Ermar:**
Fitjið upp 32-36-36-40 l á 4 mm sokkaprjóna prjónið stroff í hring 6-8 sm. Skiptið yfir á 5 mm sokkaprjóna þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 l undir miðri ermi, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu l í umf). Endurtakið aukningu 8-8-9-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umf á milli, þar til 50-54-56-60 l eru á prjóninum.

Skiptið yfir á 40 sm 5 mm hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

**Axlastykki**:
Sameinið nú bol og ermar á 5 mm 80 sm langa hringprjóninn. Setjið 5-5-5-6- síðustu l og 5-5-6-6- fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu.
Setjið 10-10-11-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol.

